

**SHALDÖR**  
skoðun 22

**2 SÉRBLÖÐ**  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Skór

**Skór**  
Allt  
Skór

MYND Í LEIKSTJÓRN **BALTASARS KORMÁKS**  
**INHALE**  
HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?  
Nú í bíó **SMÁRR** bíó **HÁSHÓLA** bíó **seña**

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur  
4. nóvember 2010  
259. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**



**Halldóra Gunnarsdóttir**  
Heldur fyrirlestur um ástina í Öskju.  
**tímamót 28**

**Á tímamótum**  
Marín Manda er komin með heimprá eftir níu ár í Kaupmannahöfn.  
**fólk 58**



**Meistarajafntefli**  
Real Madrid náldi í dramatískt jafntefli gegn AC Milan í gær.  
**sport 52**


**veðrið í dag**

**SKÝJAÐ OG VÍÐA ÉL** Í dag má búast við N- og NA-áttum, víða 5-10 m/s en heldur hvassara verður við suðausturströndina. Horfur eru á éljum víða um land. Vægt frost norðan til en allt að 4°C allra syðst.  
**VEÐUR 4**

## Tekjulágir misstu minnst

Kaupmáttur tekjulægstu heimilanna dróst saman um 6,6 prósent á milli ára í fyrra. Þeir sem hafa hæstu tekjurnar misstu hins vegar 28,2 prósent kaupmáttar. Sýnir að stjórnvöld vörðu tekjulága, segir prófessor.

**KJARAMÁL** Kaupmáttur tekjulægstu heimila landsins skertist um 6,6 prósent á milli ára í fyrra eftir skatt og er kaupmáttur þeirra samþærigur og árin 2006 til 2007. Á sama tíma skertist kaupmáttur þeirra tekjuhæstu um 28,2 prósent. Hann færðist aftur um sex ár ef miðað er við lok síðasta árs. „Þetta sýnir að aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem áttu að milda áhrif kreppunnar á lægri tekjuhópa hafa gengið eftir. Þeim var hlíft við áhrifum skattahækkana,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og forstöðumaður Þjóðmálastofnunar, sem fjallar um málið í nýjasta fréttabréfi sínu. Umfjöllunin byggir á þróun launatekna samkvæmt álagningu Ríkisskattstjóra síðastliðin tvö ár. Þar kemur fram að launatekjur



drógust almennt saman um fimmtán prósent milli árána 2008 og 2009 á sama tíma og fjármagnstekjur af arði, vöxtum og söluhagnaði drógust saman um 36 prósent að raunvirði. Stefán bendir á að tekjulægstu heimilin hafi notið góðs af hækkun

persónuafsláttar og barna- og vaxtabóta í fyrra á sama tíma og auðlegðarskattur, lægri fjármagnstekjur og rýrari launatekjur komu harðar niður á tekjuhæsta hópnum. „Tekjur þessa hóps hækkuðu mikið meira en annarra áður. Hann er enn með tvöfalt meira

forskot,“ segir Stefán og bætir við að þrátt fyrir skerðingu tekjuhæsta hópsins hafi kaupmáttur hans verið 37,7 prósentum hærrí í lok árs 2009 en árið 2000. Kaupmáttur tekjulægsta hópsins jókst um 18,4 prósent á sama tíma. Stefán telur spár um allt að tuttugu prósent kaupmáttarrýrnun hafa gengið eftir að mestu í fyrra. Búast megi við bata á þessu ári og því næsta. Kjarasamningar verða lausir í lok mánaðar. Fram kom á vaxtaákvörðunarfundum Seðlabankans í gær að launahækkun umfram 3,5 til 4,0 prósent geti tafið fyrir bata efnahagslífsins. Stefán bendir á að haldist laun í hendur við verðbólgu þá muni kaupmáttur haldast óbreyttur. „Allt undir því er kjaraskerðing,“ segir hann. - **jab / sjá síðu 6**



**71 ÁR SKILUR AÐ** „Ég ætla að fá að leggjast í sófann,“ sagði Ingibjörg þegar hún hafði tekið á móti gestunum. Hún fótbrotnaði nýlega og er rétt farin að ganga aftur en ætlar ekki að láta það aftra sér frá því að mæta á Þjóðfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Elsti og yngsti fulltrúinn á Þjóðfundinum eru bjartsýnir á skynsama niðurstöðu: Önnur 89 – hin ekki orðin átján

**FÓLK** „Þeir báðu mig að mæta. Ef allir segðu nei, hvað þá? Einhver verður að vinna skítverkin,“ segir Ingibjörg Tönsberg. Hún er á leið á Þjóðfundinn í Laugardalshöll um helgina og er elsti fulltrúinn á þinginu, 89 ára gömul. Hún viðurkennir þó að hafa alla tíð haft áhuga á stjórnskránni. Steinunn Hlíf Guðmundsdóttir

er yngsti fulltrúinn á fundinum, verður ekki átján ára fyrr en seint í mánuðinum. „Þetta verður örugglega gott í reynslubankann,“ segir hún. Fréttablaðið hitti þær saman á heimili Ingibjargar í gær og fræddist um skoðanir þeirra á fundinum og fyrirhugaðri endurskoðun á stjórnskránni. Þær segjast ekki hafa myndað

sér sérstaka skoðun á því hvað megi betur fara í Stjórnarskrá Íslands, en Ingibjörg tiltekur þó að sjálfstæðið sé mikilvægast af öllu. Þær telja að þrátt fyrir að 71 ár skilji þær að í aldri séu þær sennilega að stórum hluta sammála um grunnildin. Markmiðið sé ósköp einfaldlega að allir hafi það sem best. - **sh / sjá síðu 8**

## Karl Júlíusson í góðum hópi: Vinnur með Bigelow á ný

**FÓLK** Karl Júlíusson leikmynda-hönnuður hefur verið beðinn um að vinna að næstu mynd Katrín Bigelow sem kom, sá og sigraði á síðustu Óskarsverðlaunahátíð með kvikmyndinni The Hurt Locker. Kvikmyndin gengur undir nafninu Sleeping Dogs og gerist í Suður-Ameríkulöndunum Paragvæ, Argentínu og Brasilíu en myndin sjálf verður væntanlega tekin upp í Argentínu og Síle. „Verkefnið verður ekki stærra en þetta,“ segir Karl í samtali við Fréttablaðið en Tom Hanks og Johnny Depp munu væntanlega leika aðalhlutverkin. - **fgg / sjá síðu 58**



**Marg-slungin!**  
Ný bók eftir Paulo Coelho

**Ötull, dáður, umdeildur**  
Kristján Jóhannsson óperusöngvari leggur spilin á borðið í áhrifamikilli ævisögu

**KRAKKA DAGAR**  
4.-8. NÓVEMBER



Sigurður, er ekki að minnsta kosti ástæðulaust að leyfa blindflug yfir Þingvöllum?

„Jú, væri það ekki svolítið tilgangslaust flug yfir Þingvöllum?“

Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður hefur lagt til í Þingvallanefnd að reglur verði settar um flug yfir friðlandinu. Mikili er um útsýnisflug yfir Þjóðgarðinum.

Exeter-málið fyrir dómi:

## Segir hleranir ólögsmætar

**DÓMSMÁL** Ragnar H. Hall, verjandi Styrmis Þórs Bragasonar, fyrrverandi forstjóra MP banka, sakar sérstakan saksóknara um að hafa hlerað síma skjólstaðings síns án lögmætrar heimildar við rannsókn svokallaðs Exeter-máls. Það hafi verið gert að undirlagi Evu Joly, sem hafi í hvívetna mælt fyrir um óhefðbundnar rannsóknaraðferðir við ráðgjöf sína hjá saksóknara.

Þetta kom fram þegar tekist var á um frávísunarkröfu sakborninganna í málinu fyrir héraðsdómi í gær.

Björn Þorvaldsson saksóknari hafnaði alfarið frávísunarkröfunni, sagði fráleitt að Eva Joly hefði haft „alræðisvald“ yfir embættinu eða spillt málinu og að sakborningar hefðu á tíma meints brots átt að gera sér grein fyrir stöðunni. Þeir hefðu verið að koma sér undan ábyrgðum þegar bankarnir voru að falla.

- sh

Úrgangur í erlendum skipum:

## Biðu í vari við Íslandsstrendur

**UMHVERFISMÁL** Tvö erlend flutningaskip sem voru meðal annars með hættulegan úrgang um borð biðu af sér váleg veður fyrir sunnan land í fyrrinótt.

Um borð voru nokkrir gámar sem innihéldu meðal annars úraníum hexaflúoríð, sem er geislavirkt efni sem notað er við framleiðslu á eldsneyti fyrir kjarnakljúfa og kjarnavopn.

Að sögn vaktstjóra Landhelgisgæslunnar var Gæslunni kunnugt um farminn, en ekki var mikil hættu á ferðum. Tryggingafélög skipanna vildu að skipin biðu af sér veðrið, sem þau og gerðu, 30 mílur út af suðurströndinni.

- þj

Ekkert bendir til þess að eldsumbrot séu yfirvofandi í Grímsvötnum eftir könnunarflug í gær:

# Hlaupið í Gígjukvísl hefur náð hámarki

**NÁTTÚRA** Engin merki sáust um eldsumbrot þegar sérfræðingar á sviði jarðvísinda og vatnamælinga flugu yfir Grímsvötn og Skeiðarársand í gær. Í þessu könnunarflugi með TF Síf, flugvél Landhelgisgæslunnar, var verið að skoða aðstæður eftir að mælar Veðurstofunnar höfðu sýnt talsverðan óróa í fyrrinótt. Þó kom í ljós að ís virðist hafa hrunið niður í einum sigkatli við Grímsfjall.

Hlaup úr Grímsvötnum í Gígjukvísl virtist einnig hafa náð hámarki þar sem útlit var fyrir

að allt vatn væri runnið úr Grímsvötnum og jarðhræringar gáfu ekki til kynna að eldgos væri yfirvofandi í gærkvöldi.

Takmarkaðar skemmdir hafa orðið í hlaupinu, sem hófst á sunnudag. Vatnsflæðið er talið hafa verið nálægt 3.000 rúmmetrum þegar hlaupið náði hámarki sínu.

Einu skemmdirnar sem hlutust af hlaupinu var þegar ísjaki braut niður háspennumastur sem varð til þess að rafmagnslaust var um hríð í nærsveitum.

-þj



**HORFT OFAN Í SÍGKETIL** Engin merki sáust um eldsumbrot þegar vísindamenn flugu yfir Grímsvötn í gær. Þó kom í ljós að ís virðist hafa hrunið niður í einum sigkatli við Grímsfjall.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

# Ósamið um fébætur fyrir Hótel Valhöll

Tryggingabætur vegna bruna Hótel Valhallar eru ófrágengnar. Brunabótamat var 270 milljónir. Tryggingafélagið vill 15 prósentu afslátt verði húsið ekki byggt á sama stað. Það er alveg óákveðið. Hugmyndasamkeppni er í burðarliðnum.

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið og tryggingafélagið Vörður hafa ekki lokið samningum um uppgerð vegna bruna Hótel Valhallar á Þingvöllum í júlí 2009.

Brunabótamat byggingarinnar var ríflega 270 milljónir króna en óvíst er hver endanleg bótafjárhæð verður. Þingvallanefnd leggur mikla áherslu á að bótaféð skili sér austur í Þjóðgarðinn. Bæturnar verða jafnvel aðeins um 230 milljónir vegna afsláttarákvæða og hugsanlega enn minna, verði miðað við metið markaðsverð.

„Við vitum öll að þegar ríkissjóður er rekinn með jafn miklum halla og hann er núna þiggja menn alla peninga sem kunna að koma, hvort heldur eru tryggingabætur eða annað. Við viljum aðeins á rétta að þessir fjármunir nýtist til þess sem er verið að bæta með þeim og fari til uppbyggingar í Þjóðgarðinum,“ skýrir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, afstöðu nefndarinnar.

Sigurður Óli Kolbeinsson, yfirmaður tónnadeildar hjá Verði, bendir á að í lögum segi að bætur megi aðeins greiða til að gera við húseign sem skemmt hefur við bruna eða til endurbyggingar.

„Tryggingafélögum er óheimilt að borga bætur nema í samræmi við framvindu á endurbótum eða endurbyggingu þess sem brann. Þá þarf að liggja fyrir að einhver ætli að byggja aftur. En síðan segir að váttrygginga sé heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld – gegn því skilyrði að fimmtán prósent dragist



**HÓTEL VALHÖLL** Þjóðgarðurinn á Þingvöllum missti mikið úr innviðum sínum þegar Hótel Valhöll brann 9. júlí í fyrra, segir Þingvallanefnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

### Valhöll í tímans rás

**1898** Hótel Valhöll rís, byggt á teikningum Guðjóns Samuélssonar.

**1929** Húsið flutt á endanlegan stað og stækkað fyrir Alþingishátíðina árið 1930.

**2002** Hótel Valhöll kemst í ríkiseigu.

**2009** Hótel Valhöll brennur til grunna.

frá bótafjárhæð reyndar,“ útskýrir Sigurður Óli og bendir á að ekkert liggja fyrir um hvort hótelið verði endurbyggt. Lögin kveði á

um að byggja eigi hús á sama stað og í sömu mynd til að fá bætur – þótt heimilt sé að veita undanþágu frá byggingarskyldunni eins og fyrr segir.

Álfheiður Ingadóttir segir alls ekki búð að slá það út af borðinu að endurbyggja á Valhallarreitnum. Sumir telji staðinn og þjónustuna þar jafnvel hafa verið hjarta Þjóðgarðsins.

„Ég tel að það sé enginn flötur á þessum fimmtán prósentu afslætti enda veit ég ekki af hverju menn ættu að gefa sér að það verði ekki byggt – það hefur engin ákvörðun verið tekin um að gera það ekki,“ segir Álfheiður, sem kveðst búast við að Þingvallanefnd gangi formlega frá hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í Þjóðgarðinum á næsta fundi sínum.

gar@frettabladid.is



**VERÐLAUNAHAFI** Helgi Hjörvar afhendir Lasse Thoresen tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

MYND/NORDEN.ORG

Hátíðarhöld Norðurlandaráðs:

## Verðlaun veitt fyrir ýmis afrek

**MENNING** Norðurlandaráð afhenti í gær verðlaun fyrir afrek á sviðum bókmennta, kvikmyndagerðar og tónlistar og í fyrsta sinn voru Norrænu náttúru- og umhverfisverðlaunin veitt.

Hin finnska Sofi Oksanen fékk bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína Hreinsun, Lasse Thoresen fékk tónlistarverðlaunin og Danirnir Thomas Vinterberg, Tobias Lindholm og Morten Kaufmann fengu verðlaun fyrir kvikmynd sína Submarino.

Þá deildu þrjár norrænir bankar með sér náttúru- og umhverfisverðlaunum fyrir sjálfþæra bankastarfsemi.

- þj

Þrjátíu óhöpp í umferðinni:

## Margir bílar voru vanbúnir

**SAMGÖNGUR** Þrjátíu umferðaróhöpp urðu í umferðinni í höfuðborginni á milli klukkan tvö og hálf tíu í gær. Árekstrarnir voru misalvarlegir en meislö öku-manna og farþegar minni háttar. Í tveimur tilvikum hlaut fólk óveruleg meislö.

„Bílarirnir voru margir vanbúnir, ökumenn ekki viðbúnir snjókomu,“ segir Ólafur Á. Knútsson, varðstjóri í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

- jab

## Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.



MYNNA HÖND/ÞÍA - 09-2846

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna sammála um að auka samstarf ríkjanna:

## Sendiráð ríkjanna verði samnýtt

**NORÐURLÖND** Samstarf Norðurlandanna um utanríkisþjónustu verður aukið á næstunni, meðal annars með því að norrænu ríkin reki sameiginlegar sendiskrifstofur eða bjóði sendifulltrúum annarra Norðurlanda aðstoðu þar sem eitt eða fleiri þeirra hafa nú þegar sendiskrifstofu.

Einnig er hugmyndin sú að sendiráð norrænna landa geti veitt íbúum hinna norrænu landanna aðstoð í ríkjum þar sem þau eru ekki með sendifulltrúa.

Ákvörðun um þetta var tekin í gær á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í tengslum við Norðurlandaráðsþing í Reykjavík. Þessar hugmyndir eru byggðar á skýrslu Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála, sem hann afhenti utanríkisráðherrum Norðurlandanna í febrúar á síðasta ári.

Á blaðamannafundi ráðherranna í gær sagði Lene Espersen, utanríkisráðherra Danmerkur, að skýrsla Stoltenbergs væri mikilvægt framlag til umræðu um samstarf Norðurlandanna. Á henni yrði byggt í mörgum atriðum til framtíðar.



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR NORÐURLANDANNA** Össur Skarphéðinsson, Jonas Gahr Støre frá Noregi, Lene Espersen frá Danmörku, Alexander Stubb frá Finnlandi og Carl Bildt frá Svíþjóð á blaðamannafundi á Grand Hotel í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á fundi sínum ræddu ráðherrarnir um samstarf Norðurlandanna á fleiri sviðum, meðal annars í öryggismálum.

- gb

# Útiseriur

Litir: RAUÐ, MARGLIT, GLÆR

40 ljósa útisería m/straumbreyti

999,-

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ ↓  
HÚSASMÍÐJUNNAR\*

## JÓLIN ERU KOMIN í Húsasmíðjuna og Blómaval

Jólastjarna

1.299

EGGER

1.190 kr/m<sup>2</sup>

EGGER

Lika til í hnotu

989 kr/m<sup>2</sup>

Hvíttaður  
Eikarplanki  
Plastparket 6mm  
146955

Eik 3ja stafa  
Plastparket 6mm,  
líka til í hnotu  
146956

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ ↓  
HÚSASMÍÐJUNNAR\*

Húsasmíðjublaðið  
er komið út!

2 Rafhlöður

Biti og borasett

10 ltr.

4.495,-

3.980,-

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ ↓  
HÚSASMÍÐJUNNAR\*

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ ↓  
HÚSASMÍÐJUNNAR\*

Innimálning  
Góð veggmalning  
innan húss  
Gljástig 10.  
7119961



HÚSASMÍÐJAN

**Munið** konukvöldið í kvöld  
Selfoss, Dalvík, Akranes, Reykjanesbær, Egilsstaðir  
Nágrannakvöldið í kvöld í Grafarholti

blómaval

\*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmíðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmíðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

| GJALDMÍDLAR     | KAUP SALA |        |
|-----------------|-----------|--------|
| Bandaríkjadalur | 109,86    | 110,38 |
| Sterlingspund   | 177,21    | 178,07 |
| Evra            | 154,26    | 155,12 |
| Dönsk króna     | 20,687    | 20,809 |
| Norsk króna     | 18,83     | 18,94  |
| Sænsk króna     | 16,541    | 16,637 |
| Japanskt jen    | 1,3584    | 1,3664 |

SDR 173,61 174,65

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,1355

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Forstöðumaður Þjóðmenningarhúss segir í athugun hvort landsdómur þingi þar: Mundi ekki raska starfi hússins

**LANDSDÓMUR** „Þetta hefur komið til tals og verið í athugun ásamt einhverjum öðrum kostum, geri ég ráð fyrir,“ segir Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhúss, um þá hugmynd að þinghald landsdóms verði í húsinu.

„Hins vegar er það ákvörðun stjórnvalda, sem ráða yfir og eiga þetta hús, hvað við það er gert.“ Starfsfólk hússins hafi í sjálfu sér ekki skoðun á því.

Ef til þess kæmi að rétt að yrði í Þjóðmenningarhúsinu segist Markús gera ráð fyrir



**MARKÚS ÖRN ANTONSSON** Segir bókasalinn í Þjóðmenningarhúsinu rúma um 150 manns – þó færri ef landsdómur yrði þar.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

ad augu manna beinist fyrst og fremst að bókasalnum svo-

kallaða, sem er gamli lessalur Landsbókasafnsins.

Þar eru reglulega haldnir viðburðir og þegar þétt er setið í salnum rúmar hann um 150 áhorfendur, sem er um tvöfalt það sem kemst fyrir í stóra salnum í Hæstarétti. Markús bendir þó á að þeir sem aðild eiga að réttarhöldunum þyrftu töluvert rými sem jafnan sé notað undir gesti salarins.

Markús gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að landsdómur fengi inni í húsinu yrðu þar áfram sýningar sem ýmist standa yfir nú þegar eða eru fyrirhugaðar.

## Ung móðir frá Rúmeníu: Tíu ára stúlka fæddi barn

**SPÁNN, AP** Tíu ára gömul stúlka fæddi stúlkebarn í borginni Jerez de la Frontera á Spáni nýverið. Stúlkan, sem er frá Rúmeníu, kom til Spánar um þremur vikum áður en hún átti barnið. Faðir barnsins er þrettán ára.

Barnaverndaryfirvöld meta nú hvort móðirin unga og fjölskylda hennar fái að halda barninu.

Móðir stúlkunnar hefur sagt spænskum fjölmiðlum að dóttur sinni og dótturdóttur heilsist vel. Hún segist raunar ekki skilja athyglina og segir tíu ár eðlilegan giftingaraldur í Rúmeníu.

## Dönsk stjórnvöld gagnrýnd: Hvött til að láta af brottrekstri

**NORÐURLÖND** Mikil óánægja er í Norðurlandaráði með þá starfsvenju danskra stjórnvalda að vísa ríkisborgurum annarra norræna ríkja úr landi ef þeir njóta félagslegrar aðstoðar í Danmörku.

Á fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík var í gær samþykkt með 58 atkvæðum gegn fimm að hvetja dönsku ríkisstjórnina til að hætta brottrekstri fólks vegna félagslegrar aðstoðar.

Karen Elleman, samstarfsráðherra Dana, hafnar því í skýrslu til Norðurlandaráðs að þessi starfsvenja brjóti gegn norrænum sáttmálum, eins og fullyrt hefur verið.

## Aftöku frestað í Íran: Ashtiani ekki enn tekin af lífi

**MANNRETTINDI** Ekkert varð af því að íranska konan Sakineh Mohammadi Ashtiani yrði tekin af lífi í gær. Talið var að stjórnvöld í Íran myndu láta hængja hana fyrir framhjáhald.

Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, sagði fjölmiðlum að starfsbróðir sinn í Íran hefði staðfest við sig að yfirvöld þar í landi hefðu ekki tekið lokaákvörðun í máli hennar.

Utanríkisráðherrarnorðurlandanna fimm lýstu í gær yfir áhyggjum af stöðu Ashtiani og skoruðu á Írana að milda dóminn og lýstu um leið yfir algerri andstöðu við dauðarefsingar.



**MOHAMMADI ASHTIANI**



Á KAFI Vatnshæðin var mest um þrjú metrar á götum borgarinnar Hat Yai í Suður-Taílandi.

## Úrhelli veldur tjóni í Taílandi: Flóðin í rénun

**TAÍLAND, AP** Gríðarleg flóð í suðurhluta Taílands voru í rénun í gær eftir úrhelli fyrri hluta vikunnar. Borgin Hat Yai fór á kaf í flóðunum og var vatnsdýptin á götum borgarinnar um þrjú metrar á tímabili.

Hermenn aðstoðuðu fólk við að komast leiðar sinnar, en rafmagnslaut er enn á stórum svæðum og farsímasamband takmarkað.

Engar fréttir hafa borist af manntjóni í flóðunum en taílandskir fjölmiðlar segja í það minnsta einn mann hafa farist.

## LEIÐRÉTTING

Forvarnardagurinn var haldinn í öllum grunnskólum landsins í gær, 3. nóvember, en ekki á þriðjudag, 2. nóvember, eins og skýrt var frá í Fréttablaðinu í gær. Forseti Íslands boðaði til blaðamannafundar vegna dagsins í Foldaskóla á þriðjudag.

# Brynjar sakaður um að hafa rofið trúnað

Slitastjórn Glitnis sakar formann Lögmannafélags Íslands um að rjúfa trúnað með því að skrifa lögfræðialit fyrir sjömenningana sem stefnt er í New York. Brynjar starfaði sem ráðgjafi slitastjórnarinnar fyrir í ár. Rangt, segir Brynjar.

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis hefur krafist þess að lögfræðialit Brynjars Níelssonar, formanns Lögmannafélags Íslands, sem nýlega var lagt fyrir dóm í New York, verði metið ógilt. Álit Brynjars er lagt fram af lögmönnum stefndu, svokallaðri klíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og í því hrekur Brynjar þau rök álitsgjafa slitastjórnarinnar að íslenskir dómstólar hafi ekki burði til að takast á við svo umfangsmikið mál og því eigi það heima í Bandaríkjunum.

Slitastjórnin gagnrýnir Brynjar harðlega fyrir að taka ekki fram í álitinu að hann hafi þar til í júlí verið slitastjórninni til ráðgjafar um það hvort vísa skyldi einhverjum öngum málsins í sakamálarannsókn. Sem ráðgjafi hafi hann haft aðgang að öllum trúnaðarupplýsingum sem málið varða. Þann trúnað hafi hann rofið og sé því vanhæfur til að veita álit sitt. Slitastjórnin hefur skorað á Brynjar að afturkalla álitid, en því hafnar hann.

Í bréfi til slitastjórnarinnar kveðst Brynjar við álitsgerðina á engan hátt hafa nýtt sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í ráðgjafarstarfi sínu. Hann hafi einfaldlega talið það rangt mat hjá Þórði S. Gunnarssyni, sem vann álitsgerð fyrir slitastjórnina, að íslenskir dómstólar geti ekki leyst úr jafnstóru skaðabótamáli og málsóknin gegn sjömenningunum er. Hann hafi verið beðinn um að koma þeirri skoðun sinni á framfæri við dóminn og það hafi hann gert.

„Ég tek hins vegar enga

## Hannes og Jón sagðir ljúga í vitnisburði

Í bréfi lögmanna slitastjórnarinnar til dómars Charles E. Ramos er fullyrt að nýleg gögn sem slitastjórninni hafa áskotnast sýni fram á að Hannes Smáráson og Jón Sigurðsson hafi sagt ósatt í eiðsvörnum yfirlýsingum sínum fyrir dómnum.

Annars vegar sé um að ræða samning á milli FL Group og Hnotskurnar hf. um kaup FL á bréfum í Tryggingamiðstöðinni. Hann sýni að Hannes hafi, haft bein áhrif á það að Glitnir lánaði félaginu fyrir kaupunum.

„FL Group mun hlutast til um að Glitnir klári samkomulag við Hnotskurn um losun á 250 milljónum á morgun,“ segir í minnisblaði um viðskiptin sem undirritað er af Hannesi. Slitastjórnin segir að þetta gangi þvert gegn yfirlýsingu Hannesar þess efnis að hann hafi ekki getað tryggt nokkrum lán frá Glitni í krafti stöðu sinnar og hafi aldrei nokkurn tímann reynt að gera það.

Þá hefur slitastjórnin fengið í hendurnar fundargerð af stjórnarfundum FL Group sem sýnir að Jón Sigurðsson kynnti áætlanir um kaupin á Tryggingamiðstöðinni fyrir stjórninni. Hann sagði í vitnisburði sínum að hann myndi ekki til þess að hafa nokkru sinni rætt þau viðskipti eða komið að þeim.



**HANNES SMÁRASON**



**JÓN SIGURÐSSON**

afstöðu til þess hvort einhver önnur sjónarmið eða rök kunni að vera fyrir málshöfðuninni fyrir dómstól í New York,“ segir Brynjar.

Slitastjórninni sé frjálst að senda inn kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna telji hún að yfirlýsingin brjóti gegn lögum um lögmenn og siðareglum Lögmannafélagsins.

„Ég hef meiri áhyggjur af því að hótunin sem fram kemur í bréfi slitastjórnarinnar til mín samræmist ekki góðum lögmannaáttum og kunni að brjóta gegn siðareglum LMFÍ,“ segir Brynjar.

stigur@frettabladid.is



**BRYNJAR NÍELSSON**

**STEINUNN GUBBJARTSDÓTTIR**

**VETRARTILBOÐ**

Nú færðu 25% afslátt af frostlegi, rúðuhreinsi og þurrkublöðum með Staðgreiðslukorti Olís. Sæktu um Staðgreiðslukort á olis.is.

**25% AFSLÁTTUR**

**-3kr. af eldsneyti**

**Olís** Vinur við veginn

**VEÐURSPÁ**

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEGHEIT** Í dag verður fremur hægur vindur á landinu og víða líkur á eljum, einkum við strendur landsins. Á morgun verður úrkomulítið að mestu en á laugar-daginn þykknar upp með slyddu eða rigningu SV-til síðdegis.

**Á MORGUN** Hæg breytileg átt. -1

**LAUGARDAGUR** 8-13 m/s V-til, annars hægari. 5

**HEIMURINN**

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Alicante        | 22° |
| Basel           | 17° |
| Berlín          | 15° |
| Billund         | 10° |
| Frankfurt       | 17° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg       | 10° |
| Kaupmannahöfn   | 10° |
| Las Palmas      | 25° |
| London          | 16° |
| Mallorca        | 21° |
| New York        | 13° |
| Orlando         | 28° |
| Ósló            | 6°  |
| París           | 17° |
| San Francisco   | 21° |
| Stokkhólmur     | 7°  |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

## LUKKUPOTTUR



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Flugmiðar fyrir  
tvo með  
Flugfélagi Íslands



Grand Rómantik  
á Grand hótél

LAUGARSPA

Slökun í  
Laugar Spa



Vinkonupakki  
á Spírinni bistro

auk annarra óvæntra  
vinninga frá Garðheimum  
og samstarfsaðilum

# KÓSÍ

# KONUUKVÖLD Í GARÐHEIMUM

FIMMTUDAGINN 4. NÓVEMBER  
FRÁ 19.00 TIL 22.00

FRÍTT INN!

NÝJU JÓLAVÖRURNAR KOMNAR FRAM OG...

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUN

Á KONUKVÖLDI

- Eitthvað nýtt fyrir jólin?  
– Tískusýning frá Ritu tiskuvöruverslun
- Náttföt fyrir alla fjölskylduna  
– tiskusýning frá Undirföt.is
- Blómaskreytar Garðheima sýna  
nýjar útfærslur og litasamsetningar  
fyrir jólin 2010
- Spjallaðu við Önnu Rósu grasalækni
- Zumba danskennsla  
með Josy Zareen hjá Magadanshúsinu
- Heimagerð jólakonfekt?  
– Hilmar Kolbeins gefur góð ráð
- Lærðu að gera skartgrip  
– Sissa kennir
- Hattar og hárskraut!  
– Helga Rún Pálsdóttir hönnuður sýnir
- Lærðu að binda jólanammikrans  
– Raggý frá Innes
- Allar konur fá gjafapoka með hinu  
einstaka Epsom baðsalti
- kynningar, smakk, tilboð, leikir  
og óvæntar upptakomur!

Vertu velkomin – við tökum vel á móti þér!



Spíran bistro verður opin á Konukvöldi  
og býður upp á létt kvöldverðartilboð  
frá kl. 18.00. Sjá nánar á [spiran.is](http://spiran.is)



KYNNIR KVÖLDSINS  
**HELGA BRAGA**




heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekjabakka 6 - sími 540 3300 - [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)

SAMSTARFSADILAR KONUKVÖLDSINS ERU:



## KJÖRKASSINN



Ert þú hlynnt/ur því að Norðurlönd sameinist í eitt ríki?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 58,3% |
| Nei | 41,7% |

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að fylgjast með þjóðfundinum um helgina?

Endurskoðun innan ramma:  
Enginn stöðugleiki án AGS

**EFNAHAGSMÁL** Gífurlegur árangur hefur verið af samstarfi stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS), að mati Más Guðmundssonar seðlabankastjóra. Þetta kom fram á vaxtaákvörðunarfundi bankans í gær.

Már taldi ólíklegt að án samstarfsins hefði náðst sá árangur að ná stöðugleika í hagkerfinu og eytt óvissu um að ríkissjóður fái staðið við erlendar skuldbindingar sínar.

Már taldi að nýlegar yfirlýsingar forsætisráðherra um endurskoðun á samstarfinu við AGS með það fyrir augum að draga úr niðurskurði ríkisútgjalda rúmuðust innan reglubundinnar endurskoðunar samstarfsins. Sendinefnd AGS fundar þessa dagana með stjórnvöldum um fjórðu endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands. - óká

Stofnaði lífi fólks í hættu:

## Greip í læri og slökkti ljósinn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega fertugan mann fyrir ýmis brot, þar á meðal hættubrot í bifreið og tvær líkamsárásir.

Manninum er gefið að sök að hafa að næturlagi í nóvember á síðasta ári gripið í innanvert læri ökumanns og slökkt aðalljós bifreiðarinnar sem hann var í með þeim afleiðingum að ökumaðurinn misst stjórn á bílnum. Sá ákærði er þar með talinn hafa stofnað lífi og heilsu ökumannsins og þriggja farþega í bifreiðinni í hættu á ófyrirleitinn hátt. Atvikið átti sér stað á Norðfjarðarvegi milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Þá er maðurinn ákærður fyrir að leggja með hnifi til tveggja manna í bílnum.

Auk þessa er manninum gefinn að sök ölvunarakstur og brot gegn valdstjórninni. Í síðarnefnda tilvikinu hótaði hann lögreglumönnum ítrekað að beita þá ofbeldi. - js

Launahækkanir umfram 3,5 til 4,5 prósent myndu ógna stöðugleika:

## Lengsta samdráttarskeiðinu að ljúka

**EFNAHAGSMÁL** Efnahagsbati hér á landi verður drifinn af einkaneyslu og fjárfestingu, ekki af útflutningi. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands.

Bankinn gerir ráð fyrir að efnahagsbati hafi hafist á þriðja fjórðungi þessa árs með vexti landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á lokafjórðungi ársins. „Gangi þetta eftir lýkur samdráttarskeiðinu á þriðja ársfjórðungi, eftir að hafa staðið í tvö og hálf ár,“ sagði Þórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur

Seðlabankans, á kynningarfundum bankans í gær. Hann benti á að samdráttarskeiðið hér væri það lengsta meðal helstu iðnríkja. Spá bankans gerir ráð fyrir því að samdráttur á öðrum ársfjórðungi verði minni en ráð er fyrir gert í öndurskoðuðum tölum Hagstofu Íslands, 6,9 prósent í stað 8,4 prósent.



ÞÓRARINN G. PÉTURSSON

Spáin er nokkurri óvissu háð og benti Þórarinn á að meðal þess sem hægt gæti á bata væri bakslag í alþjóðlegum efnahagsbata, dræmari aukning einkaneyslu vegna skuldsetningar heimila, frekari tafir í orkutengdum fjárfestingum og ef launahækkanir í komandi kjarasamningum yrðu umfram það sem samrýmdist verðstöðugleika. Hækkanir umfram 3,5 til 4,5 prósent sagði Þórarinn meiri en svo að samrýmdust stöðugleikanum. Þær myndu á endanum leiða til verðbólgu eða aukins atvinnuleysis.

- óká

## Seðlabankavextir aldrei verið lægri

Seðlabankinn gerir ráð fyrir dræmum vexti í útflutningi sjávarfangs og áls. Vöxum ekki úr kreppunni í gegnum útflutning án frekari fjárfestingar, segir aðalhafgræðingur bankans. Stýrivextir voru í gær lækkaðir um 75 punkta.

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi vaxtaákvörðun markar viss söguleg tímamót,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri þegar hann kynnti vaxtaákvörðun Peningastefnufndar bankans í gær og benti á að virkir vextir Seðlabankans væru nú nálægt 4,6 prósentum. „Þetta eru lægstu vextir Seðlabanka Íslands frá upphafi.“

Að sögn Más liggja fyrir fullkomnar tímaráðir stýrivaxta í bankanum allt aftur til ársins 1987. „Og væntanlega er það líka lægra en var fyrir þann tíma af því að þá var verðbólga minni.“ Þá kom fram í máli hans að áður hefðu vextir bankans verið lægstir í febrúar 2003, þegar þeir voru 5,2 prósent, og í mars 1994 þegar þeir voru 5,1 prósent.

Peningastefnufndin ákvað að lækka vexti bankans um 0,75 prósentustig (75 punkta). „Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í fjögur prósent og hámarks vextir á 28 daga innstæðubréfum í 5,25 prósent. Vextir á lánnum gegn veði til sjö daga lækka í 5,5 prósent og daglánvextir í sjö prósent,“ sagði Már.

Í yfirlýsingu peningastefnufndar kemur fram að verðbólga hafi áfram minnkað í september og október, þegar ársverðbólga mældist 3,3 prósent. Slaki í þjóðarþúskapnum, lækkaði verðbólguvæntingar og gengishækkun krónunnar eru sögð styðja við áframhaldandi hjöðun verðbólgunnar.

Seðlabankinn birti jafnframt reglubundna þjóðhagsspá í ritinu Peningamálum. Samkvæmt spánni verður þróttur innlends efnahagslífs í ár og á næsta ári heldur minni



STÝRIVAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti vaxtaákvörðun peningastefnufndar. Honum á hægrri hönd sitja Þórarinn G. Pétursson aðalhafgræðingur og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Væntingar minni

Seðlabankinn lækkaði vexti sína meira en markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir, segir í umfjöllun greiningardeildar Arion banka. Mestu hafi ráðið að verðbólga hafi hjaðnað hraðar og hagvöxtur fari hægar í gang en áður hafi verið talið. Greiningardeildin spáir því að á fundi sínum í desember verði vextir lækkaðir um 50 til 75 punkta til viðbótar.

en bankinn spáði í ágúst. Í kynningu Þórarins G. Péturssonar aðalhafgræðings kom fram að útflutningsdrifnum hagvexti væru veruleg

takmörk sett. Þrátt fyrir ágæt ytri skilyrði væri gert ráð fyrir „freakar slökum“ vexti útflutningsþjónustu, því bankinn gerði ráð fyrir litlum vexti í bæði sjávarútvegi og álútflutningi. „Þetta gerir að verkum að við eigum mjög erfitt með að vaxa út úr þessari kreppu í gegnum útflutning án þess að komi til frekari fjárfestingar,“ sagði hann.

Bankinn gerir í spá sinni enn ráð fyrir seinkun á álveri í Helgavík. Það gerir að verkum að í stað 14 prósent vaxtar í stóriðju fjárfestingum á þessu ári verði vöxturinn fjögur prósent og 19 prósent í stað 77 prósent á næsta ári. Seðlabankinn gerir eigi að síður ráð fyrir að efnahagsbati hefjist á seinni hluta ársins.

olikr@frettabladid.is

Stutt við atvinnuleitendur:

## Fá frítt í sund og í íþróttatíma

**SVEITARSTJÓRNIR** Staða atvinnulausra á Ströndum er að batna eilítið því sveitarstjórn Strandabyggðar hefur lagt til að atvinnuleitendur í sveitarfélaginu fái frítt í sundlaugin, þreksal og opna íþróttatíma í íþróttahúsinu á Hólmavík.

„Viða um land stuðla sveitarfélög að virkni þeirra sem standa frammi fyrir atvinnuleysi með fríu eða niðurgreiddu aðgengi að sundlaugum og íþróttamannvirkjum,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar um málið. - gar



Á FLÓTTA Fjöldi fólks ók í öskuskýi til að flýja eldfjallið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Miklar sprengingar í eldfjalli: Meira en sjötíu þúsund á flóttu

**INDÓNESÍA, AP** Meira en 70 þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín vegna eldgoss í Merapi-eldfjallinu í Indónesíu. Rýmingarsvæðið var stækkað í gær eftir miklar sprengingar í fjallinu.

Eldfjallið spúði glóandi hrauni marga kílómetra í loft upp í um klukkustund í gær, eftir að hafa gosið stöðugt í rúma viku. Nokkur yfirgefin heimili brunnu til grunna vegna eldglæringa frá fjallinu, sem er eitt af virkustu eldfjöllum heims.

Ekkert hefur heyrt um hvort einhver slasaðist eða lést af völdum eldgossins í gær. Alls hafa 38 látist í hamförunum. - bj

Samningaleiðin er mikilvæg:

## Hafna aldrei fresti á uppboði

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðalánasjóður frestar nauðungarsölum hjá fólki sem óskar eftir því og reynir að koma í veg fyrir nauðungarsölu. Nóg er að gera slíkt símleióis. Staðfesting frá umboðsmanni skuldara dugur til að fresta uppboði á fasteignum.

Í tilkynningu frá Íbúðalánasjóði sem send var út í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla um fjölda nauðungarsala kemur fram að ekki sé óeðlilegt að hann eigi meirihluta uppboðsbeiðna, sjóðurinn eigi allt upp undir sextíu prósent fasteignaveða í landinu. - jab

Forseti lýðveldisins og borgarstjórinn velja sér mismunandi fararskjóta:

## Misstórir en báðir eru grænir

**SAMGÖNGUR** Töluverður munur var á fararskjótum borgarstjóra Reykjavíkur og forseta Íslands þegar þeir heimsóttu báðir Foldaskóla á þriðjudag. Þar var haldinn kynningarfundur fyrir Forvarnadaginn sem haldinn var í grunnskólum landsins í gær.

Forsetinn var á eðalbíl af Lexusgerð, en sá gengur á svokölluðu hybrid-kerfi, þar sem hann er bæði knúinn rafmagn og eldsneyti. Bíllinn er rúmí fimm metrar á lengd og tæp 2 tonn á þyngd.

Borgarstjóri var hins vegar á rafknúinni bifreið af gerðinni Reva, sem er einungis um 2,5 metrar á lengd og vegur um 500 kíló.

Þarna eru sannarlega tveir afar ólíkir bílar, en báðir umhverfisvænir. - þj



STÓRI OG LITLI Forseti og borgarstjóri mættu á misstórum bílum í heimsókn í Foldaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt

- Engin erfðabreytt innihaldsefni
- Ræktað án notkunar meindýraeíturs



Kitlar bragðlaukana

Kíktu í heimsókn á [www.hipp.is](http://www.hipp.is)

# CLARINS

*í 25 ár*

afmælisgleði

25% AFSLÁTTUR

*af dag- og næturkremum*

Clarins hefur hjálpað íslenskum konum að fegra húð sína í 25 ár.

Að því tilefni viljum við bjóða upp á 25% afslátt af öllum dag- og næturkremum frá Carins og Clarins Men vikuna 4. - 10. nóvember í Hagkaup.

*Sérfræðingur Clarins veitir faglega ráðgjöf*

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða rithöfundur hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010?
2. Hver er formaður Dómstólaráðs?
3. Hvað heitir ný plata Sálarráðs og Stórsveitar Reykjavíkur?

## SVÖR

1. Sofi Oksanen fyrir skáldsögu *Helmsun*. 2. Simon Sigvaldason. 3. Upp



**ÁVÍSUNIN SKREYTT** Þessar stúlkur í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ skreyttu ávísunina áður en hún var afhent til Fjölskylduhjálpar Íslands.

MYND/GRÓA MARGRÉT FINNSDÓTTIR

Fimm ára stúlka gefur gjöf:

## 1,1 milljón til góðgerðamála

**GÓÐGERÐAMÁL** Hanna María Pétursdóttir, fimm ára, afhenti Fjölskylduhjálpar Íslands 1,1 milljón króna í gær. Peningarnir söfnuðust eftir sölu á endurskinsmerkjum sem hún og móðir hennar, Auður Lind Aðalsteinsdóttir, hönnuðu í fyrra.

Hanna María teiknaði mynd af broskalli fyrir ári og ákvað móðir hennar að láta framleiða endurskinsmerki eftir myndinni í kjölfarið. Verkefnið bar heitið Bros-um saman og voru merkin seld í verslunum. Verkefnið fékk styrki frá ýmsum fyrirtækjum og rann því andvirði sölnunnar óskipt til Fjölskylduhjálpar Íslands. - sv

Helgi Hjörvar til forystu:

## Leiðir flokk jafnaðarmanna

**STJÓRNAMÁL** Helgi Hjörvar, þingmaður og fráfariandi forseti Norðurlandaráðs, hefur verið kjörinn leiðtogi í flokkahópi jafnaðarmanna í Norðurlandaráði.

Helstu baráttumál flokksins eru velferðar- og atvinnumál. Auk þess ætla jafnaðarmenn að beita sér fyrir því að sett verði bindandi markmið um losun koltvísyrings í norrænu samstarfi um loftslagsmál. - þj

Árni Mathiesen settur yfir sjávarútvegs- og fiskeldisdeild FAO:

## Spennur fyrir nýju stöðunni

**STJÓRNSÝSLA** Árni Mathiesen, fyrrverandi sjávarútvegs- og fjármálaráðherra, segist í samtali við Fréttablaðið spennur fyrir nýju starfi sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, en hann var skipaður í þá stöðu á þriðjudag.

Árni, sem er dýralæknir að mennt, verður yfirmaður sjávarútvegs- og fiskeldisdeilda FAO. Sjávarútvegsráðgjafi hafa á síðustu árum orðið umfangsmeiri og mikilvægari málaflokkur hjá FAO, að því



**NÝ STABA** Árni Mathiesen, fyrrverandi ráðherra, var nýlega skipaður í starf hjá sjávarútvegs- og fiskeldisdeild FAO.

er fram kemur á vef utanríkisráðuneytisins. Árni segir í samtali við Fréttablaðið að aðildarríkin og ráð-

herrar þeirra taki allar ákvarðanir. „Okkar starf er svo að undirbúa stefnumörkun og að framkvæma þá stefnu sem ákveðin er.“

Árni er ekki skipaður í stöðuna sem fulltrúi Íslands. Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi kom hins vegar fram að Össur Skarphéðinson utanríkisráðherra hefði skrifað meðmælabréf fyrir Árna er hann sótti um stöðuna, um ári áður en rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði sýnt vanrækslu í embætti í aðdraganda bankahrunsins. - þj

Kynfræðsluáttak hafið:

## Vilja höfða til unglínganna

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýju kynfræðsluáttaki á vegum ungmennaráðs Laugardals og Háaleitis var formlega hleypt af stökkunum í Laugalækjarskóla í gær, en ráðið stendur fyrir þessu áttaki í grunnskólum hverfisins með styrk frá Forvarnasjóði Reykjavíkur.

Í tilkynningu segir að markmið verkefnisins sé að bjóða upp á aukna kynfræðslu sem höfðar til unglínganna. Áttakið felur meðal annars í sér að hópurinn dreifir kynningarefni og stendur fyrir framsögum í skólum. - þj

# Er um örugglega sammála

Ingibjörg Tönsberg er 89 ára. Steinunn Hlíf Guðmundsdóttir er ekki orðin átján. Þær eru elsti og yngsti fulltrúinn á Þjóðfundinum sem fram fer um helgina. Markmiðið að allir hafi það sem best, segir Steinunn.

**FÓLK** Á milli Steinunnar Hlífar Guðmundsdóttur og Ingibjargar Tönsberg er 71 ár. Þær eiga það hins vegar sameiginlegt að vera fulltrúar á Þjóðfundinum sem haldinn verður í Laugardalshöllinni um helgina. Steinunn er yngsti þátttakandinn en Ingibjörg sá elsti. Fréttablaðið hitti stöllurnar á heimili Ingibjargar í gær.

„Þeir báðu mig að mæta. Ef allir segðu nei, hvað þá? Einhver verður að vinna skítverkin,“ segir Ingibjörg, spurð hvort hún hafi strax verið ákveðin að mæta þegar hún fékk boðið.

Ingibjörg varð 89 ára í ágúst. Hún er kennari að mennt en hafði lengst af – í heil 43 ár – atvinnu af nokkru sem hún segir að enginn annar Íslendingur hafi haft að aðalstarfi: að kyngreina hænuunga. „Ég stakk röri í botninn á þeim og kíkti,“ útskýrir Ingibjörg og segir starfskrafta sína hafa verið afar eftirsóttá lengi. Hún er enn spræk, er nýlega búin að endurnýja ökskirteinið sitt til eins árs og starfar við að kenna eldri borgurum handavinnu.

Steinunn verður átján ára eftir rúmar tvær vikur og stundar nám á náttúrufræðibraut Verslunarskólans. Hún var upphaflega valin varamaður á þjóðfundinum en fékk kallið þegar aðalmaður hennar forfallaðist. „Og ég sagði bara já. Þetta verður örugglega gott í reynslubankann.“

Þjóðfundinum er ætlað að leggja fyrirhuguðu stjórnlagabingi til hugmyndir að efni nýrrar stjórnarskrár. Steinunn er aðeins byrjuð að undirbúa sig með því að glugga í kynningarefni fyrir þátttakendur



**HLÝDDU KALLINU** „Einhver verður að vinna skítverkin,“ segir Ingibjörg. Hvorug þeirra hefur mótað sér skoðun á því hvað mætti betur fara í stjórnarskránni, en telja að líklega sé fyrir bestu að fólk viti sem minnst þegar það mættir á fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

og stjórnarskrána sjálfa. Ingibjörg hefur látið það eiga sig. „Ég hef ekki mátt vera að því,“ segir hún. „En það er annað mál að ég hef alltaf haft dálítinn áhuga á stjórnarskránni.“

Hvorug þeirra hefur hins vegar mótað sér sérstaka skoðun á því hvað það er helst sem þyrfti að breyta – ef nokkuð. Ingibjörg nefnir þó

að auðlindir skuli vera eign þjóðarinnar. „Og ég vil algjört sjálfstæði,“ bætir hún við.

En telja þær einhverja von til þess að þúsund ólíkir einstaklingar geti komið sér saman um nokkurn hlut? Ingibjörg segist allt eins eiga von á því, enda sé það sniðugt fyrirkomulag að velja fólk af handahófi til slíks samráðs. „Sumir steinþegja allan tímann og aðrir segja eitthvað að gagni, svo tína menn það saman sem er eitthvert vit í,“ segir hún. „Þarna er það fólk sem fær að segja sína skoðun og það hlýtur að koma eitthvað út úr því,“ segir Steinunn.

Við spyrjum þær hvort þær haldi að þær séu mikið til sammála, þrátt fyrir kynslóðabilið. „Ætli það ekki, nokkurn veginn,“ segir Ingibjörg. Steinunn tekur undir það: „Örugg-

### Jóhanna fer ekki

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fékk boð á fundinn en þær upplýsingar fengust í gær hjá Hrannari Birni Arnarssyni, aðstoðarmanni hennar, að Jóhanna hygðist ekki mæta. Hugmyndin með ferlinu öllu hefði verið sú að það væri fyrir aðra en þingmenn og í því ljósi hefði Jóhanna ekki fundist við hæfi að mæta. Það hefði þó verið skemmtileg tilviljun að fá boð.

lega. Það hlýtur að vera einhver munur en erum við ekki bara að leita eftir því að allir hafi það sem best?“ stigur@frettabladid.is



Hér kemur sá næsti stóri...



# ToysRus

FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS

ER 25%  
AFSLÁTTUR



AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ LEGO®

Á VÖRUM SEM EKKI ERU ÞEGAR Á NIÐURSETTU VERÐI.



AFGREIÐSLUTÍMI

VIRKA DAGA: 11-19  
(AKUREYRI 10-18.30)

LAUGARDAGA: 10-18  
(AKUREYRI 10-17)

SUNNUDAGA: 12-18  
(AKUREYRI 13-17)

[www.toysrus.is](http://www.toysrus.is)

LEGO and the LEGO logo are trademarks of the LEGO Group. ©2010 The LEGO Group.

Tilboðin gilda til og með 07.11.2010. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvilla.

FRÉTTASKÝRING: Óvíst hvernig og hvenær Magma-málinu lýkur

# Enn við suðumark í VG vegna Magma

Vinstri græn halda fast í kröfuna um að undið verði ofan af eignarhaldi Magma Energy á HS Orku og að fyrirtækinu verði komið í opinbera eigu. Engu skipti hvernig það verði gert, bara að það verði gert.

Enn kraumar í Magma-pottinum þó að býsna hljótt hafi verið um málið frá því í júliflok þegar ríkisstjórnin útbjóg aðgerðaáætlun sem sætta átti öndverð sjónarmið og skapa stjórninni vinnufrið.

Yfir vofðu yfirlýsingar nokkurra þingmanna Vinstri grænna um að láta af stuðningi við ríkisstjórnina ef kaupum Magma á HS Orku yrði ekki rift.

## Frétt kemur blóðinu af stað

Fram kom í Fréttablaðinu á mánudag að ólíklegt væri að starfshópur stjórnvalda myndi leggja til að ríkið tæki HS Orku eignarnámi. Hleyptu þau tíðindi illu blóði í suma VG-liða sem í samtölum við blaðamann kváðu kröfuna óbreytta; ríkið yrði að eignast HS Orku.

Þeir sem rætt var við voru á einu máli um að ekki skipti máli hvernig staðið yrði að ríkisvæðingu fyrirtækisins; eignarnám, samningar eða sérstök lagasetning um að það færðist á hendi hins opinbera með tíð og tíma væri bitamunur en ekki fjár. Pólitísk sjónarmið um mikilvægi þess að forræði auðlinda og orkuframleiðslu væru á hendi ríkisins réðu för.

## Sammála

Í orði er ríkisstjórnin samstíga í málinu. Í yfirlýsingu sem gefin var út 27. júlí segir að hún einsetji sér að stöðva það einkavæðingarferli á orkufyrirtækjum landsins sem hafið hafi verið í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og tryggja samfélagslegt forræði á auðlindum og orkufyrirtækjum. Í yfirlýsinguinni var upplýst um skipun nefndar til að meta lögmæti kaupa Magma á HS Orku og skipun starfshóps til að undirbúa lagafrumvarp sem tryggði opinbert eignarhald á mikilvægum orkufyrirtækjum og takmarkaði eignarhald einkaaðila.

## Löglegt en spyrjið dómstóla

Nefndin er mat lögmætið, Magmanefndin svokallaða, skilaði skýrslu í september. Í tilkynningu forsætisráðuneytisins segir að nefndin hafi við skoðun á þeim samningum sem hún fékk aðgang að ekki séd augljósa annmarka á viðskiptunum. Frá lagalegum sjónarhóli sé ekki tilefni til að gera athugasemdir við samningana. Hins vegar sé hægt að líta svo á að lög hafi verið sniðgengin. Lagasniðganga þurfi þó ekki að vera ólögleg. Niðurstaða nefndarinnar er að það sé aðeins á færi dómstóla að kveða upp úr um hvernig líta beri á staðreyndir málsins og rétta lagatúlkun.



**KAUP MAGMA SKEKJA RÍKISSTJÓRN**  
Fréttaskýring í Fréttablaðinu 22. júlí. Fimm dögum síðar skýrði ríkisstjórnin frá sáttaleiðum sínum.

## Eignarnám og almenningsþörfin

Starfshópurinn um lagasetninguna er enn að störfum. Hann hefur skoðað gildandi lög og reglur í þáula og vitaskuld lesið

skýrslu Magmanefndarinnar. Í kafla hennar um eignarnám er bent á að stjórnarskráin hindri að eignir manna verði teknar af þeim að geðþótta stjórnvalda. Rökstyðja þurfi ákvörðun þar um með vísan til þess að almenningsþörf sé fyrir hendi sem réttlæti eignarnámið.

Við þessi orð hefur starfshópurinn meðal annars staldrað, líkt og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag. Ekki sé borðleggjandi að hægt sé að vísa til almenningsþarf þegar eignarnám á HS Orku sé annars vegar. Hins vegar er allt eins líklegt að ríkið semji við Magma um kaup á HS Orku eða að aðrar leiðir verði farnar til að koma fyrirtækinu í opinbera eigu.

## Sammála um að vera ósammála?

Hvað sem yfirlýsingu og aðgerðum ríkisstjórnarinnar líður liggur fyrir að sjónarmið innan stjórnarflokka stangast á. Innan Samfylkingarinnar eru menn sem ekki einasta telja rangt að ríkið vindi ofan af kaupum Magma á HS Orku heldur eru beinlínis hlynntir viðskiptunum og vilja að útlendingar fjárfesti í íslensku atvinnulífi; orkufyrirtækjum sem öðrum greinum.

Ljóst er að þessi sjónarmið verða ekki samræmd. Enginn millivegur er á milli þess að vilja

að útlendingar eigi orkufyrirtæki og að ríkið eitt eigi þau. Enginn millivegur er á milli þess að vilja að HS Orka sé í eigu kanadísks fjárfestis og að ríkið taki fyrirtækið yfir – með eða án vilja þess kanadíska eiganda.

Einhverjir þurfa því að gefa eftir. Samkvæmt yfirlýsingu frá 27. júlí verða það fylgjendur frjálsra fjárfestinga. Óvíst er hins vegar hvort sú yfirlýsing nýtur fylgis út fyrir raðir þeirra sem hana sömdu.

## Berjast fyrir málstaðinn

Þeir þingmenn VG, og aðrir flokksmenn sem Fréttablaðið ræddi við, eru hræddir um að ríkisstjórnin sé aðeins samstíga í orði en ekki á borði. Þeir óttast að reynt verði að þynna út kröfu þeirra um opinber yfirráð yfir HS Orku.

Ef marka má orð þeirra er hins vegar ljóst að svo verður ekki. Öllum slíkum tilraunum verði mætt af hörku. Rykið verði dustað af hótunum um að láta af stuðningi við stjórnina ef önnur meðul dugi ekki.

Ekki er ljóst hvenær starfshópur ríkisstjórnarinnar skilar af sér tillögum og drögum að lagafrumvarpi.

Björn Þór Sigbjörnsson  
bjorn@frettabladid.is



# LAGERSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR 50-70% GÖNGUSKÓR 40-60%  
SKÍÐA OG BRETTFATNAÐUR 30-70% VETRARFATNAÐUR 50%  
VEIÐIVÖRUR 35-50% BAKPOKAR OG SVEFNPOKAR 35-50%

STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Dæmdur fyrir ofsakstur:  
**Flúði píp þjófavarnarkerfisins**

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sýknaður í héraðsdómi af innbroti í gróðurhús á Flúðum á Suðurlandi. Maðurinn játaði að hafa ætlað að brjótast þar inn en hætti við þegar þjófavarnarkerfi fór í gang.

Maðurinn var hins vegar fundinn sekur um umferðarlagabrot því lögreglan mældi hann á 112 kílómetra hraða þar sem hann var að aka frá gróðurhúsinu. Dómurinn dæmdi hann til að greiða rúmlega 200 þúsund krónur í sekt. - jss

Allar bögglassendingar stöðvaðar í Grikklandi eftir að ellefu bréfasprengjur finnast:

**Sprengjur sendar á sendiráð í Aþenu**

**GRIKKLAND, AP** Grísk stjórnvöld hafa stöðvað tímabundið allar bögglassendingar frá Grikklandi eftir að í það minnsta ellefu sprengjur voru sendar sendiráðum í Aþenu og evrópskum þjóðarleiðtogum.

Þrjár af sprengjunum sprungu í Aþenu, en þær voru kraftlitlar og ekki taldar lífshættulegar. Einn póstburðarmaður slasaðist þegar pakki sem hann var að afhenda sprakk, en aðrir hafa ekki slasast í tilræðunum. Sprengjur hafa meðal annars verið sendar á þjóðarleiðtoga Þýskalands,

Ítalíu og Frakklands. Tveir hafa verið handteknir í Grikklandi vegna málsins og fimm til viðbótar eru eftirlýstir. Talið er að hópur anarkista beri ábyrgð á sprengjunum.

Engin tengsl eru talin vera á milli sprengjusendinganna í Grikklandi og mun öflugri sprengna sem sendar voru áleiðis til Bandaríkjaanna frá Jemen í síðustu viku.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði í gær að efla þyrfti eftirlit með bögglassendingum vegna þeirra tilræða. - bj



**HANDTEKNIR** Tveir voru handteknir í Grikklandi í gær grunaðir um að standa fyrir bögglassprengjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á ÚTLEIÐ** Arnold Schwarzenegger hefur lítið gefið upp um framtíðaráformin nú þegar hann vikur úr sæti ríkisstjóra. NORDICPHOTOS/AFP

Schwarzenegger vikur sæti:  
**Tortímandinn snýr ekki aftur**

**BANDARÍKIN, AP** Arnold Schwarzenegger, kvikmyndaleikari og fráfarandi ríkisstjóri repúblikana í Kaliforníu, þarf að sjá á eftir ríkisstjórasætinu í hendur demókratans Jerry Brown eftir kosningarnar á þriðjudag.

Schwarzenegger er trúlega best þekktur fyrir túlkun sína á vélmenninu Tortímandanum úr samnefndum kvikmyndum. Hann hafði setið í stóli ríkisstjóra í tvö kjörtímabil og mátti því ekki bjóða sig fram í þriðja skipti.

Árin sem Schwarzenegger sat sem ríkisstjóri þóttu öðru fremur einkennast af gríðarlegum fjárhagsvanda Kaliforníu, sem nýkjörinn ríkisstjóri fær nú í erf frá vöðvatróllinu vinalega. - bj

Stuðningur við barnaspítala:  
**Hringurinn afhenti stórgjöf til vökudeildar**

**HEILBRIGÐISMÁL** Kvenfélagið Hringurinn gaf vökudeild Barnaspítala Hringsins nýlega rúmar 37 milljónir króna til tækjakaupa. Fjármununum var varið til kaupa á öndunarvélum, vöggum, hitaborðum, súrefnismettunarmælum og myndavél til að taka myndir af augnbotnum fyrirbura.

Félagið hefur í gegnum tíðina stutt ötullega við starfsemi Barnaspítala Hringsins og með þessari gjöf sýna Hringskonur enn á ný hversu mikilvægt starf þeirra er fyrir velferð sjúkra barna hér á landi, að því er segir í tilkynningu frá Landspítala. - jss

**SLYS**  
**Þyrla sótti slasaðan mann**  
Skipverji á varðskipinu Tý meiddist á hendi í gærmorgun þegar skipverjar voru að slaka gúmmibáti úr skipinu til æfinga. Þyrla Landhelgisgæslunann sem var í æfingaflogi var send til að sækja skipverjann og lenti hún með hann í Reykjavík laust fyrir hádegi. Til stóð að maðurinn færi í aðgerð.



**Ódýrara eldsneyti fyrir e-korthafa í dag**

Í dag er **10 króna** endurgreiðsla á stöðvum **Shell** og **8 krónu** endurgreiðsla hjá **Orkunni** fyrir **e-korthafa**.\*



Endurgreiðslan er greidd út með ávísun í desember.



**Endurgreiðsludagur e-kortsins**

\* Endurgreiðslan er 5,05% m.v. 197,9 kr. lítraverð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Shell og 4,08% m.v. 196,3 kr. lítraverð á 95 oktana bensíni hjá Orkunni. Sú endurgreiðsla jafngildir 10 kr. á lítra hjá Shell og 8 kr. á lítra hjá Orkunni.

Þú færð e-kortið í Arion banka. Farðu á arionbanki.is og kynntu þér kosti e-kortsins.





Á DEGI HINNA DAUÐU Viða um hinn kaþólska heim héldu menn allra-sálnamessu hátíðlega á mánudaginn. Margir heimsóttu grafir ástvína sinna eða klæddu sig í dauðabúninga. Á Filippseyjum gat fólk prófað að vera inni í þessari bleiku líkkistu í svöltilta stund.

NORDICPHOTOS/APP

Mannréttindaráð fundar:

## Aðeins verður skerpt á orðum

**MENNTAMÁL** Ekki verða gerðar miklar efnislegar breytingar á tillögu mannréttindaráðs um breyt-

ingar á samstarfi kirkju og skóla. Þetta segir Margrét Sværissdóttir formaður. Mannréttindaráð fundaði í gær um málið, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að skarpa á orðalagi í tillögunni og senda hana endurbætta til umsagnar.

„Við förum vandlega yfir þetta og höfðum meðal annars viðmið Þjóðkirkjunnar um samstarf við skóla til hlíðsjónar,“ segir Margrét. „Við leggjum til að að tveimur árum liðnum verði skoðuð reynslan á þessum tillögum og þá gerðar breytingar ef þörf verður á því.“

- sv



MARGRÉT SVÆRISDÓTTIR

Samvinna á Vestfjarðakjálka:

## Sveitarfélög í félagasamstarfi

**SVEITARSTJÓRNIR** Sveitarfélögin Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Reykhólahreppur ætla að stofna sameiginlega fimm manna félagasmálanefnd. Að því er kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar Strandabyggðar vinnur undirbúningshópur nú drög að samningi um nefndina ásamt starfslýsingu, starfshlutfalli og menntunarkröfum sameiginlegs starfsmanns.

Strandabyggð fær tvo fulltrúa í þessari nýju samvinnunefnd þessara fjögurra sveitarfélaga í Strandasýslu og Austur-Barðarstrandasýslu.

- gar

Upplýsingum um fermingar og skírnir hjá Þjóðkirkjunni verulega ábótavant:

# Þjóðkirkjan á ekki tölur fyrir 13 ár af 22

**ÞJÓÐKIRKJAN** Þjóðkirkjan hefur ekki haldið utan um tölur yfir skíró börn í landinu síðan árið 2003 og fermd börn síðan árið 2006. Hlutfall barna virðist haldast svipað milli ára, en mestur er munurinn á hlutfalli fermdra barna milli árána 2003, þar sem rúm 95 prósent barna fermdust hjá Þjóðkirkjunni, og 2005, þegar hlutfallið féll niður í 78,5 prósent. Ekki eru til neinar tölur um hlutfall fermdra barna árið 2004.

Árið 1992 voru 92 prósent barna skíró í Þjóðkirkjunni. Ellefu árum seinna, árið 2003, var hlutfallið

rúm 82 prósent. Ekki eru til neinar tölur hjá kirkjunni um fjölda skíróra barna eftir árið 2003. Ekki eru til neinar tölur yfir fermd eða skíró börn hjá kirkjunni árin 1989 til 1991, 1993 til 1996, 1999, 2004 og 2007 til 2010.

Árni Svanur Daníelsson, upplýsingafultrúi Biskupsstofu, segir ástæðurnar vera vöntun á heildartölum frá prestaköllum í landinu.

„Það vantar tölur inn í fyrir þessi ár. Þess vegna fáum við ekki áreiðanlegar heildartölur,“ segir Árni Svanur. „En við ætlum að pressa á að fá þetta.“

- sv

### Fjöldi skíróra og fermdra barna í Þjóðkirkjunni

| Ár*  | Hlutfall skíróra af lifandi fæddum | Hlutfall fermdra í árgangi      |
|------|------------------------------------|---------------------------------|
| 1988 | - engar tölur fánlegar             | 90,97%                          |
| 1992 | <b>92,38%</b> - hæsta hlutfall     | 94,39%                          |
| 1997 | 90,60%                             | 94,47%                          |
| 1998 | 90,50%                             | 90,47%                          |
| 2000 | 89,18%                             | 91,17%                          |
| 2001 | 86,70%                             | 89,00%                          |
| 2002 | 89,03%                             | 89,76%                          |
| 2003 | <b>82,76%</b> - lægsta hlutfall    | - hæsta hlutfall <b>95,69%</b>  |
| 2005 | - engar tölur fánlegar             | - lægsta hlutfall <b>78,51%</b> |
| 2006 | - engar tölur fánlegar             | 88,40%                          |

\*Upplýsingar fyrir árin 1989 til 1991, 1993 til 1996, 1999, 2004 og 2007 til 2010 eru ekki aðgengilegar hjá Þjóðkirkjunni.

# Kjösendur hafa sett Obama skorður

Nýr meirihluti repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings boðar samstarf við Barack Obama forseta, svo fremi sem hann fari að vilja þeirra í einu og öllu. Almennt er reiknað með harðvítugri togstreitu í deildinni næstu tvö árin.

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segist vonast til þess að geta starfað með nýjum meirihluta Repúblikanaflokksins í fulltrúadeild, einkum á sviði orkumála og menntamála.

Hann viðurkenni að úrslit þingkosninganna á þriðjudag sýndu megn óánægju kjósenda með það hve hægt hefði miðað í efnahagsmálum. Jafnframt sagðist hann bera fulla ábyrgð á því hve hægt hefði gengið. Hins vegar sagði hann ekkert um það hvort hann ætlaði að breyta um stefnu í efnahagsmálum, eins og andstæðingar hans krefjast.

Demókrataflokkurinn missti meirihluta sinn í fulltrúadeild þingsins, en hélt honum í öldungadeildinni, eins og skoðanakannanir höfðu bent til.

Erfið staða í efnahagsmálum virðist hafa ráðið mestu um þessi úrslit, ásamt verulegu fylgi við Teboðshreyfingu Repúblikanaflokksins, eftir því sem fram kom í útgöngukönnunum.

Teboðshreyfingin náði töluverðum árangri í kosningunum, en Sharron Angle tókst þó ekki að fella Harry Reid, öldungadeildarþingmann Nevada-ríkis, sem verður því áfram leiðtogi meirihlutans í öldungadeild.

Öðrum áberandi fulltrúa Teboðshreyfingarinnar, Christine O'Donnell, tókst heldur ekki að komast á þing fyrir Delaware.

Repúblikaninn John Boehner tekur hins vegar við af Nancy Pelosi sem forseti fulltrúadeildar. Hann hefur krafist þess að Obama skipti nú algerlega um stefnu í efnahagsmálum. Úrslit kosninganna sýni að kjósendur krefjast þess.



LEIÐTOGAR REPÚBLIKANA Í FULLTRÚAÐEILD Repúblikanarnir Eric Cantor, agameistari nýja meirihlutans í fulltrúadeild, og John Boehner, nýr forseti fulltrúadeildar, kölluðu fjölmiðla á sinn fund í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Við vonum að Obama forseti muni nú virða vilja fólksins, breyta um stefnu og skuldbinda sig til að gera þær breytingar sem það krefst.”

JOHN BOEHNER  
NÝR FORSETI FULLTRÚAÐEILDAR

„Við vonum að Obama forseti muni nú virða vilja fólksins, breyta um stefnu og skuldbinda sig til þess að gera þær breytingar sem það krefst,“ sagði Boehner í gær. „Að svo miklu leyti sem hann er viljugur til þess, þá erum við reiðubúin til að starfa með honum.“

Þegar úrslitin voru orðin nokkuð ljós hringdi Obama í Boehner, sem sagði forsetanum að hann væri reiðubúinn í samstarf um þau mál sem skiptu bandarísku þjóðina mestu. Boehner segist líta svo á að mestu skipti að draga úr ríkisútgjöldum og fjölga atvinnutækifærum.

Margir búast við harðvítugri togstreitu nýja meirihlutans við forsetann næstu tvö árin, þannig að forsetinn eigi mjög erfitt með að koma málum í gegnum þingið.

Erfiðast gæti þó reynst fyrir repúblikana að standa hart gegn ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ekki mega bíða vegna þess hve ástandið er enn erfitt.

gudsteinn@frettabladid.is



REIÐUR „Enginn var hneykslaðri eða reiðari en ég þegar engin gjöreyðingarvopn fundust,“ segir George W. Bush.

NORDICPHOTOS/APP

Bush ver innrás í ævisögunni:

## Líkir Cheney við Svarthöfða

**BANDARÍKIN** George W. Bush segir að sér hafi liðið illa þegar í ljós kom að engin gjöreyðingarvopn fundust í Írak eftir innrás Bandaríkjanna og bandalagsríkja í landið. Þetta kemur fram í nýrri ævisögu, þar sem hann ver þá ákvörðun að ráðast inn í landið.

Þar kemur einnig fram að Bush íhugaði að skipta varaforseta sínum, Dick Cheney, út. Í bókinni segir hann að Cheney hafi verið „Svarthöfði“ stjórnan sinnar. Svarthöfði er þekkt illmenni úr Star Wars kvikmyndunum.

Bush segir að hann telji að rétt hafi verið að ráðast inn í Írak. Írakar séu betur komnir án „morðóða einræðisherrans“ Saddams Hussein.

- bj

### RÚSSLAND

#### Tsjernomyrdin látinn

Fyrirverandi forsætisráðherra Rússlands, Viktor Tsjernomyrdin, lést í gær, 72 að aldri. Tsjernomyrdin gegndi embætti forsætisráðherra frá 1992 til 1998, en þar áður gegndi hann hárrí stöðu hjá gasfyrirtækinu Gazprom. Tsjernomyrdin þótti afar litríkur stjórnmálamaður. Hann hafði verið sjúkur um langt skeið.

Hafrannsóknastofnun ráðleggur að aflamark í síld fari ekki yfir 40 þúsund tonn:

# Hrygningarstofninn hruninn

**SIJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnunin leggur til að heildaraflamark í íslenski sumargotssíld fari ekki yfir 40 þúsund tonn á komandi vertíð. Hrygningarstofninn er metinn vera 370 þúsund tonn, sem er um helmingur þess sem stofninn var metinn vera árið 2006. Vísbendingar eru um að sýkingarfaraldurinn sem herjað hefur á stofninn undanfarin tvö ár sé í rénun. Stóran hluta 2007-árgangsins, sem kemur inn í veiðina á næsta ári, var að finna nánast ósýktan í Breiðamerkurdjúpi. Niðurstöður mælinga benda til þess að veiðistofn síldar sé um 27 prósentum minni í fjölda en hann var í október 2009, en niðurstöður Hafró í júní gerðu ráð fyrir enn minni stofni en nú mældist. Niðurstöður stofnmats benda til þess að hrygningarstofninn verði um 370 þúsund tonn í byrjun árs 2011. Um 35 prósent þess lífmassa eru metin vera sýkt nú í haust.

Þrátt fyrir að hlutfall sýktrar síldar í stofninum sé enn hátt er hlutfall nýsmits lágt. Mestur hluti sýktu síldarinnar er með sýkingu sem er langt gengin. Þessar niðurstöður eru ólíkar því sem sést hefur á undanförnum tveim árum. Þetta gæti



VESTMANNAEYJAHÖFN Í MARS 2009 Kap VE tók að sér að reyna að veiða sýkta síld úr höfninni áður en hún drapst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

verið vísbending um að sýkingarfaraldurinn sé í rénun, að mati Hafró.

- shá



Fjölbreytt og gott  
veganesti fyrir lífið



LIFRÆNN  
þar Namatur



KJARNGÓÐ NÆRING  
Ósáltað  
Ósýkrað  
ENGIN AUKAEFNI



www.barnamatur.is



TILBOÐ



INNKAUP



ELDSNEYTI



SMURNING



VEITINGAR



VIÐGERÐIR



DEKK



SKJÁREINN

# ÞÖKKUM FRÁBÆR VIÐBRÖGÐ

Við þökkum viðskiptavinum okkar frábær viðbrögð við nýju korti og nýjum tilboðum. Tilboðin um helgina féllu greinilega í kramið. Gull- og silfurtilboðin seldust nær samstundis upp. Enn eru þó í boði önnur áhugaverð N1 kortatilboð á N1 um allt land.

★ GULLTILBOÐ 1

**FERÐ  
TIL KANARÍ**

14 nætur, 27. nóv. - 11. des.

**77.700 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!



★ GULLTILBOÐ 2

**FLUGSÆTI  
TIL KANARÍ**

**45.000 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!



★ GULLTILBOÐ 3

**FERÐ TIL  
KÖBEN**

3 nætur, 3. des - 6. des.

**39.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!



★ SILFURTILBOÐ 3

**MYNDAVÉI**

Stafræn myndavél.

**8.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!

★ GULLTILBOÐ 1

**FERÐ  
TIL KANARÍ**

10 nætur, 11. des. - 21. des.

**65.700 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!



★ GULLTILBOÐ 2

**FERÐ TIL  
KÖBEN**

3 nætur, 9. des - 12. des.

**39.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!



★ SILFURTILBOÐ 1

**PLAYSTATION 3**

Þessi einstaka tölva er með 160 GB hörðum disk.

**44.000 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

UPPSELT!

★ SILFURTILBOÐ 2

**DVD SPILARI**

Sniðugur DVD spilari frá DYON.

**11.990 KR**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

ÖRFÁ EINTÖK EFTIR



VISA

Tengdu N1 kortið við Visa kortið þitt

## BÚÐU ÞIG UNDIR NÆSTU TILBOÐ FYRIR N1 KORTHAFNA

Við hvetjum þig til að búa þig undir næstu tilboð; farðu á Mínar síður á n1.is, fáðu lykilorð og kannaðu hversu marga N1 punkta þú átt.

## ÞÚ ÞARFT N1 PUNKTA TIL AÐ NÝTA ÞÉR TILBOÐIN

Þú færð N1 punkta þegar þú verslar á N1

- Vetrardekk og hjólbarðapjónusta
- Eldsneyti og fleira á þjónustustöðvum
- Smáviðgerðir og viðhald bifreiða
- Vetrarvörur fyrir bílinn
- Útivistarvörur
- Áskrift að SkjáEinum á N1
- O.fl. o.fl.

SÆKTU UM  
N1 KORT  
Á N1.IS

N1




ALLT UM  
MÁLID Á  
N1.IS

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**1798**  
KR. PK



**198**  
KR. PK

## Annar gámur kominn í hús

STÓR PAMPERS PAKKI AÐEINS **1798 KR.**

PAMPERS SIMPLY WIPES 72 STK **198.**



**198**  
KR.stk

**NÝJU** SANTA MARÍA KRYDDIN 198 KR GLASIÐ



**129**  
KR.stk

KANILSTANGIR 20g



NEGULNAGLAR 11g



**129**  
KR. 385g

MYLLU FJÖLKORNABRAUÐIÐ 385g (hálf)



Tilboð á  
17% heimilisosti  
Merkt verð 1186 kr.kg  
**890 kr./kg.**



**BÓNUS SÚKKULADÍKAKA 1 KG.**  
**998 kr. stk**



**598**  
KR. 600g

NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖDLUR



**279**  
KR. 250g

BÓNUS FETI 250g



**298**  
KR. 500g

HEIMA KÓKOSMJÖL  
500g



**85**

KR. 1000g  
ES HVEITI  
1000g



**195**

KR. 1000g  
ES SYKUR  
1000g



**259**

KR. 300g  
GÓÐ KAUP  
SÚÐUSÚKKULÁÐI



**159**

KR. 500g  
MH SMJÖRLÍKI  
500G



**379**

KR. 500g  
KJARNA  
KÓKOSOLÍA 500g



**359**  
KR. 500g

BÓNUS PIPARKÖKUR  
ISLENSKAR 500g

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veitufengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



**KJÖRFUGL** ferskur kjúklingur



**628**  
KR.kg

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



**1798**  
KR.kg

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



**898**  
KR.kg

ÍSLANDSGRÍS BAJONNESKINKA ÚR LÆRI



ALGJÖRT  
SÆLGÆTI

**298**  
KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR  
GULRÆTUR 500G



**898**  
KR.kg

BÚRFELLS  
HAMBORGARHRYGGUR



**898**  
KR.kg

NAUTAVEISLA:  
FERSKT NAUTAHAKK



**98**  
KR. 125g

KF PIZZU-SKINKA 125g

**BÓNUS LASAGNE**  
FYRIR FJÓRA  
TILBÚÐ ÞARF AÐEINS AÐ HITA



**998**  
KR. 1000g

**TOLLI: LANDSLAG HUGANS**  
Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við skrifstofu Bónus og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX**

**698**  
KR. 4x2 ltr


**4 FYRIR 3**

**759**  
KR. 4x2 ltr

**169**  
KR. 2 ltr

## &gt; Útgjöldin

Eitt kíló af kjötfarsi



Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnisstjóri í Viðey

## Hræðilega vont nostalgíukast

„Ég hef gert svo mörg góð kaup, satt best að segja hef ég eiginlega eingöngu gert góð kaup,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnisstjóri í Viðey.

Hún kannast þó við að hafa látið fortíðarþrána hlaupa með sig í gönur nýverið þegar hún ætlaði að veita vel í veislu sem hún hélt. „Ég fékk algert nostalgíukast og keypti flösku af líkjör sem var ósælega mikið drukinn fyrir mörgum árum, þegar ég var nýkomin á aldur,“ segir Guðlaug.

„Þetta var svo vont, og ég skil ekki hvað hefur gerst, því maður drakk þetta þá en þetta var skefileg lífs-

reynsla núna. Alveg hræðilegt, svo það voru sannarlega vond kaup.“

Af þeim mörgu góðu kaupum sem Guðlaug hefur gert segir hún kápuna sína bera af. „Það hljómar kannski ekkert spennandi, en ég keypti mér kápu fyrir 20 árum og hún er einfaldlega eilíf. Ég nota hana oft og mikið. Þetta er amerísk ullarkápa sem endist bara og endist. Hún er klassísk, alltaf í tísku, alltaf smart, alltaf hlý og alltaf æðisleg. Ég er mjög ánægð með hana,“ segir Guðlaug.



## GÓÐ HÚSRÁÐ

### BÓKHALDIÐ TIL BJARGAR

■ Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

„Besta húsráðið í kreppunni er að halda heimilsbókhaldi,“ segir Ólöf S. Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Landsbjargar. Hún sinnti í eina tíð neytendamálum í blaðamennsku og var ekki lengi að láta sér detta í hug húsráð þegar eftir því var leitað.

„Heimilsbókhaldið er langbesta ráðið ef þú ætlar að fara vel með peningana þína, því með því sérðu best hvar hægt er að skera niður,“ segir hún.



### ■ Mattel innkallar ungbarnaleikföng frá Fisher-Price

Leikfangaframleiðandinn Mattel hefur ákveðið að innkalla fjórar útgáfur af Fisher-Price ungbarnaleikföngum með uppblásanlegum boltum, að því er segir í frétt á vef Neytendastofu. Á leikföngunum er uppblásanlegur bolti með ventli sem getur dottið af og valdið köfnunarhættu fyrir smábörn.

Vörurnar sem innkollun þessi á við um eru eftirtaldar:

- 1 73408 The Baby Playzone™ Crawl & Cruise Playground™
- 2 B2408 Baby Playzone™ Crawl & Slide Arcade™
- 3 C3068 Ocean Wonders™ Kick & Crawl Aquarium
- 4 H8094 Ocean Wonders™ Kick & Crawl Aquarium

Vörur þessar voru til sölu hér á landi á árunum 2003 og til ágúst 2008 hér á landi.

### ● Þjónusta

#### Aldrei ódýrara en 135 krónur í 118

Eitt símtal í 118 getur aldrei verið ódýrara en 135 krónur, samkvæmt dagtaxta fyrirtækisins. Ef hringt er um kvöld eða um helgi er lágmarksgjaldið 160 krónur, en símafyrirtækin leggja aukagjald ofan á þessa taxa og eru þau misjafnlega há eftir fyrirtækjum. Ef viðskiptavinur ákveður að láta tengja sig við símanúmer og fá það sent í SMS-skilaboðum bætast að minnsta kosti 32 krónur ofan á gjaldið. Símtal sem varir innan við mínútu, um kvöld eða um helgi, þar sem viðskiptavinur lætur tengja sig áfram við númerið og fá það sent í SMS-skilaboðum kostar því alltaf að minnsta kosti 192 krónur, að ónefndum aukagjöldum símafyrirtækjanna.



ENDURVINNSLAN Um 100 milljónum eininga af flöskum og dósam er skilað inn á Íslandi á ári og fjöldinn eykst ár frá ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rúmur milljarður á ári fyrir skilagjöld umbúða

Íslendingar skila inn um hundrað milljónum eininga af skilagjaldsgildum dósam og flöskum á ári hverju. Tólf krónur fást fyrir hverja einingu og gerir það útorganir fyrir um 1,2 milljarða. Skil á umbúðum aukast jafnt og þétt á milli ára.

Skilahlutfall á gjaldgildum umbúðum er um 85 prósent hér á landi og er það með því hæsta sem gerist í heiminum. Eiríkur Hannesson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar hf., segir skil á drykkjarumbúðum hafa aukist mikið á síðustu árum.

„Þessi markaður hefur farið stigvaxandi á síðustu árum, en tók gott stökk í góðærinu,“ segir Eiríkur. „Skilin hér á landi eru mjög góð á alþjóðavísu.“

Eiríkur býst við því að skil muni einnig aukast mikið á þessu ári miðað við árið í fyrra.

„Jafnvel þó að fólk sé farið að breyta neyslunni og sala hafi

### Hvaða umbúðir eru skilagjaldsgildar?

- Ál- og stáldósir fyrir gosdrykki og bjór 33 cl og 50 cl
- Plastflöskur fyrir gosdrykki 50 cl-2 lítra
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir orkudrykki
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir tilbúna ávaxtasafa
- Glerflöskur fyrir gosdrykki frá Vífilfelli (allar einnota núna)
- Glerflöskur fyrir öl (bjór)
- Glerflöskur fyrir áfengi, bæði léttvín og sterk vín



x 12 kr

Skilagjald er 12 krónur fyrir hverja einingu.

### Hvaða umbúðir eru ekki gildar?

Umbúðir undir ávaxtaþykkn, mjólkurdrykki, matarolíu, tómatsósu eða þvottalögur. Einnig glerkrukkur og túbur. Þessum umbúðum má skila í gáma fyrirplastumbúðir á endurvinnslustöðvum eða í græna grenndargáma.

Almenna reglan er að drykkjarumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsgildar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúð.

Heimild: Endurvinnslan hf.



### Móttökustöðvar og almennar reglur

Endurvinnslan er með 54 móttökustöðvar á landinu. Misjafnt er eftir stöðum hvaða reglur gilda fyrir neytendur varðandi flokkun og skil.

#### Flokkun, taling og vigtun

Hjá öllum móttökustöðvum Sorpu eiga viðskiptavinir að flokka og telja skilagjaldsgildar umbúðir í poka, sem eru viktadír á staðnum. Einungis er greitt inn á debetkort með rafrænum hætti. Hjá sumum móttökustöðvum Endurvinnslunnar er einungis nauðsynlegt að flokka umbúðirnar, en starfsmenn telja þær á staðnum og viðskiptavinir fá greitt í peningum.

#### Talningarvél

Vélamar flokka og telja drykkjarumbúðir eftir strikamerki og segir strikamerkið til um hvort viðkomandi umbúð sé úr áli, plasti eða gleri. Til þess að talningarvélarnar nái að lesa strikamerkin í umbúðunum þurfa þær að vera heilar. Talningarvélarnar eru nú eingöngu í Endurvinnslunni hf. að Knarrarvogi 4 og í Dósaseli í Keflavík en verða þó komnar á stærstu móttökustöðvar Endurvinnslunnar á næsta ári.

minnað hafa skil aukist hjá okkur. Það er greinilegt að fólk hugsar meira um peningana nú en áður.“

Íslendingar hafa skilað inn um hundrað milljón eininga af skilagjaldsgildum umbúðum til endurvinnslu á síðustu árum, sem gerir um 1,2 milljarða heildarskilagjald. Árið 2009 voru um 77 þúsund fjölskyldur skráðar á landinu, sem gerir um 15.500 króna greiðslu að meðaltali á hverja fjölskyldu á ári.

Skilagjald fyrir drykkjarumbúðir

er tólf krónur. Þeim umbúðum sem eru ekki skilagjaldsgildar er ætlað að skila í tilskilda gáma og flokkunarstaði.

Samkvæmt tölum frá Hagstofnunni hefur magn úrgangs sem flokkaður er sem skilagjaldsgildar umbúðir haldist í átta þúsund tonn á árunum 2003 til 2007, en minnaði um þúsund tonn árið 2008. Umhverfisstofnun vinnur nú að úrvinnslu gagna fyrir árið 2009.

sunnna@frettabladid.is



Gleðidagar í CARAT  
Smáralind  
fimmtudag – sunnudags  
20% afsláttur af öllum  
skartgripum

Af hverjum 10 þúsund krónum gefum við  
handsmiðaðan skartgrip í jólapakka  
Fjölskylduhjálpar Íslands  
Gullsmiðirnir í CARAT




CARAT

CARAT Haukur gullsmiður • Smáralind • sími 577 7740  
carat@carat.is • www.carat.is

### Fjöldi eininga skilað inn

Tölur eru í milljónum eininga



Heimild: Endurvinnslan hf.




# Landsbankinn mun bjóða upp á endurútreikning

Einstaklingum með erlent lán með veði í íbúðarhúsnæði verður boðið að breyta láni sínu í íslenskt lán og velja hvort það verður endurútreiknað með lágstu verðtryggðu eða óverðtryggðu vöxtum Seðlabanka Íslands.

Viðskiptavinir munu eiga kost á að nýta sér lausnir Landsbankans til að létta greiðslubyrðina eða lækka höfuðstólinn að endurútreikningi loknum. Markmið okkar er að greiðslubyrðin verði viðráðanleg fyrir viðskiptavini.

Haft verður samband við viðskiptavini um leið og endurútreikningur liggur fyrir.

Nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is) eða í næsta útibúi.





**VIGSLUORÐIN** Forstjóri Alcoa á Íslandi tók fyrstu skóflustunguna að kersmiðju fyrirtækisins á Reyðarfirði í gær.

## Alcoa skapar sjöttu ný störf: Ætlar að reisa kersmiðju

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, tók í gær fyrstu skóflustunguna að nýrri fjögur þúsund fermetra kersmiðju Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Stefnt er að því að hún verði tekin í notkun eftir rúmt ár, í byrjun árs 2012.

Gert er ráð fyrir því að á bilinu sextíu til áttatíu manns muni vinna við að reisa smiðjuna að jafnaði, þegar mest láti um 160 manns. Reksturinn mun skapa um sjöttu störf til framtíðar, að því er segir í tilkynningu. Áætlað er að heildarfjárfestingin nemi 3,5 milljörðum króna.

-jab

## Halda stýrivöxtum óbreyttum: Gremst hægur efnahagsbati

Stjórn bandaríska seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í fjórðungi úr prósentu. Stýrivöxtum ytra hefur verið haldið föstum í tæp tvö ár.

Bloomberg-fréttastofan hafði eftir fjármálasérfræðingum að aðalseðlabankastjórn Ben Bernanke væri sama sinnis og Barack Obama forseti, en hann lýsti því yfir í gær að sér gremdist hversu seint efnahagslífið virtist taka við sér eftir kreppuna og hægt drægi úr atvinnuleysi.

-jab

# Engar grundvallarþreyingar á höftum fyrr en í mars 2011

Seðlabankinn áréttar í yfirlýsingu að ákvarðanir um afnám gjaldeyrishafta séu raunverulega á forræði ríkisstjórnarinnar. Þótt ekki verði breytingar á höftunum fyrr en í mars útilokar það ekki sértækar aðgerðir.

Gjaldeyrishöft Seðlabanka Íslands standa óhöggud í það minnsta þar til í mars á næsta ári. Þetta kom fram í sérstakri yfirlýsingu sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri flutti á kynningarfundum vegna vaxtaákvörðunar peningastefnunefndar bankans í gær.

Már sagði yfirlýsingu gefna til þess að útskýra „stefnuramma og núverandi áform varðandi afnám gjaldeyrishafta“ og áréttaði að í henni væri ekki að finna nýjar upplýsingar aðrar en að breytingar yrðu ekki gerðar á höftunum fyrr en í mars.

Um leið kom fram í yfirlýsingu seðlabankastjóra að þótt höftunum yrði ekki breytt útilokaði það ekki aðgerðir til þess að undirbúa afgerandi afnám hafta. „Hér gæti verið um að ræða aðgerðir til að leyfa, gegnum skipulögð uppboð, skipti á löglega fengnum aflandskrónum fyrir löglegar erlendrar eignir innlendra aðila,“ sagði hann og kvað einnig koma til greina að leyfa fjárfestingu löglega fenginna aflandskróna í sérstökum langtímaverkefnum eða öðrum sértækum verkefnum hér á landi.

Í umfjöllun greiningardeildar Arion banka um yfirlýsingu seðlabankastjórans segir að með henni sé mörkuð ákveðin fjarlægð á milli Seðlabankans sjálfs og ákvörðunar um afnám hafta, sem sé raunverulega á forræði ríkisstjórnar Íslands.

Greining Íslandsbanka bendir á að Seðlabankinn hafi undanfarnar vikur sætt nokkurri gagnrýni fyrir að veita „ógagnsæjar



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri áréttaði að eitt markmiðið í áætlun stjórnvalda væri að skapa skilyrði fyrir afnámi gjaldeyrishafta, enda hefðu þau í för með sér efnahagslegan og félagslegan kostnað sem hefði tilhneigingu til að aukast eftir því sem höftin vörðu lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og villandi“ upplýsingar varðandi áform sín um afnám gjaldeyrishafta, sem hafi meðal annars valdið miklum óróa á skuldabréfamarkaði. „Yfirlýsing seðlabankastjóra frá því í morgun markar því þáttaskil í upplýsingagjöf bankans varðandi gjaldeyrishöftin og

sýnir aukna viðleitni til að tryggja að allir markaðsaðilar fái sömu upplýsingar á sama tíma. Ljóst er að yfirlýsingin slær á allar væntingar þess efnis að fyrstu skref varðandi afnám haftanna verði stigin fyrir áramót eins og mátti skilja af yfirlýsingu bankans frá

því fyrr í haust,“ segir í umfjöllun bankans.

Í yfirlýsingu sinni rakti Már sögu haftanna sem sett voru á í nóvember 2008 sem hluti af efnahagsáætlun stjórnvalda með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann benti á að höftin væru frávik frá skuldbindingum Íslands um frjálst flæði fjármagns samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagsvæðingunni (EES). „Samkvæmt honum eru slík höft aðeins leyfð sem neyðarráðstöfun til skamms tíma. Höftin hafa verið kynnt stofnunum EES, eins og mælt er fyrir um í samningnum, án þess að mótbárur hafi komið fram. Það væri samt sem áður brot á EES-samningnum ef ekki er unnið í góðri trú að afnámi gjaldeyrishaftanna eftir að þau skilyrði sem sköpuðu neyðarástand eru ekki lengur til staðar.“

Már áréttaði að í gildandi áætlun um afnám gjaldeyrishafta væri að finna nokkur meginskilyrði. Þar væru mikilvægust skilyrði um þjóðhagslegan stöðugleika, og þar með talið trúverðugar aðgerðir til að tryggja sjálfbær ríkisfjármál, auk minnkandi verðbólgu, trausts fjármálakerfis og nægilegs gjaldeyrissjóðs. „Tvö af þessum skilyrðum hafa verið uppfyllt, en traust fjármálakerfi er ekki fyrir hendi,“ sagði hann en vísaði um leið til þess að stjórnvöld hefðu í síðustu viljayfirlýsingu sinni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skuldbundið sig til að grípa til viðeigandi aðgerða og endurfjármagna bankakerfið fyrir áramót ef á þyrfti að halda.

olik@frettabladid.is

## HIGH COURT OF JUSTICE Á MÖN EINKAMÁLARÉTTARDEILD MEÐFERÐ FYRIR SKIPTARÉTTI CHP 10/0021

### VARÐANDI

### ISIS INVESTMENTS LIMITED Í SLITAMEÐFERÐ

ISIS INVESTMENTS LIMITED (hér nefnt „fyrirtækið“) er fyrirtæki sem stofnað er og skráð samkvæmt lögum á Mön og skráð hjá fyrirtækjaskrá með númer 080684C og var úrskurðað til að gangast undir slitameðferð með úrskurði High Court of Justice á Mön þann 29. mars árið 2010 en Andrew Paul Shimmin (hér nefndur „skiptastjóri“) til heimilis að Hope Street 13-15, Douglas, Isle of Man IM1 1AQ, hefur verið skipaður skiptastjóri fyrirtækisins.

VAKIN ER ATHYGLI Á ÞVÍ að með úrskurði High Court of Justice á Mön, sem dagsettur er 15. október árið 2010, ber hverjum þeim aðila, sem er lánardrottinn fyrirtækisins og hefur ekki lýst kröfu í búið vegna slitameðferðar á fyrirtækinu, að lýsa kröfu sinni á hendur fyrirtækinu eða skuld fyrirtækisins með því að leggja fram hjá skiptastjóra réttilega útfyllt eyðublað með kröfulýsingu eigi síðar en 6. desember 2010 en farist það fyrir mun hann eða hún útilokaður/útilokuð frá því að eiga kost á útgreiðslu eða greiðslum úr búinu sem fara fram áður en kröfulýsing hefur átt sér stað (skuld fyrirtækis er sönnuð).

Eyðublað fyrir kröfulýsingu er hægt að fá hjá skiptastjóra með því að senda skriflega beiðni þar að lútandi til Andrew Paul Shimmin c/o Shimmin Wilson & Co., 13-15 Hope Street, Douglas, Isle of Man IM1 1AQ (faxnr. +441624 629666).

Andrew Paul Shimmin  
Skiptastjóri og dómkvaddur opinber vörslumaður  
við slit á fyrirtækinu Isis Investments Limited



**SKRIFAÐ UNDIR SAMNINGA** Verne Holdings tryggði sér staðsetningu undir gagnaver fyrir rúmum tveimur árum. Framkvæmdir hafa legið niðri um skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ESA rannsakar undanþágur til byggingar gagnavers:

## Telur ívilnun geta verið ríkisaðstoð

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, ákvað í gær að hefja formlega rannsókn á því hvort ríkisstuðningur fælist í fyrirhuguðum undanþágum Verne Holdings frá sköttum og gjöldum til ríkis og sveitarfélaga. Auk þess mun stofnunin skoða orkusölusamning, kaup á fasteignum, lódaleigu og samning um gagnaflutning til gagnavers Verne Holdings.

Fyrirtækið keypti skemmur í febrúar árið 2008 og hefur unnið að byggingu gagnavers á svæðinu. Framkvæmdir hafa verið í lágmarki upp á síðkastið og óvíst hvenær það getur hafið rekstur.

Alþingi samþykkti að veita Verne Holdings ívilnanir í júní í sumar og sendi erindi um það til ESA í september.

„Þetta var viðbúið og kemur okkur ekki á óvart. Við vonum að rannsóknin taki ekki of langan tíma,“ segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holdings.

Í rökstuðningi ESA fyrir rannsókninni segir að bygging gagnaversins hafi hafist án stuðnings yfirvalda og vill stofnunin meta hvort ívilnanir séu nauðsynlegar til að unnt verði að ljúka framkvæmdum.

-jab



# Neyðarkall!

Neyðarkallinn 2010 er rústabjörgunarmaður. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin tók þátt í hjálparstarfi eftir jarðskjálftann á Haiti fyrr á þessu ári.



Aðalbachjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:



Dagana 4. - 7. nóvember fer fram fjáröflunarátakið **Neyðarkall björgunarsveitanna**. Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum neyðarkalli á lykklappu en sjálfboðaliðar björgunarsveitanna bjóða hann til sölu um allt land á 1.500 krónur. Við hvetjum alla til þess að taka vel á móti okkar fólki.

Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á meira fé til starfseminnar og er þetta okkar leið til að bregðast við því. Almennigur er því hvattur til þess að stuðla að eigin öryggi með því að styðja þetta átak.



SLYSAVARNAFÉLAGID  
LANDSBJÖRG

Þetta er neyðarkall til þín!

# Íslenskir dagar



FJARDARKAUP

28. október - 6. nóvember



úr  
kjötbörði

Svínahnakki úrb.  
**998,kr./kg**

verð áður 1.498,-



úr  
kjötbörði



Nautagúllas  
**1.598,kr./kg**

verð áður 1.998,-



úr  
kjötbörði

Svínalundir  
**1.398,kr./kg**

verð áður 2.198,-



Kjarnafæði  
Íslenskt heiðarlamb  
**1.398,kr./kg**

verð áður 1.568,-



úr  
kjötbörði



Nautainnalæri  
**2.490,kr./kg**

verð áður 3.195,-



Fjallalamb lifrapylsa (frosin)  
**598,kr./kg**

verð áður 797,-



Fjallalamb blóðmör (frosin)  
**568,kr./kg**

verð áður 757,-



Frútína jóгурtdrykkur 4.teg.  
**109,kr./stk.**



Hríis 200g  
**248,kr.**

Staurar 2 í pk.  
**119,kr.**

VISA

www.FJARDARKAUP.is



**Coke 4x2L (4 fyrir 3)  
777,kr.**



**Ostakaka m/karamellu  
eða hinberjum  
798,kr./stk.**



**Myllu orkubrauð  
298,kr.**



**Fjörostur 500g  
1.047,kr./kg**      **Búri  
1.328,kr./kg**  
verð áður 1.309,-      verð áður 1.660,-

**Konsum orange  
128,kr.**



**Síríus 70%  
178,kr.**

**Síríus 56%  
178,kr.**



**Vilko vöflur eða pönnukökur  
499,kr./pk.**



**Partý mix / Beikon bitar  
248,kr./pk**




**Fjarðarkaup's ís  
Vanilla/súkkulaði 2L  
488,kr./stk.**



**Ora Grænar baunir  
109,kr.**



**Ora fiskibollur  
398,kr.**



**Heilsu tvenna  
598,kr.**



**Porskalýsi perlar  
500 stk.  
1.298,kr.**

# ein-stök verslun



**Egils malt  
í flösku  
129,kr.**



**Egils appelsín  
í flösku  
99,kr.**



**Frón Mjólurkex  
268,kr.**

**Frón Matarkex  
268,kr.**



**Risa eldhúsrúllur 3 stk.  
498,kr.**



**C-11 kvottaefni 2kg  
898,kr.**

Hversu margir voru búnir að setja sig á hausinn fyrir hrun en vilja nú fá skuldaniðurfellingu?

## Fórnarlömbin

**K**rafan um almenna skuldaniðurfellingu og betri varnir gegn því að lánardrottinn geti gengið að skuldurum er áfram hávær og verður vafalaust borin fram í mótmælum sem boðuð hafa verið á Austurvelli í dag.

Ekki leikur vafi á að margir eru í alvarlegum skuldavanda og í þörf fyrir aðstoð. Opinberar tölur segja okkur að fimmtungur húseigenda í landinu skuldi meira en þeir eiga í eignum sínum. Hins vegar leikur heldur ekki vafi á að sá vandi er tilkominn með mismunandi hætti og ekki endilega á sama tíma.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Talsverður hópur fólks er kominn í erfiða stöðu vegna þess að það er á lágum launum og skuldir þess snarjokust vegna falls krónunnar. Það á þess vegna erfitt með að greiða af hóflegum lánum vegna hóflegs húsnæðis. Ýmsir

hafa orðið fyrir atvinnu- eða tekjumissi og eru þess vegna í vanda.

En það er líka talsverður hópur sem lifði einfaldlega um efni fram eða tók áhættu í fjármálum fyrir hrun og var búinn að koma sér á hausinn fyrir hrun. Margir úr þessum hópi stilla sér hins vegar upp sem fórnarlömbum kreppunnar, eða þá ábyrgðarlausra útlána bankanna, en ekki eigin ákvarðana. „Forsendubrestur“ er sem tónlist í eyrum þessa fólks sem sér fram á að geta fengið aðstoð við að greiða úr stöðu sem var í raun orðin vonlaus áður en efnahagslífið varð fyrir áfalli. Í flestum tilvikum er staðan hins vegar svo slæm að vafi leikur á að jafnvel afar kostnaðarsamar aðgerðir á borð við almenna 20 prósentu niðurfellingu skulda dugi þessu fólki.

Einstaklingar úr þessum hópi hafa sumir hverjir hrópað á athygli fjölmiðla. Þannig var um manninn sem réðist á húsið sitt og bílinn með jarðýtu í fyrrasumar og uppskar meðal annars aðdáun Þórs Saari alþingismanns, sem sótti brak úr húsinu og stillti upp í þingflokksherbergi Hreyfingarinnar sem minnismerki um „efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar“. Í ljós kom að ýtumaðurinn hafði steypt sér í óviðráðanlegar skuldir fyrir hrun og að auki haft fé af fólki sem hann var í viðskiptum við.

Svipuðu máli gegnir um þann sem hefur fengið við sig viðtöl í fjölmiðlum undanfarið og aðstoð „heimavarnarliðsins“ vegna þess að banki hyggst taka af honum heimili hans. Eins og DV upplýsti í gær var íbúðin í eigu gjaldþrota verktakafyrirtækis sem skuldar hundruð milljóna króna.

Við getum líka rifjað upp söguna af manninum sem Hæstiréttur neitaði í vor um að gera nauðasamninga við lánardrottina sína. Sá hafði búið í 200 fermetra húsi og rekið tvo bíla þrátt fyrir að vera atvinnulaus og bætti svo við láni fyrir fellihýsi áður en allt fór í steik í efnahagslífinu. Hann vildi borga níu milljónir upp í 139 milljóna skuld. Núverandi umboðsmaður skuldara sagði í Fréttablaðinu í sumar að það mál væri að mörgu leyti dæmigert fyrir þá mörgu sem hefðu lifað um efni fram og keyrt á lánum sem bankar og fjármálafrýrtæki hefðu fúslega veitt.

Hinar opinberu tölur segja okkur ekki hvernig skiptingin er á milli hópanna; þess sem inniheldur hin raunverulegu fórnarlömb hruns krónunnar og hins sem var búinn að koma sér á vonarvöl hvort sem var. Umræðunnar vegna væri þó fengur að því að það kæmist á hreint. Það myndi varpa skýrara ljósi á raunverulegt umfang skuldavanda sem til er kominn vegna hrunsins.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Aldrei

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi fjármála- og utanríkisráðgjafi, lýsti á Pressunni í gær andúð sinni á að Árni Mathiesen væri orðinn starfsmaður Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. „Ef þetta er nýjasta útlutningsvara Íslands eigum við ekki von á góðu,“ sagði Jón en utanríkisráðuneytið studdi umsókn Árna um starfið. Spurður hvort Jón hefði sem utanríkisráðgjafi stutt umsókn Árna svaraði hann stutt og lagsgott: „aldrei.“

#### Auðvitað ekki

Skýringin á því hvers vegna Jón hefði „aldrei“ stutt umsókn Árna er væntanlega einföld. Í hans ráðherra-tíð réði hann nefnilega ekki – eða studdi til starfa – aðra en samflokksmenn.

#### Sáttfúsir

Sjálfstæðismenn í borgarpólitíkinni telja meirihlutann í mannréttindaráði á rangri braut í stóra trúar- og skólamálinu. Hafa þeir lagt til að hafin verði vinna við að ná um það víðtækri samstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur oft áður boðað að ná beri víðtækri sátt um mál. Það átti til dæmis við um fiskveiðistjórnunarkerfið. Sú sátt átti hins vegar að felast í því að aðrir sættust á skoðanir sjálfstæðismanna. Tilraunin var því andvana fædd. Ekki er að sjá að beita eigi þeirri aðferðafræði í þetta sinn og því vert að gefa tillögunni gaum.



bjorn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Af hverju þarf niðurskurð?

### Ríkisfjármál



Árni Páll Arnason  
efnahags- og viðskiptaráðgjafi

Nýlega kynnti ríkisstjórnin fjárlagafrumvarp þar sem gert er ráð fyrir miklum samdrætti í útgjöldum. Í kjölfarið hafa margir velt því fyrir sér hvort ástæða sé til að ganga svo langt í niðurskurði ríkisútgjalda. Jafnvel hafa stigið fram lukkuriddarar sem segja enga þörf á niðurskurði og varla heldur á skattahækkunum. Eina sem þurfi sé aukin atvinna og veltuaukning henni samfara.

Vandinn er því miður stærri en svo að við leysum hann með aukinni veltu. Við reddum okkur ekki úr vandanum með nýrri stórvirkjun og álveri. Útgjöld ríkisins eru meiri en tekjurnar standa undir. Markmið okkar er að ná jafnvægi í ríkisútgjöldum, óháð hagsveiflu. Ef velta eykst vegna nýrrar fjárfestingar eru það að sjálf-sögðu góð tíðindi, en þau koma ekki í veg fyrir þörf á niðurskurði ríkisútgjalda. Afkomubati vegna hagsveiflu telst ekki með í þeirri aðlögun sem nú stendur yfir. Ef vel árar á að safna í hlöðu. Við getum nefnilega ekki haldið áfram að reikna með eilífu blíðviðri. Það er ekki lengur árið 2007.

Í aðlögun útgjalda að tekjum skiptir miklu að forgangsraða. Við stundum ekki flatan niðurskurð. Uppsafnaður niðurskurður í yfirstjórn ríkisins nemur 17% í lok þessa árs, en heildar-niðurskurður í fjárveitingum til þjónustu við fatlaða er 2,6%. Tillögur um endurskipulagningu heilbrigðisþjónustu eru líka skynsamleg leið til að nýta fjármuni betur, okkur öllum til hagsbóta. Ekki verður komist hjá því að ná þeim sparnaði sem að var stefnt með aðgerðunum þótt við gefum okkur kannski eitthvað lengri tíma til þess, eins og heilbrigðisráðgjafi hefur gefið ádrátt um.

Það er aldrei auðvelt að breyta halla upp á næri 10% af ríkisútgjöldum í afgang á þremur árum. Þess vegna hafa ríkisstjórnir undanfarinna ára fremur kosið að bæta í útgjöld og forðast erfiðar ákvarðanir um forgangsröðun. Það verður ekki gert lengur. Á fjárlögum ársins 2010 er næst stærsti útgjaldaliður ríkisins vaxtargjöld. Við greiðum meira í vexti en til allrar heilbrigðisþjónustu í landinu. Við getum ekki lifað áfram um efni fram.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is**

VERÐ FRÁ 6.990 KR. EINTAKIÐ

Elisa og Jóel '10 - árið í myndum

Farðu inn á [www.odd.is](http://www.odd.is) og búðu til persónulega gjöf. Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.



# Verkfall en ekki hátíðarhöld

Kvennafrídagur

Pórdís Elva Þórhallsdóttir  
baráttuSkotta



Kæru Íslendingar! Til hamingju með stærsta mótmælafund í sögu þjóðarinnar. Þann 25. október 2010 mótmæltu hátt í 60 þúsund Íslendingar misrétti í samfélaginu undir formerkjum kvennafrís, og hefur annar eins fjöldi aldrei staðið saman hérlandis. Hið ótrúlega er að mótmælin fóru fullkomlega friðsamlega fram. Ekki einu eggja var kastað. Engin rúða var brotin. Mótmælin vöktu athygli út fyrir landsteinana og nokkur hundruð erlendra einstaklinga, þar á meðal blaðamenn og fréttafólk, lögðu leið sína hingað til þess að verða vitni að þessum heimsviðburði.

Þó fannst starfsfólki Ríkissjónvarpsins þetta ekki nógu merki- legur viðburður til að vera fyrsta frétt í kvöldfréttatímanum 25. október. Til samanburðar má nefna að þegar 8.000 manns söfnuðust saman fyrir framan Alþingi til að mótmæla aðgerðum (eða aðgerðaleysi) stjórnvalda í málefnum heimilanna var það svo sannarlega fyrsta frétt þegja sjónvarpsfréttatíma RÚV þann 4. október síðastliðinn. Samt voru sjöfalt fleiri sem fjölmenntu um land

allt til að mótmæla kynjamisrétti þann 25. október.

Starfsfólk fréttastofu RÚV kaus að kalla mótmælin „hátíðarhöld“, sem gerir alvöru málsins að engu og er auk þess hreinlega rangt. Að hlutirnir skuli ekki vera kallaðir sínum réttu nöfnum er alvarlegt umhugsunarefni fyrir þá sem sýndu vilja sinn í verki og fóru í verkfall – en voru sagðir hafa tekið þátt í „hátíðarhöldum“ líkt og um hverja aðra skemmtun hefði verið að ræða. Þeim 50 þúsund konum sem söfnuðust saman í miðbæ Reykjavíkur í slag-

matvælum til þess að vera flokkað- ur sem mótmælandi? Eru það skila- boðin sem starfsfólk RÚV er að senda okkur? Hvað varð um mikil- vægi friðsamlegra mótmæla?

Kastljós tók við af fréttunum. Ekki nema helmingi þáttarins var varið í þennan stærsta mótmæla- fund Íslandssögunnar. Þótt kvenna- frídagurinn hafi verið haldinn undir yfirskriftinni „Konur gegn kynferðisofbeldi“ og þrátt fyrir að þetta hafi verið aðalinntak nær allra ræðukvenna sem stigu á svið á Arnarhóli minnst umsjónarmenn



Að hlutirnir skuli ekki vera kallaðir sín- um réttu nöfnum er alvarlegt umhugsun- arefni fyrir þá sem sýndu vilja sinn í verki

viðri var ekki skemmt yfir þeirri staðreynd að þær eru með 66% af heildartekjum karla og að þriðja hver þeirra verði fyrir ofbeldi á lífs- leiðinni. Okkur var ekki hátíð í huga þegar við fordæmdu nauðganir og sífjaspell á sviði sem svignaði undan roki og rigningu. Stormur- inn sem gekk yfir borgina jók enn á áhrifin og sannaði að fundargest- ir voru ekki í skemmtigöngu, heldur samankomnir vegna baráttumáls sem er nógu mikilvægt til að standa af sér veður og vind. Þarf að brjóta rúður, kveikja í bekkjum og grýta

Kastljóssins ekki einu orði á kyn- ferðisofbeldi í spjalli sínu við þátt- takendur kvennafrídagins. Ljóst er að enn þá er langt í land í baráttu íslenskra kvenna. Það sannast þegar hátt í sextíu þúsund konur sjá sig nauðbeygðar til að leggja niður störf og standa af sér storm til að mótmæla ríkjandi ástandi. Það sannast einnig þegar fjölmiðlar gera lítið úr þeirri baráttu og sniðganga fullkom- lega aðalinntak hennar. Ég skora hér með á starfsfólk RÚV að hætta að vera hluti af vandamálinu – og verða fremur hluti af lausninni.

# Gleðjumst yfir miklum árangri

Þjóðmál

Hrannar B. Arnarsson  
aðstoðarmaður  
forsætisráðherra



Í jákvæðni og bjartsýni er falið mikið uppbyggjandi afl. Í slík- um þankangangi liggur kraftur sem byggir upp og knýr einstaklinga áfram. Þennan uppbyggjandi kraft þarf íslenskt samfélag að næra og virkja enda þurfum við sárlega á honum að halda í þessum mundir.

Íslenskt samfélag hefur frá hrúni gengið í gegnum ákveðið sorgar- ferli. Eðlilegur þáttur í slíku ferli er að takast á við reiði, kvíða og jafn- vel vonleysi á stundum. Mikilvægur hluti af endurreisninni er að sigrast á þessum niðurbjótandi tilfinningum og koma í veg fyrir að neikvæðnin grafi um sig með ófyrir- sjáanlegum afleiðingum. Öll höfum við hlutverki að gegna í þessum efnun en fjölmiðlar, stjórnmála- menn og talsmenn hagsmunasam- taka verða að ganga á undan með góðu fordæmi.

Þrátt fyrir aföllin og skaðann sem hrúnið hefur valdið höfum við fulla ástæðu til bjartsýni um framhaldið og við getum sannarlega glaðst yfir

mörgum mikilvægum áföngum sem hafa náðst í endurreisninni á liðnum tveimur árum. Við eigum að halda þessum árangri til haga.

Gleðjumst yfir því að dregið hefur úr atvinnuleysi, það var 7,1% í sept- ember, samanborið við 9,3% í upphafi árs þegar það fór hæst. Störfum er nú farið að fjölga á ný og hefur þeim fjölgað um 2.500 frá öðrum ársfjórð- ungi í fyrra til sama tíma í ár.

Gleðjumst yfir því að gengi krónunnar hefur styrkst um 13% á und- anförnum 12 mánuðum. Öll heimili njóta þessarar þróunar með margvís- legum hætti.

Gleðjumst yfir því að stýrivextir hafa lækkað um 12,5% prósentustig, úr 18% í 5,50% og ekki verið lægri í rúm sex ár. Í kjölfarið hafa vextir banka og fjármálastofn- ana lækkað.

Gleðjumst yfir því að verðbólgan hefur ekki verið lægri í fimm ár og tólf mánaða breyting verðlags er aðeins 3,3%.

Gleðjumst yfir því að umskipti hafa orðið á afkomu ríkissjóðs. Á

fjórum árum mun halli ríkissjóðs fara úr 216 milljörðum árið 2008 í 36,4 milljarða 2011. Afkomubati sem nemur um 180 milljörðum eða 39% af tekjum ríkissjóðs á yfirstandandi ári.



Gleðjumst yfir því að dregið hefur úr atvinnu- leysi, það var 7,1% í september samanborið við 9,3% í upphafi árs.

Gleðjumst yfir því að á stuttum tíma hefur skuldtryggingarálagið farið úr 600 punktum niður undir 280 punkta, vöruskiptajöfnuður hefur verið jákvæður í langan tíma, íbúðarverð er farið að vaxa á ný og kaupmáttur launa hefur vaxið um 2,2% á liðnu ári.

Alla þessa ánægjulegu þætti er hollt að hafa í huga þó ekki dragi það úr þeim miklu erfiðleikum sem víða er við að etja í samfélaginu, ekki síst hjá hinum skuldbættu og þeim sem hafa lægstar tekjurnar. Enn höfum við sem þjóð mikil og vanda- söm verk að vinna en þau verða grundvöllur á þeim

mikla árangri sem þegar hefur náðst. Gleðjumst yfir áfangasigrunum og höldum bjartsýn áfram endur- reisnarstarfinu. Nærum og hlúum að því sem byggir upp og hvetur okkur áfram. Af nógu er að taka.

# Íslenskt smjör og skyr: „I love it“

Landbúnaðarvörur

Guðni Ágústsson  
framkvæmdastjóri



Engum Íslendingi blandast hugur um að gæði matvæla frá íslenskum bændum eru einstök. Engum blandast heldur hugur um að sér- staða hvort sem um er að ræða mjólkurvörur eða kjöt er mikil, hvað varðar öryggi neytenda, holl- ustu eða bragðgæði. Enda víður- kenna neytendur okkar íslensk- an landbúnað, engir bændur eiga sér jafn tryggn heimamarkað og þakkláta viðskiptavini. Í skoðana- könnun síðasta vetur svörðu 96% landsmanna því játandi að þeir teldu að það skipti miklu að landbúnað- urinn í landinu héldi velli og væri stundaður áfram. Þá á ég við þá sem svörðu að það skipti öllu máli, mjög miklu máli eða frekar miklu máli. Sama niðurstaða kom fram, eða 96% þeirra sem spurðir voru í þessari könnun, hvort það skipti máli fyrir Ísland að vera ekki öðrum þjóðum háð með landbúnaðarafurðir. Jafn- fram vakti athygli sá mikli stuðn-

til Parísar að ræða við heimsfræga leikara, einn þeirra leikur stórt hlut- verk í „facebook“-kvikmynd, Jesse Eisenberg að nafni – ungur strákur og brattur. Leikarinn sneri allt í einu hlutverkunum við og tók að spyrja Íslendinginn spurninga og þar á meðal að hann hefði sannfrétt, að á Íslandi væri framleitt besta smjör heimsins! Hann bað Sindra Sindra- son fréttamann að senda sér smjör- klípu til Bandaríkjanna, fiskisagan flýgur. Íslenskt smjör vekur nefni- lega mikla athygli. Það er mjúkt og gult á litinn, ólíkt öllu öðru smjöri og einnig að efnasamsetningu. Og það er talið hollara. Meistarakokkar heimsins hafa útnefnt smjörið okkar besta smjörið í veröldinni, stundum kemur frægðin að utan.

Skyrið fer sigurför

Það sama á við um skyrið, þekkingu sem Íslendingar hafa varð- veitt í ellefu hundruð ár og þykir lostæti, t.d. í hinum dýru hággæða búðum Bandaríkjanna Whole-Foods ásamt smjörunu, ostunum, lamba- kjötinu, bleikjunni og súkkulaðinu góða frá Nóa Síriús, þeir nota nefni- lega íslensku mjólkina í góðgætið. Bandaríkjamennirnir segja „I love it“. Þeir kunna að meta gæðin frá



Ennfremur hef ég haft spurnir af því að íslenskt skyr hafi verið borðað í Hvíta húsinu og forsetinn Obama hafi smakkað þessa hollu afurð.

ingur við að ríkið styddi við land- búnaðarframleiðsluna en um 77% aðspurða voru þeirrar skoðunar. Sannarlega er mikil ánægja með það holla matarborð sem bændur- nir skila í gegnum sínar iðnaðar- stöðvar inn í hvert eldhús. Nýjung- ar og vörupróun mjólkuriðnaðarins er mikil og hefur ekkert gefið eftir í erfiðleikum þjóðarinnar síðustu misseri. Jafnframt skiptir fjölskyld- an á bóndabýlinu miklu máli í vinsk- ap neytandans og ekki síður þegar farið er um landið.

Smjörklípa til USA

Oft finnst mér að þessum lífsgæð- um sé ekki mikið hampað í umræð- unni. Við eigum auðlindir til lands og sjávar sem skila okkur einstök- um lífsgæðum í gegnum starf bónd- ans og sjómannsins. Alltaf vekur það svo ánægju og eflir stolt okkar þegar gestir okkar erlendis frá lýsa einstakri hrifningu á Íslandi eða matnum frá okkur. Þessu eigum við að venjast með fiskinn, en í vaxandi mæli með lambakjötið sem bestu villibráðina og mjólkurvörurnar eru lofsamaðar víða erlendis ekki síst skyr og smjör. Eitt kvöldið sem oftast horfði ég á Ísland í dag á Stöð tvö. Þar var fréttamaðurinn kominn

íslenska bóndanum eins og við. Enn fremur hef ég haft spurnir af því að íslenskt skyr hafi verið borðað í Hvíta húsinu og forsetinn Obama hafi smakkað þessa hollu afurð. Það er stórt nafn Hákot og þeim þykir það merkilegt mörgum í Evrópu að íslenskur landbúnaður sé kominn inn í þessar búðir og starf bóndans á Íslandi sé dásamað þar. Allt þetta stafar af því að við reukum sjálfbær fjölskyldubú, förum vel með dýrin og landið. ESB-löndin vilja ólm styrkja sín landbúnaðarviðskipti í Bandaríkjunum ekki síst til að fá dollara og styrkja þannig sinn gjald- miðil, evruna. Við kunnum vonandi enn betur á síðustu og erfiðustu tímum að meta það öryggi að eiga okkar landbúnað sjálf. Í dag hefði skort gjaldeyri hefði verið dregið úr framleiðslu landbúnaðarværa hér og þurft að flytja inn mjólkur- vörur og kjöt eins og hávær krafa var um af hálfu ákveðinna aflla í þjóðfélaginu. Bændurnir okkar, í gegnum mjólkur- og kjötiðnaðinn, skapa þúsundum manna vinnu. Við eigum að verja þessi störf og þakka mjög framsækinn matvæla- iðnað sem stenst alla samkeppni og er í fremstu röð hvar sem meistara- kokkar koma saman.

AF NETINU



Stytta og stjórnmálamenn

Listamaðurinn vildi setja lágmyndir tengdar norrænni goðafræði á stöpul verksins. Það þótti trúmönnum í nefndinni ekki nógu gott. Þá vildi listamaðurinn rita einkunnarorðin Sjálfur leið þú sjálfan þig, framan á stallinn. Því höfnuðu verkkauparnir með þeim rökum að Ingólfur hefði ekki verið slíkur einstaklingshyggjumaður, heldur þvert á móti trúmaður mikill (þótt heiðinn væri).

Eftir á að hyggja var það miður að stytan af Ingólfi [Arnarsyni] fékk ekki að vera eins og listamaðurinn vildi. Stjórnmálamennirnir áttu ekkert með að taka fram fyrir hendurnar á myndlistarmanninum þegar kom að túlkun og boðskap verksins.

Í ljósi þessarar forsögu, finnst mér að borgaryfirvöld í Reykjavík gerðu betur í að leiðrétta mistökinn frá því í byrjun 20. aldar og sýna hvernig listamaðurinn hugsaði sér verk, frekar en að feta í fótspor Knúts [Zimzenski] með því að fela stjórnmálamönnum að túlka listina.

kaninka.net/stefan

Stefán Pálsson

AGS í vanda með Ísland

Það verður erfitt fyrir AGS að yfirgefa Ísland 2011, ef hagvöxtur stefnir í 0,5% eins og Arion banki spár og 50 ma kr niðurskurður og skattahækkunir renna út í sandinn. Minni hagvöxtur og hærri ríkishalli er ekki samkvæmt uppskrift AGS. Væntingar eru miklar og boginn hefur verið spennur hátt. Það verður álits- hnekkir bæði fyrir stjórnvöld og AGS ef hið margrómaða Íslands prógramm fer að riðlast.

blog.ejan.is/andrigeir

Andri Geir Arinbjarnarson

Sérblað um

**GJAFIR FYRIR STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI**

ÞANN 11. NÓVEMBER KEMUR ÚT BLAÐ UM FYRIRTÆKJAGJAFIR

Í blaðinu verður fjallað ítarlega um gjafir til starfsmanna og viðskiptavina.

Auglýsendur tryggjið ykkur pláss í blaðinu!

Nánari upplýsingar veitir:  
Hlynur Þór Steingrímsson,  
s. 512 5439/699 6001,  
hlynurs@365.is



Allt sem þú þarft...



„Þetta er bara miklu ódýrara með Staðgreiðslukorti“

VETRARTILBOÐ!  
**25%**  
 afsláttur með Staðgreiðslukortinu

Nú færðu 25% afslátt af frostlegi, rúðuhreinsi og þurrkublöðum með Staðgreiðslukorti Olís.

Vildarpunktur Ícelandair  
 Afsláttur af vörum  
**-3kr.**  
 af eldsneyti



SÆKTU UM  
STADGREIÐSLUKORT  
Á OLÍS.IS



Vinur við veginn

# Háskólarannsóknir á krepputímum: Raun- og heilbrigðisvísindi

## Menntamál

Eiríkur Steingrímsson



Magnús Karl Magnússon  
prófessorar við læknadeild HÍ



Rannsóknatengd nýsköpun er sú gerð nýsköpunar sem leiðir til mestis virðisauka. Oftast á sú nýsköpun uppruna í grunnrannsóknunum á sviði verkfræði og raun- og heilbrigðisvísinda. Staða þessara vísinda á Íslandi hefur hins vegar versnað að mun í kjölfar kreppunnar. Vísindarannsóknir á sviði raun- og heilbrigðisvísinda eru öflugustu rannsóknir sem stundaðar eru á Íslandi. Þetta hefur komið fram í öllum úttektum sem gerðar hafa verið á stöðu vísindarannsókna á Íslandi, nú síðast í skýrslu Rannís um ritrýndar birtingar og áhrif þeirra. Þrátt fyrir þetta er staða þessara fræðisviða veik í alþjóðlegum samanburði enda samkeppnisgjóðir á Íslandi veikir. Helsti samkeppnisgjóðurinn sem styrkir vísindarannsóknir er Rannsóknasjóður. Árið 2009 hafði hann samtals 314 milljónir til úthlutunar í ný verkefni. Meðalupphæð styrkja var 6,1 milljón. Þessi upphæð dugar vart fyrir launum og rekstrarkostnaði eins rannsóknarnema í eitt ár.

Rannsóknastofa með einum nemenda er hins vegar örrannsóknastofa og langt frá sambærilegum rannsóknastofum í nágrannalöndunum þar sem stofur með 5-10 nemendum eru algengar. Sá árangur sem hefur náðst í vísindarannsóknunum á sviði raun- og heilbrigðisvísinda er einkum því að þakka að erlendir samstarfsaðilar einstakra vísindamanna greiða oft brúsann. Það er hins vegar ekki hægt að reida sig á slíkt til langframa og raunar má leiða líkur að því að niðurskurður á innlendu rannsóknarfé veiki samkeppnisstöðu íslenskra vísindamanna á erlendum vettvangi.

Árangurshlutfall íslenskra vísindamanna í erlendum samkeppnisjóðum, s.s. 7. Rammaáætlun, hefur verið gott en minni árangur heima fyrir leiðir einungis til veikari samkeppnisstöðu erlendis. Þetta er vert að hafa í huga, ekki síst í ljósi þess að eitt af þremur meginstejum í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012 er einmitt að auka alþjóðlega samvinnu.

Íslenska meðalstyrkinn má bera saman við sambærilega styrki á Vesturlöndum. Einfaldast er að bera hann saman við meðalstyrki í Bandaríkjunum þar sem styrkjakerfið er samræmt og gagnsætt en þar er það National Institutes of Health (NIH) sem einkum styrkir rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda. Flestir ef ekki allir bandarískir vísindamenn á sviði heilbrigðis- og lífvísinda reida sig á styrki frá NIH en þeir eru mikilvægasta fjármögnunin. Meðalupphæð verkefnastyrkja frá NIH var 416 þúsund dollarar/ár (50 milljónir ísl. kr.) árið 2009. Þetta er 9 sinnum hærra upphæð en meðal-verkefnisstyrkur frá Rannsóknasjóði. Frá Evrópu má nefna nærtækt dæmi, en samstarfsaðili annars okkar hlaut nýverið styrk að upphæð 20 milljónir sænskra króna (330 milljónir ísl. kr.) til fimm ára frá Strategiska Fonderna. Augljóst er að erfitt er að keppa við vísindamenn í nágrannalöndunum með hið íslenska styrkjakerfi að vopni.

Áhugaleysi stjórnvalda á rannsóknunum á sviði verkfræði, raun- og heilbrigðisvísinda kemur fram á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi má nefna áhugaleysi gagnvart Rannsóknasjóði og takmarkaðan áhuga á að breyta pólitískum vísindasjóðum (t.d. AVS sjóðnum) í alvöru vísindasjóð. Í öðru lagi má nefna að þrátt fyrir endurteknar tilraunir hefur enn ekki tekist að fá niðurfelldan virðisaukaskatt af rannsóknævörum. Í þriðja lagi hefur mennta- og menningarmálaráðherra nýlega skipað Gæðaráð háskóla sem ætlað

er að tryggja gæði háskólastarfsemi á Íslandi og bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt.

Þetta skref er fagnaðarefni. Það er hins vegar athyglisvert að enginn þeirra erlendu sérfræðinga sem skipaðir hafa verið í ráðið hafa menntun eða reynslu á sviði tilraunavísinda (verkfræði, raun- eða heilbrigðisvísinda).

Það virðist því ætluð yfirvalda að láta meta þessi vísindi, sem allir mælikvarðar segja að séu þau sterkustu á Íslandi, af einstaklingum sem ekki þekkja til þessara vísinda. Áhugaleysi stjórnvalda gagnvart málaflokknum er áhyggjuefni. Það er mikilvægt fyrir framtíð Íslands að efla rannsóknatengda nýsköpun. Fáir hefðu spáð því fyrir 20 árum að áhugaverðustu yfirtæki Íslands árið 2010 störfuðu á sviði stöðtækja, erfðafræði, tölvuleikja eða lyfjaframleiðslu. Ef sambærileg óvænt nýsköpun á að geta orðið til í framtíðinni, er mikilvægt að stórefla samkeppnisjóði, sérstaklega á sviði raun- og heilbrigðisvísinda.

Í þessum greinaflokki höfum við lagt áherslu á samfélagslegt hlutverk vísinda og nýsköpunar.

Vísindi geta skapað eina af stöðum nýs samfélags. Til þess að þetta verði að veruleika verðum við að endurskoða fjármögnun og gæðamat vísindarannsókna á Íslandi. Við leggjum til að á aldarafmæli Háskóla Íslands hefjist slík endurskoðun. Í þeim tilgangi mætti skipa ráðgjafaráð alþjóðlegra vísindamanna og annarra sérfræðinga á sviði nýsköpunar. Ráðgjöf slíks hóps gæti hjálpað okkur að brjóta úr viðjum stofnanafjárveitinga og um leið leyst úr læðingi nýjan kraft innan háskólasamfélagsins. Á sama tíma þurfa stjórnvöld að gera sér grein fyrir að raunveruleg verðmætasköpun byggir á þekkingu og að slík fjárfesting er langtímafjærfesting sem leggur grunn að öflugri, frjóu og upplýstu samfélagi sem skapar eftirsóknarvert umhverfi fyrir komandi kynslóðir.

# Nú þurfum við á þér að halda

## Neyðarkallinn

Íris Lind Sæmundsdóttir  
félagi í Hjálparsevit skáta í Reykjavík



Björgunarsveitir á Íslandi, þess allar starfa innan vébanda Slysavarnafélagsins Landsbjargar, eru mannaðar sjálfbodaliðum sem standa vaktina allan sólarhringinn árið um kring. Eitt helsta hlutverk sveitanna er vera til staðar fyrir almenning þegar þörf er á. Þannig starfa þær í þágu almannaheilla og taka þátt í björgun, leit og gæslu. Mikilvægi þeirra í íslensku samfélagi

og góðs tækjabúnaðar. Björgunarsveitarfólk gengst undir mikla og stranga grunnþjálfun, auk þess sem gerð er krafa um símenntun og sérfræðimenntun á ýmsum sérstökum björgunarsviðum eftir að grunnþjálfun er lokið. Einnig eru ákveðnar kröfur gerðar til þess um andlegan styrk, líkamlegt atgervi og tímafórni vegna þjálfunar og æfinga á vegum sveitanna. Sveitirnar þurfa einnig að vera búnar sérstökum tækjakosti sem hentar í hvers kyns björgunarsstörf. Búnaðurinn þarf alltaf að vera tiltækur, yfirfarinn og í góðu lagi.

Til að standa straum af rekstri björgunarsveitanna standa þær fyrir ýmiss konar fjáröflunarstarfi. Dagana 4.-



Rekstur björgunarsveitanna er afar kostnaðarsamur en starfi þeirra verður ekki sinnt án vel þjálfaðs mannafla og góðs tækjabúnaðar.

verður vart dregið í efa en það hefur sýnt sig í gegnum árin að þær eru nauðsynlegur hlekkur í almannavarnakerfi landsins. Það sást til dæmis glögg við björgun- og hreinsunarsörf í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli þegar björgunarsveitarfólk hvaðanæva að af landinu lagði sitt af mörkum vegna ýmissa verkefna sem þá féllu til. Sveitirnar hafa einnig sannað sig á erlendum vettvangi, eins og þegar rústabjörgunarsveitin sem hefur hlotið sérstaka vottun Sameinuðu þjóðanna hélt utan til að sinna björgunarsörfum á Haítí fyrir á þessu ári.

Mikilvægt er að hafa í huga að rekstur björgunarsveitanna er afar kostnaðarsamur en starfi þeirra verður ekki sinnt án vel þjálfaðs mannafla

7. nóvember munu þær standa fyrir árlegri sölu á Neyðarkallinum. Í ár er hann í líki rústabjörgunarmanns til heiðurs þeim sem stóðu vaktina vegna verkefnisins á Haítí. Rústabjörgunarsveitin skildi eftir mikið af búnaði sínum ytra svo hægt væri að nota hann í áframhaldandi hjálparstarfi. Ágóði af sölu Neyðarkallsins í ár mun meðal annars ganga upp í kaup á nýjum búnaði fyrir sveitina.


Við björgunarsveitir munum bjóða Neyðarkallinn til sölu á vinnustöðum og við verlanir um land allt næstu daga og vonum að þú takir vel á móti okkur. Við stöndum vaktina árið um kring fyrir þig og þína en þurfum núna á stuðningi þínum að halda. Því hvet ég þig til að kaupa Neyðarkallinn í ár.



**N1 VEGAÐSTOÐ**  
FYRIR REYKJAVÍK OG NÁGRENNI  
Hafðu samband ef billinn bílar!  
Opíð allan sólarhringinn, alla daga.  
Sími 660 3350

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1

REYNSLUBOLTAR  
MEÐ RÍKA  
ÞJÓNUSTULUND



KOMDU VIÐ Á NÆSTA  
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI  
N1. VIÐ TÖKUM VEL  
Á MÓTI ÞÉR.

- Hjólbardaþjónusta fyrir alla bíla, stóra, smáa, gamla og nýja
- Fagleg og skjót vinnubrögð
- Hagstætt verð
- Landsins mesta úrval af dekkjum og felgum
- Á dekkjahótelum N1 býðst þér að geyma sumardekkinn gegn vægu gjaldi
- Bjóðum vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða, aðeins 3% lántökugjald

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarda á [www.n1.is](http://www.n1.is)

## AF NETINU

### Iðnaður og aflandskrónur



Samtök iðnaðarins tala um aflandskrónur eins og þær hafi engin slæm áhrif á hagkerfið. Þær hafa auðvitað slæm áhrif á hagkerfið því annars væri ekki bannað að koma með þær til landsins. Samtök iðnaðarins vilja að leyft sé að nota þær í langtíma fjárfestingar. Í raun skiptir ekki máli í hvað þær eru notaðar. Þær auka eftirspurn en auka ekki verðmætisköpun á sama tíma sem mun leiða af sér lækkun krónunnar og hærra verðbólgu.

Vísir.is

Lúðvík Júlíusson

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# ÍSLENSK HEILSURÚM MED 30% AFSLÆTTI

Sérsmíðum heilsudýnur eftir þörfum hvers og eins

Rúmið sem ég fékk hjá Rúmgott er besta rúm sem ég hef átt. Ég hef alltaf átt erfitt með að finna rúm sem hentar mér, sérstaklega þar sem ég er mjög þungur og vöðvamikill. Ef ég hef verið í stífu rúmi til að halda bakinu beinu, hef ég orðið alveg blóðlaus og dofinn í höndunum, ef ég hef verið í mjúku rúmi til að hlífa öxlunum hef ég orðið stífur og ómögulegur í bakinu.

Í Rúmgott var tekið vel á móti mér, og ég tekinn í greiningu þar sem fundið var út hvernig ég sef, og í framhaldi sérsmíðað rúm að mínum þörfum. Rúmið sem ég fékk er til dæmis stíft undirbakið og mjúkt undir axlirnar þannig að þegar ég vakna á morgnana, líður mér vel í öxlunum, og er mjúkur og góður í bakinu.

Þetta hentar líka mjög vel þar sem ég og konan gátum aldrei verið sammála um hvernig rúm ætti að kaupa, þar sem við höfum augljóslega mismunandi svefnvenjur og þyngdardreifingu. Núna erum við bæði hæst ánægð, með dýnur sem henta hvoru okkar um sig fullkomlega.

*Sigfús Fossdal*



Heimsmeistari í kraftlyftingum í +140 kg. flokki og á stigum hjá WPF 2008  
Heimsmeistari í bekkpressu í +140 kg. flokki og á stigum hjá WPF 2009  
Margfaldur íslandsmeistari í kraftlyftingum auk fjölda annarra afreka.

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**50% afsláttur af heilsukoddum**  
**Verð frá 3.500 kr**

**VERÐDÆMI Á RÚMUM:**

90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-

160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Innifalið: Gallonklæddur botn, rúmfætur að eigin vali og dýna.

Stakar dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

**ÖLL ARINELDSTÆÐI Á  
50% AFSLÆTTI**

EITT BESTA VERÐ  
LANDSINS Á  
GEL / ETHANOL  
ARINELDSTÆÐUM.

Ethanol  
uppkveikilögur 2L.  
Kr. 1.600,-



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)





**WILFRED OWEN** skáld féll í orrustu þennan dag árið 1918, 25 ára gamall. „Það má skilgreina metnað sem viljann til að taka við ansi mörgum kjaftshöggum.“

## Merkisatburðir

- 1842** Abraham Lincoln kvænist Mary Todd í Springfield í Illinois í Bandaríkjunum.
- 1890** Prinsinn af Wales opnar fyrstu neðanjarðarlestarstöð í London, Station Stockwell.
- 1897** Fjórir bátar farast í ofsaveðri á Ísafjarðardjúpi og einn á Skjálfanda. Tuttugu og tveir drukknar.
- 1942** Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 skipbrotsmönnum af enska skipinu Daleby sem sókkt var á leiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna.
- 1969** Sautján farþegar slasast þegar tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu í Reykjavík.
- 2008** Barack Obama kjörinn 44. forseti Bandaríkjanna.

## PETTA GERÐIST: 4. NÓVEMBER 1966

### Flóð í Flórens

Mikið flóð varð í ánni Arno í Flórens á Ítalíu 4. nóvember 1966. Alls fórust 113 manns í flóðinu og fjölmörg ómetanleg listaverk eyðilögðust.

Þetta var mesta flóð sem orðið hefur í Flórens, vatnsborð Arno hækkaði um ellefu metra og vatnsmagnið var 200 lítrar á fermetra. Algjört neyðarástand skapaðist og opinberar hjálpar-

sveitir komu ekki til Flórens fyrr en sex dögum eftir að hlaupið hófst. Fjöldi sjálfbóðaliða hafði þá unnið að björgun verðmæta allan sólarhringinn, en engu að síður urðu mörg ómetanleg listaverk flóðinu að bráð. Meðal annars fylltust geymslur Þjóðarbókasafnsins og þúsundir dýrmætra handrita gjöreyðilögðust.

Heimild: wikipedia.com



**Indriði Guðjónsson**  
vélstjóri,

lést 28. október sl. að Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Aðstandendur



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Elíasson**  
Árskógum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, laugardaginn 30. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

Helga Ragnarsdóttir      Sigurður Guðmundsson  
Elísa S. Ragnarsdóttir      Friðrik Guðnason  
barnabörn og barnabarnabörn



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elsa Petra Björnsdóttir**  
Skálarhlíð Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar mánudaginn 1. nóvember.

Ingimar H. Þorláksson

Erla Ingimarsdóttir      Konráð Baldvinsson  
Guðfinna Ingimarsdóttir  
Þórdís Ingimarsdóttir      Ragnar Ragnarsson  
Jóhanna Ingimarsdóttir      Sveinn Einarsson  
Sólrun Ingimarsdóttir      Oddur Óskarsson  
Björn Ingimarsson      Lukrecija Bokan Danielsdóttir  
Birgir Ingimarsson      Pálína Kristinsdóttir  
Bylgja Ingimarsdóttir      Guðbrandur Skúlason  
Rakel Björnsdóttir      Thomas Fleckenstein  
Baldvín Kristjánsson      Jóna Heiðdal.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Þórarinn Haukur Hallvarðsson**

stýrimaður, Sóleyjarríma 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 31. október.

Erla Long      Erla Björk Ingibergsdóttir  
Sigurður Long  
Sigrún Þórarinsdóttir  
Katrín Unnur Þórarinsdóttir      Þórður Benediktsson  
barnabörn, barnabarnabörn og systur hins látna.



**FYRIRLESTUR** „Það er eins og allir taki U-beygju framhá umfjöllun um ástina,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, sem fjallar um Kynlega ást í Öskju milli 12.25 og 13.15 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FYRIRLESTUR UM ÁSTINA: KYNLEG ÁST Í ÖSKJU Í HÁDEGINU

# Fólk er sett í ástarþvingu

Í hádeginu í dag heldur Halldóra Gunnarsdóttir, MA í kynjafræðum, fyrirlestur er nefnist „Kynleg ást. Elska konur og karlar með ólíkum hætti?“ í stofu 132 í Öskju.

Í erindinu mun Halldóra gera grein fyrir helstu niðurstöðum MA-ritgerðar sinnar sem ber heitið „Kynleg ást. Viðtöl um ástina“. „Ég tók viðtöl við átta einstaklinga og er að reyna að skoða hvernig þeir tjá sig um ástina,“ segir Halldóra. „Þetta er að sumu leyti mannfræðileg nálgun og að sumu leyti kynjafræðileg, því ég er að reyna að skoða það hvort ástin sé kynjuð eða ekki.“ Og er hún það? „Í viðtölunum virtust konurnar eiga auðveldara með að tjá sig um ástina en karlmennirnir. Þær sögðu fleiri sögur, vísuðu í kvikmyndir og skáldsögur, eigin reynslu og reynslu vinkvenna sinna, á meðan karlmennirnir voru stuttur og töluðu

bara um eigin reynslu.“ En það var fleira sem var ólíkt. „Þegar ég spurði viðmælendur hvort þeir hefðu talað mikið um ástina sögðu sumir karlarnir hreinlega: nei, við tölum ekki mikið um ástina því við viljum ekki gefa höggstað á okkur.“

Ást og tilfinningar eru í samfélaginu skilgreindar sem kvennámál; rómantískar kvikmyndir og ástarsögur eru kallaðar „stelpmyndir“ og „stelpubækur“. Hefur það áhrif á afstöðu kynjanna til ástarinnar? „Konur eru samkvæmt skilgreiningu tilfinningaverur en karlarnir hafa rök-hugsunina,“ segir Halldóra. „Kynjafræðin er dálítið að ráðast gegn þessu með því að benda á að þetta er orðræðan og við viðhöldum henni. En í viðtölunum notuðu bæði konur og karlar lýsingar úr náttúrunni til að lýsa þeirri tilfinningu að vera ástfangin.“

Það sem kom Halldóru kannski mest á óvart við vinnslu ritgerðarinnar var hversu lítið ástin hefur verið rannsökuð. „Það er eins og ástin sé efni sem allir taka U-beygju framhá. Hún er svona yfir og allt um kring, í bíómyndum, skáldsögum og slúður-blöðum, en það er ofboðslega yfirborðsleg umræða. Það fer ekki fram nein umræða um það hver sé kjarni ástarinnar.“

Annað sem kom Halldóru í opna skjöldu var sú pressa sem virðist vera á fólk að vera í ástarsambandi. „Ég kalla þetta ástarþvinguna. Það er eins og samfélagið þvingi fólk til þess að verða ástfangið. Einn sagði mér til dæmis frá því að hann mætti miklu meiri fordómum vegna þess að hann væri einhleypur heldur en vegna þess að hann væri hommi.“

fridrikab@frettabladid.is



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Óskar Gunnarsson**  
Borgarholtsbraut 47, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum föstudaginn 29. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

Sigríður Stefánsdóttir

Svanhvít Jónsdóttir      Ólafur Garðar Þórðarson  
Stefanía Lóa Jónsdóttir      Óttar Birgir Ellingsen  
Guðrún Erla Jónsdóttir      Ingólfur R. Björnsson  
Hafðís Jónsdóttir      Guðmundur Stefánsson  
Sigríður Ósk Jónsdóttir      Júlíus Skúlason  
afabörn og langafabörn



*Elsku maðurinn minn, sonur, stjúpfaðir, afi og bróðir,*

**Nikulás Þórðarson**

lést 27. október á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00 frá Kópavogskirkju.

Elisabet Berta Bjarnadóttir      Halla Nikulásdóttir  
Svanborg Þórisdóttir      Guðrún Þórðardóttir  
Bjarni Þórisson      Elisabet Þórðardóttir  
Elisabet Lea Stefánsdóttir      Kjartan Þór Þórðarson  
Júlián Sigfús Bjarni Stefánsson      Skúli Eggert Þórðarson  
Einar Hugi Böðvarsson  
Kristjana Kría Lovísa Bjarnadóttir



# ORMSSON



# ÞVOTTADAGAR

## ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR *Gerðu hreinlega frábær kaup á eðalheimilistækjum!*

|  |   |  |  |
|--|---|--|--|
| <p><b>Pottavél</b> LAVAMAT 62840</p> <p>1200 snúninga<br/>Taumagn 6 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi</p> <p>Listaverð: 119.900,-<br/><b>Þú sparar: 24.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 95.900,-</b></p>   | <p><b>Pottavél</b> LAVAMAT 64840</p> <p>1400 snúninga<br/>Taumagn 6 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi</p> <p>Listaverð: 129.900,-<br/><b>Þú sparar: 26.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 103.900,-</b></p>   | <p><b>Pottavél</b> LAVAMAT 52840</p> <p>1200 snúninga<br/>Taumagn 6 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi</p> <p>Listaverð: 129.900,-<br/><b>Þú sparar: 34.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 95.900,-</b></p>   |  |
| <p><b>Pottavél</b> LAVAMAT 76850</p> <p>1600 snúninga<br/>Taumagn 7 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi<br/>Kolalaus mótór<br/>Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,-<br/><b>Þú sparar: 36.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 143.900,-</b></p>  | <p><b>Pottavél</b> LAVAMAT 74850</p> <p>1400 snúninga<br/>Taumagn 7 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi<br/>Kolalaus mótór<br/>Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 169.900,-<br/><b>Þú sparar: 34.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 135.900,-</b></p>   | <p><b>Þurrkari</b> LAVATHERM T55460</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara<br/>Taumagn: 6 kg</p> <p>Listaverð: 119.900,-<br/><b>Þú sparar: 24.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 95.900,-</b></p>  |  |
| <p><b>Þurrkari</b> LAVATHERM T56740</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara<br/>Taumagn: 7 kg<br/>Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 139.900,-<br/><b>Þú sparar: 28.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 111.900,-</b></p>  | <p><b>Uppþvottavél</b> FAVORIT 45001-W</p> <p>12 manna stell<br/>TURBO-þurrkun<br/>5 þvottakerfi<br/>Mjög hljóðlát 47db<br/>Skjár sýnir þvottatímann</p> <p>Listaverð: 134.900,-<br/><b>Þú sparar: 27.000,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 107.900,-</b></p> | <p><b>Uppþvottavél</b> FAVORIT 45001-M</p> <p>12 manna stell<br/>TURBO-þurrkun<br/>5 þvottakerfi<br/>Mjög hljóðlát 47db<br/>Skjár sýnir þvottatímann</p> <p>Listaverð: 145.900,-<br/><b>Þú sparar: 29.200,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – 116.700,-</b></p>  |  |
| <p><b>Pottavél &amp; þurrkari</b> PAR 1<br/>LAVAMAT 62840 &amp; LAVATHERM T55460</p> <p><b>ÞVOTTAVÉL</b><br/>1200 snúninga<br/>Taumagn 6 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi</p> <p><b>ÞURRKARI</b><br/>Barkalaus með rakaskynjara<br/>Taumagn: 6 kg</p> <p>Listaverð: 239.800,-<br/><b>Þú sparar: 53.955,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 185.845,-</b></p> |   | <p><b>Pottavél &amp; þurrkari</b> PAR 2<br/>LAVAMAT 74850 &amp; LAVATHERM T58840</p> <p><b>ÞVOTTAVÉL</b><br/>1400 snúninga<br/>Taumagn 7 kg<br/>Öll hugsanleg þvottakerfi<br/>Íslensk notendahandbók</p> <p><b>ÞURRKARI</b><br/>Barkalaus með rakaskynjara<br/>Taumagn: 7 kg<br/>Stafrænn framvinduskjár<br/>Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 319.800,-<br/><b>Þú sparar: 71.455,-</b></p> <p><b>TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 248.345,-</b></p> |  |

www.ormsson.is



Umboðsmenn um land allt

# ORMSSON

## ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ **AEG**

|  |   |   |   |   |  |  |  |   |
|--|---|---|---|---|--|--|--|---|
| <b>ORMSSON</b><br>LÁGMÚLA 8<br>SÍMI 530 2800 | <b>ORMSSON</b><br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | <b>ORMSSON</b><br>MODEL-AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | <b>ORMSSON</b><br>PRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | <b>ORMSSON</b><br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | <b>ORMSSON</b><br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | <b>ORMSSON</b><br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | <b>ORMSSON</b><br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | <b>ORMSSON</b><br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |
|--|---|---|---|---|--|--|--|---|



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,

**Gestur Guðjónsson**  
frá Bæ í Lóni,

andaðist á Skjólvangi Hrafnistu Hafnarfirði  
mánudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá  
Garðakirkju miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

Svava, Guðjón, Sonja, Arnar og Gestur.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, systir,  
amma og langamma,

**Vigdís Dagmar  
Filippusdóttir**

Bjarmalandi 14, Sandgerði,

sem lést á heimili sínu 25. október, verður jarðsöngin  
frá Safnaðarheimilinu Sandgerði, föstudaginn  
5. nóvember kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Karl Þorbergsson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
sonur, bróðir og afi,

**Björn Ólafsson**

Hofgördum 1, Seltjarnarnesi,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans fimmtudaginn  
28. október. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju  
föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu  
minnast hans er bent á knattspyrnudeild Víkings.

Jóhanna Guðnadóttir

Guðrún Björnsdóttir

Hilmar Björnsson

Elín Helga Sveinbjörnsdóttir

Guðrún Salvör Björnsdóttir

systur og barnabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi, langafi og langalang-  
afi,

**Þorleifur Hallbertsson**

áður Suðureyri, Súgandafirði,  
Lautasmára 5, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudag-  
inn 27. október, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju  
föstudaginn 5. nóvember kl. 13.00.  
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Karitas eða  
Ljósið.

Sigríður Kristjánsdóttir

Kristján Þorleifsson

Ingunn M. Þorleifsdóttir

Sigurbjörg Þorleifsdóttir

Sigþór Þorleifsson

Hrafnhildur Þorleifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Kristín Kristjánsdóttir

Leó Pálsson

Sölvi Bragason

Aðalheiður Gylfadóttir

David Þór Guðmundsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Magnea Guðbjörg  
Sigurjónsdóttir**

frá Norður-Eyvindarstöðum, Álftanesi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 29. október  
síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Bessastaðakirkju  
föstudaginn 5. nóvember kl. 15.

Erla Kristín Gunnarsdóttir

Svavar Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Stella S. Karlsdóttir



AFHENDING Prjónakonur og starfsfólk á Skjólí, ásamt fulltrúa Mæðra-  
styrksnefndar.

## Gott fyrir sálina

Prjónaklúbbur á hjúkrunar-  
heimilinu Skjólí við Klepps-  
veg skilaði nýlega af sér  
fjölda af húfum og eyrna-  
skjólum sem var gjöf hans  
til Mæðrastyrksnefndar.

Klúbburinn hefur verið til í  
fimm ár að sögn Ólafar Dóru  
Hermannsdóttur, umsjónar-  
manns og hefur starfsemin  
undið upp á sig. Allt er prjón-  
að úr garnafgöngum sem  
bæði heimilisfólk, aðstand-  
endur og starfsfólk leggur til.  
„Það gauka margir að okkur  
garni, meira að segja fólk úti  
í bæ,“ segir Ólöf Dóra. „Hjá  
okkur er ein hundrað og eins  
árs sem vindur allt þetta  
garn og innan hópsins eru  
harðduglegar prjónakonur,  
meðal annars handavinnu-  
kennarar sem eru flinkir í

höndunum og útsjónarsamir  
að raða saman litum.“

Ólöf Dóra segir Hjálpræð-  
isherinn koma reglulega á  
Skjól og syngja fyrir fólk-  
ið þar. Hann hafi oft fengið  
húfur í staðinn sem runnið  
hafi til útigangsfólks. „En  
svo datt okkur í hug að  
breyta til og gefa Mæðra-  
styrksnefnd afrakstur  
iðjunnar í sumar. Góð sam-  
staða hefur verið um verk-  
efnið enda finna allir að það  
er hollt fyrir sálina að láta  
gott af sér leiða. Stúlkurnar  
á símanum voru til dæmis að  
skreyta húfurnar þegar þær  
höfðu lausa stund og fleiri  
lögðu hönd á plóg,“ lýsir Ólöf  
Dóra og segir prjónaklúbb-  
inn á Skjólí halda áfram á  
sömu braut. - gun

## Bólu-Hjálmar í Tjarnarbíói

Stoppaleikhópurinn sýnir verðlaunaleikritið Bólu-Hjálmar  
í Tjarnarbíói sunnudaginn 7. nóvember. Leikritið er byggt  
á lífi og ljóðum Bólu-Hjálmars og var frumsýnt 22. maí  
2008. Hlaut sýningin Grímuverðlaunin sem Barna og  
unglingasýning ársins 2009.

Verkið hefur verið sýnt víða í grunnskólum landsins og  
á dögum var leikhópnun boðið til Færeyja með sýning-  
una og hlaut hún þar einróma lof.

Þrír leikarar segja söguna og leika allar persónur;  
Hjálmar, eiginkonu hans, móður, börn, föður, uppeldis-  
móður, bændur, presta, sýslumenn, förkonur, nágranna,  
fjandmenn og vini. Leikritið geymir einnig sýnishorn af  
kveðskap hans, allt frá því fegursta til andstyggilegustu  
níðvísa, en fáir voru flinkari í að meitla saman kjarn-  
mikið nið en Hjálmar.

Ármann Guðmundsson, Snæbjörn Ragnarsson, Sævar  
Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason sömdu handrit og  
tónlist og leikararnir sem bregða sér í fjölmörg hlutverk  
hver eru Eggert Kaaber, Magnús Guðmundsson og Mar-  
grét Sverrisdóttir. Guðrún Óyahals sér um leikmynd og  
búninga og Ágústa Skúladóttir leikstýrir. - fsb



LEIKLIST Þrír leikarar fara með öll hlutverk í leikritinu um Bólu-Hjál-  
mar.



SOUTH RIVER BAND Hljómsveitin er í fríðum flokki tónlistarfólks á  
Kertaljósatónleikum í Fríkirkjunni í kvöld.

## Stórskotalið á Kertaljósatónleikum

Kertaljósatónleikar á vegum Parkinsonsamtakanna á  
Íslandi verða haldnir í Fríkirkjunni í kvöld. Þar kemur fram  
sannkallað stórskotalið tónlistarfólks: Bjartmar Þórðarson,  
Ellen Kristjánsdóttir, Eyfi og Stebbi Hilmar, Geir Ólaf-  
sson, Kjartan Valdemarsson, Kristján Jóhannsson, Maríus H.  
Sverrisson, Ragnar Bjarnason, Regína Ósk og South River  
Band.

Allir listamennirnir gefa vinnu sína og allur ágóði renn-  
ur óskiptur til Parkinsonsamtakanna. Verður fjármuninum  
meðal annars varið til að byggja upp starfsemi samtakanna  
á landsbyggðinni.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og aðgangseyrir er 2.000  
krónur. - fsb

## Söfnuðu yfir 1000 dósum

Birta Hannesdóttir og Steinunn Sara Arnardóttir eru  
átta og níu ára nemendur í Engjaskóla í Grafarvogi. „Við  
vorum að tala saman einn daginn og datt í hug að það  
væri gaman að safna dósum og gefa pening til fátækra  
barna,“ segja þær stöllur. Þær stóðu ekki við orðin tólm  
heldur gengu á milli húsa og söfnuðu dósum. Þeim var  
almennt vel tekið enda gott málefni sem þær stóðu fyrir.

Afraksturinn var ekki lítill, um þúsund flöskur og dósir  
sem þær fengu 12.268 krónur fyrir. Þessa aura ætla þær  
að gefa til Rauða kross Íslands með þeim skilyrðum að  
þeir verði notaðir til að hjálpa börnum.



Þær Steinunn Sara og Birta gáfu rúmar tólf þúsund krónur til Rauða  
krossins á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Útför eiginmanns míns, föður okkar,  
tengdafaður og afa

**Egils Ágúst Jacobsen**

læknis, Bakkavör 36, Seltjarnarnesi,

fer fram í dag, fimmtudaginn 4. nóvember kl. 13.00,  
frá Seltjarnarneskirkju.

Katrín Jóhannsdóttir Jacobsen

Elín Ingibjörg Jacobsen

Þorvaldur Jacobsen

Katrín Þórdís Jacobsen

og barnabörn

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Sveinn Ingiberg Magnússon



Útför elskulegrar föðursystur okkar,  
**Hallberu Guðnadóttur**

Miklubraut 42,

sem lést á Landakoti miðvikudaginn 27. október,  
fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn  
5. nóvember kl. 15.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hallbera Eiríksdóttir

Guðni Eiríksson

Tryggvi Karl Eiríksson.

Elle tók nýlega saman lista yfir nokkur svöl sólgleraugu sem heppilegt þykir að skarta í vetur, þær fáu stundir sem sést til sólar. Þeirra á meðal voru þessi frá vörumerkinu Juice, sem eru að hluta búin til úr umhverfisvænum efnum og seld í vistvænum umbúðum.



# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

## Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is

Sérverslun með

**Gabor XENA**

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060  
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg

### Slakaðu á heima

- Sjálfvirk og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 23.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar og prófið.

Opið virka daga kl. 9 - 18

og á laugardögum kl. 11 - 16

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is



## 20% afsláttur

af öllum skóm og stígvélum frá MELVIN & HAMILTON



*hjá Grafhildi*

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir tekur þrúðbúin á móti Vetrí konungi

## Í kjól hvernig sem viðrar

Það eru kannski ekki margir sem bíða með eftirvæntingu eftir að Vetur konungur knýi á dyr. Búðarkonan Sigrún Edda Eðvarðsdóttir er þó ein þeirra

sem fagna ávallt komu hans. „Þessi árstími er í uppáhaldi því hann er rómantískur og svo gefst færi á að taka innan úr skáp fallegu, mynstruðu ullarpeysurnar mínar,“ segir Sigrún og getur

þess að hún haldi upp á kjóla. „Ég er alltaf í kjólum, líka yfir veturinn en klæði mig í hlýja yfirhöfn þegar kalt er og fer í sokka utan yfir sokkabuxurnar, það lífgar upp á klæðnaðinn.“

- rve

6 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur


# Gerðu gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



www.svefn.is

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.  
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.  
Svefnflötur 140x200.  
Nú aðeins kr. 264.900


SAGA OG ÞÓR  
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900  
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900


IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi




Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRAR  
HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210  
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnum



**MIKIÐ ÚRVAL AF FATAEFNUM**  
NÝ BÚTASAUMSEFNI, ULLAREFNI, JERSEY, JOGGING, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504

## Víkingaklæði og glamúr

Jenný Kolsöe hönnuður og tengdadóttir hennar, Sara Sturludóttir, hafa opnað verslunina Tjull & taft.

Verslunin Tjull & taft var opnuð í Verbúð 3 við gömlu höfnina nýverid. Þar selja þær Jenný Kolsöe hönnuður, og Sara Sturludóttir, rekstrarstjóri og tengdadóttir Jennýjar, fatnað, meðal annars víkingaklæðnað, og skart hannað af Jennýju, auk innfluttra efna og gervifelda.

„Jenný Kolsöe hönnuður stofnaði þetta fyrirtæki til að selja eigin hönnun. Hún vinnur aðallega úr ull og hannar og saumar meðal annars víkingaklæði, aðallega úr íslenskri ull,“ segir Sara Sturludóttir, rekstrarstjóri Tjulls & tafts. „Svo vatt þetta upp á sig og við ákváðum að fara að flytja inn efni. Okkur fannst vanta ódýr og flott efni í til dæmis leggings og fína kjóla í búðunum hérna,“ segir Sara. Þær stöllum flytja líka inn efni í gervifeldi sem Sara segir að hafi vakið mikla hrifningu. En fyrst og fremst er það þó hönnun Jennýjar, Víkingloft Design, sem vekur áhuga.

„Það selst náttúrulega mest af „venjulegu“ fötunum hennar, en það fer þó nokkuð af víkingaklæðunum líka. Margir úr Ásatrúarfélaginu hafa keypt sér alklæðnað og ferðamenn hafa mikinn áhuga á þessum fötum,“ segir Sara. „Hún gerir líka hálsfestar, armbönd og leðurpoka í víkingastílnum, sem seljast vel.“

„Það eru bara allir voðalega



Ein allra vinsælasta hönnun Jennýjar eru trúfflurnar sem Sara er með á höfðinu, sambland af húfu og trefli.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

jákvæðir og hrifnir,“ segir Sara, enda er enginn barlómur í þeim stöllum, þrátt fyrir kreppatal í samfélaginu. „Við erum bara voða

bjartsýnar. Vörurnar hennar Jennýjar eru að taka flugið og við finnum áhugann aukast dag frá degi,“ segir Sara. [fridrikab@frettabladid.is](mailto:fridrikab@frettabladid.is)

## Löng helgi í Flash —



Kjolar bolur fylgir  
áður 14990  
**Nú 11990**



Kjolar bolur fylgir  
áður 14990  
**nú 11990**



Kjolar, bolur fylgir  
áður 14990  
**nú 11990**



Kjolar st. 36-46  
áður 16990  
**nú 12990**

20% afsláttur af öllum vörum og ýmis óvænt tilboð milli 19.30 — 22 í kvöld. Léttar veitingar. Tilboðin gilda til laugardags.



# Smíðaði fyrir Veru Wang

Gullsmiðurinn Orri Finnbogason hefur starfað að mestu leyti í New York síðustu 15 ár og ljáð stórum nöfnum í tiskubransanum krafta sína. Hann hannar og smíðar eigin skartgrip sem njóta vinsælda.

„Ég sæk minn innblástur í náttúruna, út í garð þar sem ég tíni laufblöð, blóm og annan gróður og smíða svo eftir þeim á mismunandi stigi þurrkunar. Þarf ekkert að leita lengra þar sem þessir fallegu hlutir eru þarna á jörðinni,“ segir Orri Finnbogason gullsmiður, sem er farinn að hanna og smíða skartgrip undir merkinu Orri Finn Design og hefur fengið góðar undirtektir.

Tíska og hönnun hafa verið Orra hugleikin alveg frá því hann man eftir sér. Áhuginn leiddi til þess að hann afréð að verða gullsmiður en vegna þess hversu illa gekk að komast á samning á Íslandi ákvað hann að freista gæfunnar og flytjast til New York árið 1995.

„Þar komst ég loks inn á stofu sem sérhæfði sig í demantaísetningu og smíði og var settur í hlutverk svokallaðs „runner“ áður en ég fékk eitthvað að smíða; þvældist stundum um borgina með vasa fulla af rándýrum demöntum og skarti,“ rifjar hann upp og getur þess að smám saman hafi hann fengið að fíkra sig yfir í smíði og demantaísetningu og meðal annars unnið verkefni



„Ég tíni laufblöð, blóm og annan gróður og smíða svo eftir þeim á mismunandi stigum þurrkunar,“ segir Orri, sem sækir innblástur í náttúruna.

MYND/HALLGRÍMUR GUÐMUNDSSON

fyrir skartgripafyrirtækið Tiffany's og heimsfræga tiskuhönnuði á borð við Veru Wang.

Orri bjó og starfaði að mestu leyti í New York í fimmán ár, með stuttu hléi þó þegar hann sneri heim og dvaldi hér í stutta stund til að ljúka námi. Í New York hannaði hann og seldi eigin skartgrip. Á síðasta ári flutti hann

svo heim til Íslands og er nú eins og áður sagði farinn að selja gripina hérlendis. „Ég byrjaði bara á því að stofna Facebook-síðu undir Orri Finn Design og fékk góðar viðtökur,“ segir hann, og það eru orð að sönnu þar sem hann hefur eignast yfir 3.000 aðdáendur og skartið því augljóslega ekki síður vinsælt meðal Íslendinga en erlendra tiskurisa. Það er nú fáanlegt í Kraumi og hjá Jens í Kringlunni.

roald@frettabladid.is

Pantaðu þér fótisnyrtingu með lökkun og fáðu fótamaska frítt með.  
Verð: 5.900 kr.

Tilboðið gildir í nóvember 2010

Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

## MARBERT

GERMANY

Daily Care dag- og næturkremið.

- Inniheldur Q10 og C vítamín, A og E vítamín.
- Blæs nýju lífi í húðina og hún fær sinn upprunalega ljóma.
- Verndar húðina gegn umhverfisáreysi og dregur þannig úr ótímabærum öldrunareinkennum.

Söluastaðir á stór-Reykjavíkursvæðinu: Hagkaup í Kringlu, Holtagörðum, Skeifu, Smáralind, Spöng og Njarðvík, Nana snyrtivöruverslun Holagarði, Lyfjaval Mjódd, Reykjavíkur Apótek, Laugarnes Apótek.

Söluastaðir á landsbyggðinni: Hagkaup Akureyri, Betri líðan Akureyri, Apótek Vesturlands Akranesi og Miðbær Vestmannaeyjum.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir. **VÍSIR.IS**

# Konukvöld, opið til kl 22 í kvöld.



Svartar kápur st. 36-46  
áður 19990  
nú 14990




Kápur st. 42-56  
áður 29990  
nú 23990



Peysur  
áður 9990  
nú 4990  
Margar gerðir



Peysur  
áður 14990  
nú 9990



Laugavegi 54 S: 552-5201



Klassískt en þó nýstárlegt og unlegt.



Settlegur kjóll með mjóu belti.

Pífur og blúndur voru einkar áberandi í fatnaði Piccioli og Chiuri.

Settlegur jakki með pífum við flottar stuttbuxur.

Svartur skyrtukjöll, pífum skreyttur.

Einkar margbrotinn útsaumur og vandaður saumskapur vakti athygli.

## Valentino yngir upp

Tvíeykið Pier Paolo Piccioli og Maria Grazia Chiuri hefur heillað tiskuheiminn upp úr skónum að undanfögnu en þau hanna undir merkjum tiskurisans Valentino. Á síðustu tiskusýningu sinni í París nýverið sýndu þau flikur fyrir vor og sumar 2011. Þar undirstrikuðu þau þá nýju stefnu sem þau hafa markað fyrir tiskuhúsið. Ætlunarverk þeirra virðist hafa tekist en yngri konur hafa nú fallið fyrir hinum klassíska Valentino. -sg



Ætlunarverk Valentino hefur heppnast en með ráðningu Piccioli og Chiuri hefur hann náð til yngri markhóps.

## Jólin eru komin í Arca Studio

Af tilefni opunar **Arca Studio** í Grímsbæ bjóðum við 10% afslátt af öllum vörum og 20% afslátt af völdum vörum dagana 4-6. nóv.



Jólavörur Arcadesign Aðventukrans / aðventuljós / Jólatré 3 saman í setti

Gróft og gellulegt hálsmen frá Next. 2.590 krónur.

Í Deres má finna þessar buxur sem eru í anda sjötta áratugarins. Buxurnar kosta 14.990 krónur.

Þessi flotti leðurjakki fæst í Oasis og kostar 39.990 krónur.

Handtaska frá Friis & Company með skemmtilegu mynstri og slaufu. 8.990 krónur.

Bláir skór í anda Kelly Osbourne. Fást í Focus á 7.990 krónur.

Kelly Osbourne er rokkari og skvísa fyrir allan peninginn.

Steldu stílnum: Kelly Osbourne

## Rokkari af guðs náð

Hin ókrýnda breska rokkprinsessa Kelly Osbourne hefur tekið stakkaskiptum síðustu misserin og verið mikið á milli tanna slúðurblaða hér heima sem og vestan hafis. Ástæða athyglinnar er breytt holdafar Kelly, en þrátt fyrir að nokkur kíló hafi fengið að fjúka hefur Kelly haldið í rokkaðan og skemmtilegan stíl sinn. Fréttablaðið leitaði uppi nokkrar flíkur sem passa sönnum rokkskvísum.

Groddalegur hringur getur gert mikið fyrir dressið. Fæst í Friis & Company á 1.990 krónur.

Þönkaður bolur frá Deres. 6.990 krónur.

## Undir óvanalegum áhrifum

Vera Wang sótti í óvenjulegar skáldagyðjur við sköpun nýjustu línu sinnar.

Vera Wang sveik ekki dygga aðdáendur sína með vor- og sumarlínu sinni þrátt fyrir að hafa ekki farið hefðbundnar leiðir í sköpun línunnar. Þótt hún hafi sótt innblástur til arkitektúrs og tækni bar línan keim af fyrri verkum Wang og mátti sjá tjásulega siffonkjóla og fallegar fellingar sem fyrr hafa sést á sýningum hönnuðarinnar. Japönsk áhrif settu einnig nýjan og skemmtilegan svip á línu Wang og mátti sjá

þau bæði í formi klæðanna sem og litavali sem var hóflega stillt við svarta, gráa, brúna og ljósa tóna auk hins margrómaða rauðappelsínugula brennda litar.

Hinn brenndi rauðappelsínuguli litur nýtur mikilla vinsælda meðal hönnuða fyrir vor- og sumar 2011.

-jbd

# VIÐ ERUM 1 ÁRS

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR

**20% AFMÆLISAFSLÁTTUR**  
FIMMTUDAG - SUNNUDAGS

# ORIGINAL

SMÁRALIND



Fallega jólaskeiðin frá Ernu  
Verð 17.600

ERNA  
Skiptiholti 3, s. 552 0775, www.erna.is



Orlando Bloom fer vel að vera með örþunnan geitatopp.




Jude Law er ósjaldan með einhvern skegghýjung.



Jason Schwartzman safnaði skeggi að ósk unnustu sinnar.



Daniel Craig fær yfirstéttarlegan brag með skeggið.



Tom Selleck er þekktari með en án yfirvaraskeggsins.



Zac Efron er mun karlmannlegri með skegg en án þess.



Johnny Depp er oft með skegg, og fer honum það vel.

## Skeggjaðar stórstjörnur

Andlitshár hefur ekki notið sérstakra vinsælda hjá stjórnunum hin síðari ár. Á því virðist vera orðin breyting en ófáir stórleikarar hafa sést skarta yfirvaraskeggi, hökutoppi eða öðrum andlitshýjungi að undanfögnu.

- sg

FRETTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

VÍSIR.IS



## MAX FACTOR

Verið velkomin á kynningu

Snyrtifræðingur verður í Urðarapóteki fimmtudaginn 4. nóvember kl. 17-21 og kynsir nýjungar frá MAX FACTOR. Allir sem versla tvo eða fleiri hluti fá fallega gjöf í kaupbæti. Verið velkomin í Urðarapótek, nýtt og glæsilegt apótek að Vínlandsleið 16 í Grafarholti.

Vínlandsleið 16, Grafarholti  
Sími 577 1770  
www.urdarapotek.is

URÐARAPÓTEK

### Gæðastólar á góðu verði fyrir fagfólk!



S. Gunnbjörnsson ehf. lðnbúð 8 S. 565 6317 [ecopostural](http://ecopostural.com)

### FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Vorum að taka upp mikið af **Soyja** vörum og jólakjólum í stærðum 42-56

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

**MINÐ**

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16



FJÖRÐUR  
www.fjordur.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



# Skór

Sérblað • fimmtudagur 4. nóvember 2010



Verð: 29.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 11.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 12.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 22.995.-  
Stærðir: 36-41  
(fást einnig Svört með silfurrennilás að aftan)



# Kaupfélagið



Fylltir hælar eru vinsælastir í dag að sögn Elísabetar Weissappel Vilhjálmsdóttur verslunarstjóra Kaupfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Grófir hermanna-klossar og fylltir hælar vinsælir

Kaupfélagið er skóverslun í Smáralind og Kringlunni. Úrvalið er afar fjölbreytt bæði fyrir konur og karla. Elísabet Weissappel Vilhjálmsdóttir, verslunarstjóri í Smáralind, segir frá því sem er vinsælast í dag.

„Fyllti hællinn, eða svokallaði wedge-hællinn, hefur verið áberandi í nokkurn tíma en nú sækjast enn fleiri eftir því að klæðast slíkum skóm, bæði ungar stelpur og eldri konur,“ segir Elísabet og bætir við að í Kaupfélagið komi mjög breiður aldurshópur þó að flestir séu á aldrinum sextán ára til fertugs, bæði karlar og konur.

En hvað annað er vinsælt? „Það eru gróf stígvél og hermanna-

klossar. Einnig skór með jafnfylltum botnum, sem eru þá jafnþykkir í hælinn og fram í tá. Við erum líka með mikið af reimuðum skóm sem bæði má fá með fylltum hæl eða sem hermanna-klossa,“ segir Elísabet. Hún telur breiðum hælum vera að fjölga mikið og þeir séu þá oft úr tré, en einnig séu vinsælir nokkurs konar háhælaðir trékklossar sem negldir eru með járnhnöppum til skrauts.

Elísabet segir leðrið líkt og áður vinsælasta efnið í skónum. Þó sé rússkinnið einnig að sækja í sig veðrið. „Svarti liturinn er klassískur en við erum einnig að fá brúna liti, svo og kamel- og drapplitaða.“

Hvað með tána á skónum, er hún mjög eða rúnnuð? „Támjóir

skór eru eiginlega alveg dottnir út og fáir spyrja um slíka. Tærnar á skónum eru fremur rúnnaðar enda grófleikinn í öndvegi,“ svarar Elísabet.

Innt eftir því hvort hælar séu óvenjuháir nú svarar Elísabet að það sé rétt. „Hælarnir eru mjög háir og lítið um meðalháa hæla. Hins vegar er hönnun skónna yfirleitt þannig að þykkt er undir táberginu og því virðist hællinn vera hærri en ella,“ segir hún en bætir við að fjölbreytnin sé þó mjög mikil í skóflórinni. Fólk sækir einnig mikið í flatbotna hermanna-klossa. „Annars er fjölbreytileikinn mjög mikill og við eigum margs konar týpur sem höfða til ólíks fólks,“ segir hún og skorar á fólk að koma og skoða úrvalið í versluninum.

## Endingargóðir frá Bullboxer

Gróf stígvél með grófum hæl njóta mikilla vinsælda um þessar mundir hjá viðskiptavinum Kaupfélagsins. Skórnir sem hér sjást eru frá hollenska merkinu Bullboxer. „Þessir eru flottir í vetur,“ segir Elísabet Weissappel Vilhjálmsdóttir verslunarstjóri, en grófur botn og gróft leður í skóm er mikið í tísku þessa dagana.

Kaupfélagið hefur mjög góða reynslu af Bullboxer og hefur selt skó frá merkinu í mörg ár. „Við höfum til sölu mjög breiða línu frá merkinu, alveg frá pinna-

hælum til grófra klossa, bæði herra- og dömu-skó.“

Þess má geta að Kaupfélagið er með síðu á Facebook sem heitir Kaupfélagið Kringlunni/Smáralind. Þar má fylgjast með fréttum af öllu því nýjasta sem er í boði í versluninni, skoða myndir af nýjustu skónum svo og upplýsingar um þau tilboð sem eru í gangi.



Kaupfélagið hefur langa og góða reynslu af skóm frá Bullboxer. Þeir þykja endingargóðir en einnig flottir en breið lína kemur frá merkinu, allt frá pinnahælum til grófra stígvéla.

# Hugsaðu vel um skóna þína

Á vefsíðunni skor.is er að finna alls konar fróðleik um skó og umhirðu á þeim, meðal annars þessar ráðleggingar:

**Leðurskór:** Áður en þú byrjar að nota nýju skóna þína skaltu setja á þá leðurkrem/sílikon. Leðurkrem er hægt að fá í mörgum útgáfum. Það er t.d. hægt að fá glært og því hægt að nota á allar tegundir/liti leðurs.

**Leiðbeiningar:** Reglulega (ekki sjaldnar en mánaðarlega) er gott að þrifa/bera á skóna. Byrjaðu á því að strjúka létt yfir þá með þurrum, mjúkum klút. Vertu viss um að öll óhreinindi séu þriffin. Berðu leðurkrem/olíu á skóna með þurrum klút. Athugaðu að það er hægt að nota litaða leðurfeiti, passaðu bara að þú sért að nota réttan lit. Ekki nota of þykkt lag af leðurkremi - minna er meira. Leyfðu leðurkreminu að



Það er nauðsynlegt að eiga réttu græjurnar til að halda skónum fallegum.

liggja á skónum í eina mínútu. Burstaðu leðurkreminu af með skóbursta. Best er að nota stuttar og ákveðnar strokur. Ekki bursta hvern flöt of lengi. Strjúktu að lokum vel yfir skóna með þurrum klút. Að því loknu ættu skórnir að vera eins og nýir. Endurtaktu ferlið ef þú ert ekki ánægð(ur) með fyrstu umferð.

**Gerviefni:** Áður en þú byrjar að nota nýju skóna þína skaltu setja á þá leðurkrem/sílikon. Þó svo að um gerviefni sé að ræða ver leðurkreminu jafnt leður og gerviefni. Reglulega skaltu svo strjúka af skónum með rökum klút og setja aftur á þá vörn.



Burstaðir skór gleðja augu.

# Fegurðardrottningar-skórnir alltaf vinsælir

Skór.is rekur verslanir bæði í Kringlunni og Smáralind en í Smáralind er sameiginleg verslun með Kaupfélaginu. Að sögn Sólveigar Árnadóttur, verslunarstjóra Skór.is í Kringlunni, er lagt kapp á að hafa til sölu fjölbreytt úrval af skóm, bæði ódýra skó úr gervi-efnum og gæðaskó úr leðri sem eru þá eðlilega töluvert dýrari.

Skór.is selur skó frá Skechers, SixMix, Lacoste, Crocs, Hummel,

Reebok, Marc Ecko, Adidas, Nike, Puma, Zoo York, Studio 56, Studio London, DC og fleirum og segir Sólveig að skórnir frá SixMix og Hummel njóti mestra vinsælda.

„Strákar kaupa rosalega mikið af strigaskóm frá Hummel, það er aðalmerkið hjá þeim núna. Og við reynum alltaf að vera með úrval af strákaskóm í númerum frá 36-40,“ segir Sólveig. „Konur kaupa mest ökklastígvél, sem eru þá gjarnan reimuð og með fylltum hæl. Spariskórnir eru mjög hælsháir og oft reimaðir líka og við erum með sparibandaskó með fylltum hæl sem hafa verið að fara rosalega

vel. Og svo seljast klassísku svörtu „fegurðardrottningarskórnir“ alltaf vel. Hnéhá stígvél virðast vera á undanhaldi, það eru ökklastígvélir sem eru málið núna.“

Sólveig segist verða vör við það að fólk kaupi frekar ódýrari skó en áður og hugsar sig betur um. „En við pössum upp á það að eiga alltaf úrval af skóm sem fólk hefur efni á að kaupa þótt við séum auðvitað líka með mikið úrval af gæðaskóm.“

Skór.is sendir skó í póstkroffu um land allt og er alltaf með gott úrval á vefsíðu sinni, sem heitir merki-legt nokk skor.is.



Ökklastígvélir eru efst á vinsældalista kvenna í vetur, segir Sólveig Árnadóttir, verslunarstjóri í Skór.is í Kringlunni.

Verð: 32.995.-  
Stærðir: 36-41  
(fást einnig ökklahár)



Verð: 15.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 22.995.-  
Stærðir: 36-41  
(Fást einnig svartir, væntanlegir í koniaksbrúnum)



Verð: 24.995.-  
Stærðir: 36-41



**skór.is**



● **VINSÆLL JEFFREY CAMPBELL** Bandaríska fjölskyldu-fyrirtækið Jeffrey Campbell hefur heldur betur rutt sér til rúms hér á landi, en flestar tískudrósir landsins ættu að kannast við himinháa og fagurlega mótaða skó fyrirtækisins. Vinsældir skónna eru í takt við tískustraua undanfarinnar missera, með þykkum hæl eða þykkum sóla í anda gömlu (góðu?) Buffalo-skónna.




● **FÓTBOLTAKAPPINN RIO FERDINAND HANNAR SKÓ** Breski fótboltakappinn Rio Ferdinand kynnti til leiks tískumerkið „Five by Rio Ferdinand“ í vikunni en um skó og fylgihluti er að ræða hannaða af Ferdinand sjálfum. Í skólinunni verða bæði stígvél og skór sem munu kosta 120 til 200 pund. Ferdinand er þekktur fyrir yfirvegað skap á vellinum en hann spilar fyrir Manchester United. Utan vallar er Twitter hans helsta ástríða. Hann hefur áberandi og íburðarmikinn tískusmekk sem stundum hefur fengið helstu tískumeningarvita til að kveinka sér. Skórnir úr línu Ferdinands eru þó flestir flottir en þá má sjá á vefsíðunni [www.fivebyrioferdinand.com](http://www.fivebyrioferdinand.com)



Gíraffi stingur hausnum upp á ökkla fyrirsetunnar.



Skór í líki sebrahests.



Sumir hælur voru í líki dýrafóta.

FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**m.visir.is**  
Fáðu Vísi í símann og iPad!



**FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKID Í HEIMSÓKN**

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi.

**VÍSIR.IS**

# Naumhyggjunni afneitað

Fjölbreytt dýramunstur voru áberandi á tískusýningu Louis Vuitton í París á dögunum.

Tískuhönnuðurinn Marc Jacobs sveik ekki gesti á tískusýningu Louis Vuitton í París í október þegar hann dró upp úr hatti sínum hin ólíklegustu kvikindi. Dýrabema, með sebraröndum og hlébarðaprenti var áberandi svo og dásamlega skærir litir bæði í flíkum og fylgihlutum.

Skórnir á sýningunni vöktu ekki síður athygli en fötin enda var þar einnig að finna tilvísun í fjölbreyttlegt dýralíf. Hælarnir voru sumir hverjir í líki dýrafóta, gíraffar stungu hausnum sínum upp á ökkla og páfuglafjaðrir skreyttu skóbotna.

Jacobs sagði baksviðs að hann hefði stílað inn á að hafa allt yfirstíliserað og með því vildi hann afneita þeirri naumhyggju sem hefði ráðið ríkjum á tískusýningum síðustu missera.



Skærir litir einkenndu fylgihlutina.





Vigdís segir skótískuna í ár þægilegri en oft áður. „Mikið er um grófa ökkla- og hermanskó og uppreimaðir skór eru sérstaklega áberandi.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skór á alla fjölskylduna

Í Eurosko fást skór á konur og karla, unga sem aldna og miðar úrvalið að því að öll fjölskyldan geti fengið skó við hæfi.

Eurosko – Skóhöllin í Firði í Hafnarfirði er með úrval af skóm á alla fjölskylduna. „Það eru ekki margar verslanir sem bjóða jafn mikið úrval fyrir jafn breiðan aldurshóp en hér ættu allir að geta fundið skó við hæfi, hvort sem það eru spari- eða kuldaskór,“ segir eigandinn Vigdís Grétarsdóttir. Hún segir Eurosko stærstu skókeðju á Norðurlöndum en markmiðið með samstarfinu er að geta boðið skó fyrir alla

fjölskylduna á betra verði en hver einstök búð gæti gert upp á eigin spýtur.

„Þetta er innkaupakeðja með fjölda merkja á sínum snærum. Verslunareigendur þurfa hins vegar eingöngu að sækja vörurnar á einn stað sem skapar mikið hagræði,“ segir Vigdís.

Á meðal merkja sem tilheyra Eurosko má nefna Roots og Rooteens sem eru hugsuð fyrir ungt fólk. „Þá erum við með klassíska skó frá SoftWalk þar sem sérstök áhersla er lögð á þægindi ásamt góðum barnaskóm frá Ponny og JoJo. Loðfóðruðu barnastígvélin frá Slusher eru síðan alltaf vinsæl en þau fást eingöngu hjá okkur. Síðan erum við með vandaða og

flotta tískuskó frá Icu, Face og Chilli,“ upplýsir Vigdís. Þó að megináhersla sé lögð á skó frá Eurosko í versluninni er þar líka að finna önnur merki. Má þar nefna skó frá Skechers, Six Mix, Tamaris og Gino Ventori.

Vigdís segir skótískuna í ár þægilegri en oft áður. „Það er mikið um grófa ökkla- og hermanskó og uppreimaðir skór af ýmsum gerðum eru sérstaklega áberandi.“

Stígvélin eru af öllum stærðum og gerðum og talsvert um stígvél sem ná upp yfir hné. Þá er mikið um spennur og skraut á skónum og eins og oft áður ráða svörtu, gráu og brúnu litirnir að mestu ríkjum.



Verð: 9.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 13.995.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 14.995.-  
Stærðir: 36-41

## Falke sokkabuxum vel tekið

Eurosko tóku upp á þeirri nýbreyttni í fyrra að selja sokkabuxur og hafa viðskiptavinir tekið þeim fagnandi og kippa þeim gjarnan með um leið og þeir kaupa skó. Þær eru allar frá þýska framleiðandanum Falke.

„Þetta eru miklar gæðavörur og þeir sem vita af þeim hér koma aftur og aftur. Við erum með allt frá nælonsokkabuxum upp í sterkar ullarsokkabuxur í ýmsum litum. Þá erum við með herrasokka, bómullarsokka og vinsæla hnésokka frá sama framleiðanda,“ segir Vigdís.

Hún vísar síðan máli sínu að úrvalinu að barnaskóm og nefnir ungbarnaskó sérstaklega til sögunnar. „Við erum meðal annars með mjúka leðurskó frá Happy kids sem eru sérstaklega vinsælir í sængurgjafir. Þeir eru hugsuðir á pínulitlar tær allt frá fyrstu mánuðum og svo þegar barnið fer að skriða. Þá erum við með vandaða fystu skó frá Ponny. Þetta eru leðurskór með góðum stuðningi við ökkla og henta börnum sem eru að stíga sín fyrstu skref. Eins erum við með úrval af kuldaskóm og skó á stærri krakka, þar á meðal sívinsæl loðfóðruð stígvél frá Slusher.“

Sérstakir barnadagar verða í Eurosko nú um helgina. „Þeir hefjast í dag og standa fram á laugardag og verðum við með tuttugu prósentu afslátt af öllum barnaskóm.“

Þeir sem vita af Falke sokkabuxunum hjá Eurosko koma aftur og aftur.



Verð: 18.995.-  
Stærðir: 36-41

**EUROSKO**  
**SKÓHÖLLIN**

Firði Hafnarfirði S: 555-4420

## Vilja líka fá gatslitin föt

Rauðakrossbúðin varð tíu ára 2. nóvember, en frá upphafi hafa sjálfboðaliðar Rauða krossins annast afgreiðlustörf í búðunum.

Tekið er móti notuðum fötum um allt land og á endurvinnslustöðum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu, þau flokkuð og ýmist úthlutað í hjálparstarf eða seld í búðunum. Tekjur af sölu fatnaðar renna í Hjálparsjóð Rauða krossins.

„Við tinum úr það besta í búðirnar, en seljum annað til Þýskalands og Hollands þar sem það er flokkað í 250 flokka, þar af sumt beint í endurvinnslu. Fólk er því hvatt til að henda aldrei fatnaði, þótt gatslitinn sé. Við viljum fá alla vefnaðarvöru, rúmföt, gardínur, handklæði og annað, því bæði fáum við borgað fyrir það og svo er það umhverfisvænt. Þannig er til dæmis

búið til band úr gömlum peysum og hægt að endurnýta þráð úr gallabuxum allt að fimm sinnum,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, verslunarstjóri í Rauðakrossbúðunum, sem alls eru fimm talsins.

„Við seljum mjög fína vöru í búðunum og er mikið um dýrgripi innan um, bæði í búðunum og í úthlutuninni á Laugavegi 116, þar sem fólk fær gefins fót einu sinni í viku. Mikil eftirspurn er einnig eftir skóm því nú áttar fólk sig á hversu dýrir þeir eru, en í Rauðakrossbúðum má finna fína og óslitna skó á alla fjölskylduna,“ segir Sigrún sem kallar eftir fleiri sjálfboðaliðum í búðirnar.

„Atvinnulausir hafa frekar fengið starf eftir vinnu hér, enda jákvætt að sýna fram á að gera eitthvað í stað þess að sitja heima.“



Lítið notaðir skór fást í úrvali og er eftirspurnin eftir þeim mikil.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Hægt er að finna sjaldgæfa dýrgripi í Rauðakrossbúðunum.



Anna kann vel við búðarkonuhlutverkið í Rauðakrossbúðinni og segir starfið alveg jafn spennandi og hana grunaði sem barn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Átti sér búðarkonudraum

Anna G. Kristjánsdóttir kennari hefur staðið vaktina í Rauðakrossbúðinni í áratug.

„Ég hætti í fastri vinnu sem kennari árið 2000 og sá auglýst að þarna ætti að opna búð, svo ég hugsaði með mér að nú væri kominn tími til að láta draumana rætast því sem lítil stúlka ætlaði ég auðvitað að verða búðarkona,“ segir Anna G. Kristjánsdóttir, sjálfboðaliði í Rauðakrossbúðinni á Laugavegi 12. Hún tók fyrstu vaktina í búðinni daginn sem hún opnaði fyrir tíu árum og afgreiðir enn alla þriðjudaga allan ársins hring.

Fyrsta Rauðakrossbúðin var opnuð á Hverfisgötu 39, en 2002

flutti búðin á Laugaveg þar sem reksturinn hefur blómstrað æ síðan.

„Í fyrstu voru oft biðraðir fyrir utan þegar við opnuðum en þá var lokað á mánudögum. Í þá tíð voru fáar búðir sem seldu notuð föt og eftirspurnin mikil,“ segir Anna og bætir við að oft sé líf í tuskunum í búðinni á Laugavegi og margir komi inn bara til að spjalla.

„Hingað kemur fólk á öllum aldri, margir fastakúnnar og mikið af útlendum ferðamönnum sem kunna að nota svona búðir. Maður þarf því oft að grípa til tungumálakunnáttunnar og sannarlega gaman að standa vaktina við búðarborðið, enda margir sem

koma sérferð til að segja frá því að þeir hafi verið spurðir í boðum hvar þeir fengu galakjólana og sparifötin sem þeir klæddust, en flestir eru alls ófeimnir að láta það uppi,“ segir Anna sem hlakkar til hvers dags í sjálfboðavinnunni.

„Mér finnst ég vera með alveg nýjan starfsferil eftir tíu ár í búðinni og segi oft að maður geri ekkert af sér á meðan maður ver tíma sínum hér, en alveg örugglega eitt-hvert gagn. Það er líka góð tilfinning að hafa eitthvað eitt ákveðið fyrir stafni, hitta mann og annan, og láta gott af sér leiða,“ segir Anna kampakát innan um dýrindis handþrjónaðar lopapeysur og glitrandi síðkjóla.

-blg

Verð: 24.900.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 19.900.-  
Stærðir: 36-41



Verð: 22.900.-  
Stærðir: 36-41



**BIANCO.**  
FOOTWEAR



Unnur Lára Bryde, skókaupmaður í Bianco, sem í hverri viku tekur upp nýjar sendingar af flottu skótau og fylgihlutum í stíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skotin í skóm

„Bianco stendur fyrir nýjungum og ferskri, töff hönnun, en fyrirtækið skapar af ástríðu þess sem er hættulega ástfanginn af skóm og endurspeglar það heitasta af tískupöllum hverju sinni,“ segir Unnur Lára Bryde, annar eigenda skóverslunarinnar Bianco Footwear sem í haust ákvað að loka dyrum sínum í Smáralind en leggja höfuðþunga á verslun sína í Kringlunni þar sem allt úir nú og grúir af freistandi skóm á góðu verði.

„Bianco framleiðir skó sína í takmörkuðu upplagi, sem er kostur því ekkert gaman er að eiga eins skó og aðrir eiga. Því leggur Bianco mikið upp úr því að viðskiptavinir geti alltaf fundið eitthvað nýtt og einstakt til að setja á fæturna, og búðin lifnar við með nýrri skósendingu í hverri viku,“ segir Unnur, sem bæði býður hágæða skó úr leðri en einnig úr fínustu gerviefnum skóframleiðenda. „Æ fleiri halla sér orðið að

flottum skóm úr vönduðum gerviefnum, og ekki að ástæðulausu þar sem þeir eru slitsterkari og ódýrari, en standa leðri alveg snúning þegar kemur að þægilegheitum og útliti,“ segir Unnur sem í næstu viku tekur upp spariskólínuna Party Collection sem geymir ofurkunnlega spariskó með rósum, fíðildum og öðru skrauti sem einnig má taka af og næla í fatnað til skrauts.

„Mesta trendið í kvenskóm nú eru fylltir hælur, en ánægjulegt að sjá kvenlegri skó koma inn fyrir hátíðarnar. Í herraskóm eru grófir skór allsráðandi, en spariskór eru áfram klassískir þótt tain sé aftur að breikka,“ segir Unnur sem í nú ár hefur verslað með hið danska Bianco sem slegið hefur í gegn hjá Íslendingum eins og öðrum Evrópubúum, en Bianco býður einnig úrval æðislegra fylgihluta eins og töscur, belti, klúta, sokkabuxur og skart sem er frábær og ódýr kostur í jólapakkana.



Noheelsleathershoe er nafnið á þessum hælalausu skóm. Það fylgir ekki sögunni hvernig er að ganga á þeim.



Greenmáchéshoe heitir þessi týpa sem er búin til úr leðri og ryðfríu stáli.



Beigefoldedshoe-skórinn er búinn til úr stökum leðurbút og ryðfríu stáli.

### ● FURÐULEGUR FÓTABÚNAÐUR

Hönnuðir Marloes Ten Bhömer fara ekki troðnar slóðir þegar kemur að því að hanna skó og á það jafnt við um efnisval og útlit. Sumir skórnir eru án hæla, aðrir úr þykku gúmmí og enn aðrir brotnir saman úr stökum leðurbút. Það mætti ímynda sér að skónum væri einungis ætlað að vekja furðu og kátínu og ekki hugsaðir til almenns brúks en því fer fjarrí. Þeir eru boðnir til sölu á marloestenbhomeer.squarespace.com, tilbúnir á götuna.



Rotationalmouldedshoe úr gúmmí og ryðfríu stáli.



„Það virðist hafa verið þörf fyrir glæsilega en jafnframt þægilega skó á markaðnum, skó sem konur geta verið í allan daginn án þess að fá af þeim blöðrur eða bláar tær,“ segir Ása Björk. FRÉTTAHLAÐIÐ/VILHELM

## Hvert þar öðru fallegra

Verslunin Hjá Hrafnhildi að Engjateig 5 leggur áherslu á vandaðan skófatnað sem jafnframt lítur vel út og hefur þægindi og vellíðan í fyrirrúmi.

„Skórnir hafa slegið í gegn hjá okkur og hafa dregið að fólk í verslunina, því við fórum fljótlega að sjá heilmikið af nýjum andlitum þegar þeir bættust við annað vöruúrval,“ segir Ása Björk Antoníusdóttir, framkvæmdastjóri tískuvöruverslunarinnar Hjá Hrafnhildi að Engjateig 5 í Reykjavík. Verslunin hefur selt vandaðan kvenfatnað í átján ár, einkum frá Þýskalandi og Danmörku, en hóf í fyrsta skipti að selja skófatnað í fyrrahaust.

„Við tókum meðal annars inn skó frá ítölskum framleiðanda sem heitir Nero Giardini. Hann

er þekktur fyrir hágæðaskó sem líta vel út og þetta er okkar aðalmerki. Það virðist hafa verið þörf fyrir glæsilega en jafnframt þægilega skó á markaðnum, skó sem konur geta verið í allan daginn án þess að fá af þeim blöðrur og bláar tær,“ segir Ása Björk og ítrekar að í skónum frá Nero Giardini fari saman gæði og flott útlit, ásamt því sem þeir séu dásamlega þægilegir. Hún kveðst eiga von á mjög stórrí sendingu frá Nero Giardini í næstu viku og margar bíði spenntar eftir henni. „Þetta eru skó til daglegra nota við buxur, kjóla og pils,“ tekur hún fram.

Önnur vinsæl skómerki í versluninni Hjá Hrafnhildi eru hið þýska Kennel & Schmenger og hið austurríska Högl. „Báðir þessir framleiðendur leggja mikið upp úr gæðum og þægindum en segja má að Kennel & Schmenger sé

tískumiðaðra þar sem hvert þar er öðru fallegra. Högl býður upp á klassískari skó og leggur allan sinn metnað í þægindi,“ segir Ása Björk.

Lakkskór voru vinsælir síðasta vetur að sögn Ásu Bjarkar en framboðið á þeim hefur minnkað í ár. Í vetur segir hún stígvélátísku áberandi, bæði ökklastígvél og allt upp í hnéhá. „Ökklastígvél eru klæðilegir og passa við allt,“ segir hún. „Þegar kemur að litum eru svartir skó klassískir, en steingráir og ljósir tónar verða áberandi, bæði í stígvélum og skóm. Einnig munu reimar, kósar, bólur, keðjur og grófir botnar einkenna skótískuna í vetur.“

Hvað um hælana? „Það er auðvitað mikil hælátíska,“ segir Ása Björk. „En við kjósum að taka ekki inn allt of mikið af pinnahælum heldur skó sem konur geta notað meira en í eitt kokkteilboð.“

## Aukin vídd um kálfann

Verslunin Hjá Hrafnhildi hefur ávallt leitast við að hafa fjölbreytt vöruúrval, að sögn Ásu Bjarkar Antoníusdóttur framkvæmdastjóra. Vegna fjölda áskorana býður verslunin nú einnig upp á leðurstígvél sem henta fyrir breiðari kálfa.

„Það voru margar glaðar konur sem fögnuðu þessari viðbót við vöruúrval okkar,“ segir Ása. „Enda er hópurinn stór sem skiljanlega passar ekki í hina frægu stærð „one size fits all“. Við erum með glæsileg, ítölsk leðurstígvél í þessari auknu kálfavídd frá ítalska framleiðandanum Lamica, bæði með hælum og flatbotnuð. Flest kosta þau í kringum þrjátíu þúsund krónur. Einnig erum við með flott og umfram allt þægileg leðurstígvél frá austurríska framleiðandanum Högl.“



Stígvél sem henta fyrir sverari kálfa en þá allra algengustu. FRÉTTAHLAÐIÐ/VILHELM

Verð: 34.900.-

**tilboðsverð  
nú 27.900.-**

Stærðir: 36-41  
Litir: Grábrún og svört  
Framleiðandi:  
MELVIN & HAMILTON



Verð: 29.900.-

**tilboðsverð  
nú 23.900.-**

Stærðir: 36-41  
Aðeins til  
í þessum lit  
Framleiðandi:  
MELVIN & HAMILTON



Verð: 39.900.-

Stærðir: 36-41  
Aðeins til í svörtu

KENNEL & SCHMENGER  
SCHUHMANUFAKTUR



Verð: 29.900.-

Stærðir: 36-41  
Litir: Gráir og svartir

KENNEL & SCHMENGER  
SCHUHMANUFAKTUR



*Hjá Hrafnhildi*

**● GÓÐIR GÖNGUSKÓR**  
**GULLI BETRI** í gönguferðum er fátt mikilvægara en góðir gönguskór. Mikilvægt er að gönguskór séu af réttri stærð, séu vatnsheldir og gefi góða stuðning. Jafnframt er gott að gera ráð fyrir því að geta verið í tveimur sokkum, svo að ekki myndist hælsæri á göngunni. Konur geta valið sér gönguskó sem gerðir eru sérstaklega fyrir konur og eru þeir oft nettari og léttari á fæti. Gullna reglan varðandi kaup á gönguskóm er að það borgar sig til lengri tíma að velja vand- aðri og dýrari skó fremur en ódýra skó.



**● SPARISKÓRNIR** Sauðskinnsskór voru spariskór Íslendinga um aldir. Þeir þóttu fara best á fæti og vera fallegastir auk þess að endast vel. Fínastir voru þeir sortulyngslitaðir og bryddaðir með hvítu eltiskinni. Lituð skinn virtust endingar- betri en ólituð og önnur litunarefni en sortulyng voru blásteinn, hellulitur og eir. Reynt var að vanda til skinn- verkunar og hnífarnir þurftu að bíta vel. Menn lögðu blaut skinnin yfir hné, lögðu gærna ofan á og rökuðu alla ull af henni. Síðan var hún spýtt á þil, þ.e. strengd á vegg og þurrkuð.

Sauðskinnsskór eru notaðir enn í dag við fald- búninga, 19. aldar upphlut og peysuföt og einnig karlmannabú- inginn. -gun



**● LYKTINA BURT** Til að losna við vonða lykt og táfýlu úr skónum má reyna að blanda eftirfarandi blöndu og láta hana vera í skónum í nokkra klukkutíma: 8 msk. matarsódi, 20 dropar tea tree olía, 10 dropar lav- enderolía, 10 dropar sítrónu- olía. Blandið saman og setjið smá í sveittu skóna. Látið liggja í nokkra klukkutíma og dustið svo úr. Þetta þarf að gera nokkrum sinnum til að ná góðum árangri. Heimild: Palmarosa.is

**SPORT**  
 besta sætið

# NÓVEMBER

# SPORTMÁNUÐURINN

# MIKLI

**AC MILAN – REAL MADRID**  
 Það eru margir frábærir leikir framundan í Meistaradeild Evrópu.  
 Rangers – Man. Utd.  
 Tottenham – Inter Milan  
 Roma – Bayern Munchen

**STÖÐ 2 SPORT**  
 FRÁ AÐEINS 140 KR Á DAG  
 Í STÖÐ 2 VILD PLATINUM

28. NÓVEMBER

## BARCELONA – REAL MADRID

Það verður sannkallað stjörnustríð þegar þekktustu erkifjendur knattspyrnuheimsins mætast á Nývangi.

**HM**  
 Í HANDBOLTA

### STRÁKARNIR OKKAR Í BOLTANUM

Silfur og bronshafarnir fara á kostum í þýska handboltanum. Sjáðu strákana okkar undirbúa sig fyrir HM í janúar.

**LIVERPOOL OG MAN. CITY**  
 Í EVRÓPUDEILDINN

**HEIMSKLASSA GOLF**  
 BESTU KYLFINGAR HEIMS  
 Í MÖGNUM GOLF MÓTUM

**KEPPNIN Í BESTU KÖRFUBOLTADEILD**  
 Í HEIMI ER HAFIN

**ÓDÝRARA**  
 AD SKEMMTA SÉR HEIMA

**ÓDÝRARA**  
 AD SKEMMTA SÉR HEIMA

**ÚRSLITIN RÁÐAST Í FORMÚLU 1**  
 Í BRASILÍU OG ABU DHABI

VILDARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Nýjungar frá Guerlain Kynning dagana 4. - 10. nóvember.

Glæsilegar gjafir fylgja með keyptum vörum frá GUERLAIN. Kynning byrjar í dag í Snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlu.

- Nýr maskari, LE 2 lengir og þykkir svo um munar
- Nýr andlitsfarði
- Nýtt serum, Abeille Royale
- Nýtt líkamskrem fyrir þurra húð

- Nýtt rakakrem fyrir veturinn með 30 spf vörn
- Nýr augnmaski
- Nýir varalitir/gloss
- Nýir haustlitir

**Lyf & heilsa**  
 Kringlunni

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



Síðasti móhíkaninn í sigtinu

Hermès hefur frá 1837 verið í höndum sex kynslóða samfelldur í Dumas-fjölskyldunni, aðaleiganda tískuhússins. Í upphafi framleiddi Thierry Dumas hnakka í húsi númer 24 á Rue Faubourg Saint-Honoré þar sem höfuðstöðvarnar eru enn. Hermès er líklega síðasta stóra franska tískuhúsið sem ekki hefur enn runnið inn í einhverja af lúxuskeðjunum síðustu áratugi.

Hermès er engin undantekning hvað varðar velgengi frönsku tískuhúsanna um þessar mundir en hefur þó stigið með meiri varúð til jarðar en margir aðrir og löngum spilað inn á takmarkað framboð af vörum sem gerir framleiðsluna eftirsóknarverðari. Löngum hefur þurft að bíða mánuðum ef ekki árum saman eftir að eignast Birkin- eða Kelly-tösku. Töskur og annar leðurvarningur eru 60 prósent af framleiðslunni og hinir frægu ferköntuðu silkkiklár vega einir 14 prósent sem er ekki lítið. Fatahönnunin er aðeins um 20 prósent af sölnunni þrátt fyrir að hafa haft Jean-Paul Gaultier síðustu sjö ár, sem lét af störfum nýverið. Christophe Lemaire tekur við en árangur Gaultiers olli vonbrigðum. Því er ekki amalegt

að vera hluthafi í Hermès en hlutabréfin hafa hækkað um 93 prósent á árinu.

En nú eru teikn á lofti því stærsta lúxuskeðja heims, LVMH lýsti því yfir nýlega að hún hafi náð að komast yfir nærri 17 prósent af hlutabréfum Hermès. Þetta olli titringi í tískuheiminum því Dumas-fjölskyldan hefur þvertekið fyrir að selja til risanna. En Bernard Arnault, aðaleigandi LVMH, er slægur refur þegar viðskipti eru annars vegar og menn spyrja hvort þetta sé upphafið að endalokum Hermès sem fjölskyldufyrirtækis og hvort fjölskyldan standi í innbyrðis deilum. Tískuhús Hermès hefur sáralítið gert af því að kaupa upp önnur fyrirtæki eins og aðrir, fyrir utan John Lobb sem framleiðir leðurstígvél eftir máli og kristalsgerðina Saint-Louis. Hermès lagði líka hlutafé í tískuhús Gaultiers. Líklegt er að LVMH ásælist leður- og silkkiframleiðendur Hermès sem eru þekktir fyrir gæði og fagleg vinnubrögð ólíkt því sem einkennir Louis Vuitton.

Á miðvikudag báðu eigendur Hermès LVMH um að draga sig úr fyrirtækinu því þeir væru ekki velkomnir. Stríð virðist vera í uppsiglingu hjá Hermès.

berg75@free.fr

Strákslegur Balenciaga

Á nýjstu sýningu Balenciaga mátti sjá fagaðar fyrirsætur í pönkuðum fötum sem hefðu allt eins getað komið úr fataskápum kærastanna þeirra.

Hönnuður Balenciaga, Nicolas Ghesquière, fór með nýjstu línu vörumerkisins frá hátísku glamúr-kjólum yfir í klæðilega götutísku með strákslegu ívafi fyrir vor og sumar næsta ár. Indí og pönk eru orð sem hæfa línunni vel. Götutískan var í hávegum höfð á sýningar-pöllum þar sem fyrirsæturnar litu út fyrir að vera fagaðar pönkdrottningar, í fötum kærastanna sinna. Lítið var um fylgihluti og skór sýningarstúlkanna voru flatir og íburðarlitlir. Svart og hvítt var mjög áberandi, en einstaka skærrauður, föbbleikur, blár og gulur gáfu línunni hressilegt yfirbragð.

-jbd



NÝ SKÓSENDING Í GYLLTA KETTINUM,

Allir skór á 12.800 kr. stærðir 36-41



Austurstræti 8-10 S. 534-0005

4 vikna Lúxusnámskeið NORDICASPA

fyrir konur og karla

1500kaloríur shape.is

Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

- 1. vika – Orkuhleðsla**  
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.
- 2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**  
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.
- 3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**  
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónafæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.
- 4. vika – Ónæmiskerfi eftir – Jafnvægi**  
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

heitt pottar og herðanudd eftir hvern tíma

Vikulegar mælingar mikið aðhald



Ertu að glíma við:

- Matarþol
- Matarfiki og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Punglyndi
- Aðra lífsstílsjúkdóma

Síðasta námskeið fyrir jól

28 daga hreinsun NORDICASPA með mataræði og hreyfingu

- Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- Tímar: 17:20 mán/mið/fös.
- Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eitrefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!

Bæði námskeiðin hefjast 8. nóvember

Fyrirlestur 6. nóvember

Verð kr. 34.900

Skráning er hafin í síma 444-5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is

NORDICASPA



WWW.NORDICASPA.IS

**OLANG**

Þeir eru komnir vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum



B/A/S/L/E/R  
Skiþholt 29b, s:551-0770

**TVEIR ALVEG SPLÚNKUNYÍR**



teg. 100161 - létt fylltur og einfaldur í BC skálum á kr. 4.350,-  
buxur í stíl á kr. 1.990,-

teg. 86120 - létt fylltur og BARA flottur í BC skálum á kr. 4.350,-  
buxur í stíl á kr. 1.990,-

**Misty** - fyrir allar konur  
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Opíð mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is  
Vertu vinur

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



**FULL BÚÐ af flottum fötum fyrir flottar konur**

Stærðir 40-60



vertu vinur á facebook

**belladonna**  
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460  
www.belladonna.is

**HANSKADAGAR**

**30% AFSLÁTUR AF BRÚNUM OG BLÁUM HÖNSKUM**

í 3 daga frá fimmtudegi til laugardags



Tösku og hanskabúðin  
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið fritt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



Sýningarstúlkurnar munu ekki aðeins klæðast fatnaði eftir Jónu Björt í kvöld heldur skarta vígtönnum að auki. Þess má geta að hárgreiðsla verður í höndum Hárhallarinnar og Snyrtistofan Brá annast förðun. Tryggvi Hermannsson leikur á píanó. MYNDR/KOX

# Vampírur í Sláturhúsinu

Sjálfur Drakúla varð Jónu Björt Friðriksdóttur, klæðskera og kjólameistara, innblástur að nýrri fatalínu. Útkomuna ætlar hún að sýna í Sláturhúsinu á Egilsstöðum í kvöld þegar hátíðin Dagar myrkurs hefst.

„Ég braut heilann lengi um þema sem hentaði hátíðinni og komst loks að því að Drakúla væri heppileg uppspretta að hugmyndum,“ segir Jóna Björt Friðriksdóttir, klæðskeri og kjólameistari, um innblásturinn að nýrri fatalínu sem hún frumsýnir í menningarsmiðjunni Sláturhúsinu á Egilsstöðum í kvöld.

Tískusýningin er haldin í tilefni af menningarhátíðinni Dagar myrkurs sem hefst á Egilsstöðum í dag. Dagskráin er sneisafull af skemmtilegum viðburðum sem draga margir dóm af þemanu, svo sem tónleikum í Frystikistunni, sýningum á klassískum hrollvekjum og tískusýningu Jónu Bjartar, sem er undir fyrrenfundum áhrifum frá skáldsögunni um greifann blóðþyrsta.



„Öll umgjörð sýningarinnar er í anda hennar, þar sem svart og rautt ráða ríkjum og sýngarstúlkunar munu ekki aðeins klæðast kjólum sem hæfa tilefninu heldur skarta að auki vígtönnum, þannig að það verður svolíttill leikur í þessu,“ útskýrir Jóna Björt og bætir við að því sé kannski best fyrir gestina að hætta sér ekki of nærri.

Þess má geta að samhlíða tískusýningunni verðar sýndar ljósmyndir eftir Kormák Mána, betur þekktan sem KOX. Sýningin hefst klukkan 20.30. Allir eru velkomnir og er ókeypis inn. Hægt er að nálgast dagskrána að Dögum myrkurs í heild sinni á vefsíðunni www.egilsstadir.is.



Brúðir Drakúla eru seiðandi og banvænar en vonandi á þó aðeins fyrri fullyrðingin við um sýninguna í kvöld.

Svart verður ríkjandi á sýningunni í kvöld.

roald@frettabladid.is

# Ómissandi í vetur

**Angelica** er íslensk náttúruafurð úr ætíhvönn. **Angelica** gefur þér aukna orku og þú færð sjaldnar kvef.

**Sæktu styrk í íslenskt náttúruaf!**



## Helgartilboð Heilsuhússins



Þegar þú kaupir glas eða box af Angelicu færðu annað eins á hálfvirði.

Tilboðið gildir 4.-8. nóvember 2010.

**Kynning á vörum SagaMedica í Kringlunni 5. nóv. kl. 12-17.**

Heilsuhúsið Laugavegi, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi, Akureyri og Reykjanesbæ.





**NET-PARTAR**  
PARTASALA JÓTABÍLVARAHLUTIR NÝLEGA BÍLA



486 4499  
486 4477

[www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

**Bílapartasala**  
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla [www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**  
**S: 534 1045**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Erum að byrja að rífa VW Caddy 05, octavia 4x4, bensín og dísel ,05 og ,07. Patrol ,96, Honda CRV 00, Terios 99, marga Benz bíla, Pajero, dísel 99. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Musso varahlutir.**

Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan Scenic 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskur og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vítara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatchback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4, Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, 130. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bíhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**ÞJÓNUSTA**

**Sendibílaþjónusta**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Pípulagnir**

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Jólaskemmtanir**



Erum byrjaðir að taka niður pantanir 13. árið í röð. skyrgamur@skyrgamur.is

**Hreingerningar**



Gluggahreinsun, Klæðingarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000

**Garðyrkja**



Laufahreinsun - trjáklippingar - trjáfellingar - jólaskeytingar og margt margt fleira! Sjá betur á [www.gardarbest.is](http://www.gardarbest.is) Facebook: Gardar best. Netfang: gardarbest@gardarbest.is og síminn er 698 9334. Gardar gerir það best!



Jólaskreytingar fyrir garða

S.571-2000

**Trjáklippingar**

Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur s. 848 1723.

Nú er rétti tíminn að klippa Klippi, felli og snyrti tré og runna Áratuga reynsla. Gunnar s : 860 4493.

**TRJÁKLIPPINGAR**

Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufraeðingur s 848 9600

**Þjónustuauglýsingar**

**Ný og notuð vetrardekk til sölu**  
**Útsala á 13" dekkjum.**



Kaldasel ehf Hjólbarðaverkstæði Dalvegi 16 b Kópavogur s. 544 4333.

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.



Gylfariót 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

**TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR**



FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI

[WWW.BIFREIDAVEKSTAEADI.IS](http://WWW.BIFREIDAVEKSTAEADI.IS)

**S. 587 1350**

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR  
BREMSUKLOSSAR  
SPINDILKÚLUR  
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR



**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**  
**SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066**

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatarar - perur viðgerðir - sala hróð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
[rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

Gerðu verðsamanburð



Varahlutir frá framleiðanda

**KRAFTVÉLAR**

Umboðsaðili á Íslandi

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / [www.kraftvelar.is](http://www.kraftvelar.is)

**BRA**  
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS**

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

**TOYOTA-þjónusta** [www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)



**Limo.is**  
Pöntunarsími 868-9800

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almennverktakvinna



Brotafl ehf  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
Netfang: brotafl@simnet.is

[ AIS Fyrir Bata og Skip ]



AIS Class – A      AIS Class – B      AIS Class – B með skjá  
Betri búnaður - Betra verð  
Elcon ehf • sími 5529510 • [elcon@simnet.is](mailto:elcon@simnet.is)

**DEKKJAÞJÓNUSTA**  
**DEKKJASALA**  
**SMURÞJÓNUSTA**  
**VIÐGERÐIR**  
**ÞJÓNUSTUBÍLL**

**10% AFSLÁTTUR**  
UPPLÝSINGAR Á HÖNDUM  
SÖLUÐAGAR

**HRAUNBÆR 131, 110 REYKJAVÍK**

VIRKA DAGA: **9-19** LAUGAR. DAGA: **10-16** UPPLÝSINGAR (SÍMA): **661 6460**



**Smurþjónusta og smáviðgerðir**

Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**

ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562

Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun  
• Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.

Bjódum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

**OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA**

**BOMAG**

Viðgerðar- og varahlutapjónusta  
Eigum fyrirbyggjandi varahluti í þjöppur og valtara

**VelRás**

Sími 555 6670 • [www.velras.is](http://www.velras.is) • Áhella 4 • Vagnhöfða 5

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutapjónusta

**VelRás**

Sími 555 6670 • [www.velras.is](http://www.velras.is) • Áhella 4 • Vagnhöfða 5

**Þjónustuauglýsingar**



### Tvö Kehf Verklausnir

- Hellulagnir
- Snjóbræðslukerfi
- Jarðvegsskipti
- Vegghleðslur
- Snjómokstur
- Öll almenn jarðvinna

Upplýsingar gefur Pétur í síma 699 3090.

### Heilsárhús ehf máling- arverktakar.

Geta bætt við sig vinnu. Upplýsingar í s.562 5815 Fax. 552 5815

Getum bætt við okkur inni- og útiverk- efnun. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsviðhald

#### Parketslípun & lökkun

Áratuga reynsla  
Tilboð að kostnaðarlausu  
Parketstöðin ehf  
s. 848 0891 og 894 0891

VISA MasterCard Kortalan

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Málarar  
Alhliða málingarþjónusta, afar hagstæð verð í boði. Einungis fagmenn. S. 659 9676.

Málarameistari  
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

### Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

99% KYKFRITT

### Handriðaplast

Útvegum og setjum á handriðaplast, margir litir. Uppl. Dúkarinn Óli Már s. 699 4418.

### Tökum að okkur parketslípun

Um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmiði og sólpallaslípun. Próskuldar, slipaðir, innifaldir í verði. Sjáðu myndir á www.parketslípun.is Uppl. í s. 772 8100. Visa/ Euro

### Smíðum eftir máli!

Gluggar • Fög • Útihurðir  
Svalahurðir • Bilskurhurðir  
— Sérhæfð trésmíðja! —  
Hurðir & gluggar  
Kaptláraun 17 • Hafnarjörður  
Sími: 565 4123 • eljo@internet.is  
www.hurdiroggluggar.is

### Steinslípun Kjarnaborun Steinsögum

Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu  
Litliklettur.is - s: 699-0355

892 1565 - Húseignarþjónustan - Lekapéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málingarvinna - hábrýstúp. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Smíður getur bætt við sig verkefnum Uppl. í síma 864 5920.

**N & V Verktakar ehf**  
Flisar - parket - mála - múrarar - smíður setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com

### VIÐHÖLD

fasteignaviðgerðir

Vegna hækkunar hjá Orkuveitunni  
Fáðu sem mest út úr ofna- kerfinu þínu og fáðu okkur til að jafnvægistilla það fyrir þig  
Fáðu uppl. S. 567 6699  
kristjan@vidhald.is

### PVC - U PLAST GLUGGAR & HURDIR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Ekkert viðhald

**Kjarnagluggar**  
Selhelli 13 Hafnarfirði  
Sími: 554 2800  
www.kjarnagluggar.is

Sími 512 5407

### CARGO

sendibílaleiga

566 5030  
www.cargobilar.is

### Sendibílar til leigu

Þú leigir hann.

Krefst ekki meiriprófs réttinda

### ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripánámskeið.  
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.  
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.

**GLIT**  
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411  
www.glit.is

Selenit Saltkristall

**Steinasteinn**  
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík  
Sími: 551 5720  
Ormsvelli 1, 860 Hvolsvöllur  
Sími: 487 7752, 6998352  
Sendum um land allt

steina steinn  
www.steinasteinn.is

### Bekkjarparty - Afmælis veislur

ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!

**Stúdíó 29**  
Laugavegur 101  
Sími 511 3032 & 861 2319

Mikið úrval af nýjum • blómavörum • gjafavörum • jólavörum •

### Nytjamarkaðurinn

TIL STYRKAR ABC BARNAHJÁLP  
Mikið úrval af nýjum og notuðum hlutum í verslun okkar á frábæru verði.

Dæmi: Föt (peysur, buxur, skó o.fl.) : Búsáhöld og gjafavörur - algengt verð 50 - 600 kr.  
- algengt verð 100 - 900 kr. : Bækur, DVD, CD, Vínýl - algengt verð 100 - 350 kr.  
Fullur poki af völdum fötum 500 kr. : Húsgögn ýmiskonar - algengt verð 200 - 15.000 kr.

Vertu velkomin í heimsókn í verslunina okkar.  
Nytjamarkaðurinn - Skútuvogi 11a (á móti Húsasmíðjunni)

### TROPHY 4,6 TRUGG

HPI Trophy Truggy 4,6  
Öflugur fjarstýrður bensintrukkur,

**TOMSTUNDAHUSID**

Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

### Skemmtikvöld með Heiðari Jónssyni, snyrti í Prastalundi Grímsnesi 13. nóv.

Frábær skemmtun, matur og dansleikur.  
Ómar Diðriksson og Rúnar Guðmundsson leika fyrir dansi.

Borða- og miðapantanir á thrastalundur@thrastalundur.is og síma 822 2158 fyrir 11. nóvember  
Nánari upplýsingar á www.thrastalundur.is

Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum.

ditto.is

**ditto.is**  
Smíðjuvegi 4, græn gata.  
Kópavogi. Sími 517-8060  
www.ditto.is

### GSM MAGNARAR

GSM magnarar virka þannig að loftnet er sett utan á húsið, annað loftnet inni í húsið og allir fá þá notið mögnunarinnar.

Verð frá kr. 46.375

Dalvegur 16b s: 554-2727  
Hugna.is

### Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörðun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

### XPRENT

„þú gætir fundið lausnina hjá okkur“

Sandblástursfilmur  
Gluggamerkingar  
Bakljósafilmur  
Sólarfilmur  
Límfilmur  
Merkingar  
Risaprentun  
Smáprentun  
og margt fleira...

www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

### HÁDEGISTILBOÐ

**Italiano Pizzeria**

Miðstærð af pizzu og gos, 1090,-kr. í hádeginu alla daga

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

Hinn eini sanni  
**Maxiwell III**  
nuddpúði

4 ár á Íslandi Þýsk gæði

LOGY.IS

Þöntonarsími 661 2580  
logy@logy.is • www.logy.is

### BETRALIF

Dagatöl Englaspil  
Tarot Jóga DVD  
Reykelsi Bækur  
Kristallar Saltlampar

Kringlunni 3. hæð  
Sími 581-1380

Glæsilegur undirfatnaður frá  
**Vanity Fair og Lauma.**

Full búð af nýjum vörum  
**20% afsláttur til 6. nóvember.**

**Ynja**  
UNDIRFATNAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnaut@365.is sigurlaug@365.is



# Láttu hjartað ráða



„Með bakstri úr lífrænni hollustu má njóta hvers bita með góðri samvisku.“

*Sella*



**BÓNUS**

**HAGKAUP**

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · [www.lifraent.is](http://www.lifraent.is)



**HIMNESKT**

## krossgáta

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

## LÁRÉTT

2. kyrr, 6. mannþyrping, 8. tala, 9. röð, 11. frá, 12. frumefni, 14. losti, 16. í röð, 17. blóðhlaup, 18. ennþá, 20. komast, 21. velta.

## LÓÐRÉTT

1. þurft, 3. þys, 4. fúslega, 5. bjargbrún, 7. fikinn, 10. rotnun, 13. slöngu, 15. morð, 16. húðpoki, 19. núna.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. lýgn, 6. ós, 8. sjó, 9. róf, 11. af, 12. flúor, 14. gímd, 16. hi, 17. mar, 18. enn, 20. ná, 21. snúa.  
LÓÐRÉTT: 1. þórf, 3. ýs, 4. gjarnan, 5. nóf, 7. sölginn, 10. fú, 13. orm, 15. dráp, 16. hes, 19. nú.

## Glymur smiðja

Óskar eftir húsasmíðum eða vönum mönnum við uppsetningu á stálhöldurum í tónlistarhúsið Hörpu. Upplýsingar gefur Benedikt í síma 893 1535, einnig hægt að senda póst á netfangið [svalir@svalir.is](mailto:svalir@svalir.is)

Sjá: [www.svalir.is](http://www.svalir.is)

## Draumur hestamanna!

Til sölu er lögbýli, ca. 117 km frá Reykjavík.

Íbúðarhús sem er 183 fm og bílskúr 32.fm. Svefnherbergi eru 4, baðherbergi, stórt eldhús og stofa, þvottahús og herbergi inn af því ásamt forstofu wc. Skemma sem búið er að innrétta, með stíum fyrir 14 hesta og auðvelt að bæta við fleirum. Landið er ca. 80 ha. þar af tún ca. 8 ha. Laust strax. Verð kr. 49.000.000.-

Opið hús um helgina.

Vinsamlega hringið í síma 898 5471.

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

**VALFELL**  
FASTEIGNAMIDLUN OG RÁDGJÖF

## Sumarhús Berjabraut – Kjós

laust strax til afhendingar



Vel staðsett og fullbúið 83,2 fm fullbúið sumarhús á fallegum útsýnisstað yfir Hvalfjörðinn í landi Hálsa í Kjós. Lóðin er leigulöd alls 2144 fm lóðarleiga kr 35.000.

Húsið er á tveimur hæðum og yfirbyggður inngangur ( hluti af sólpalli áður ) í húsinu eru tvö svefnherbergi á neðri hæð, auk eldhúss, stofu og baðherbergis. Á baði er innrétting, sturtuklefi og tengi fyrir þvottavél. Stofan er með mikilli lofthæð og úr stofu er stigi upp í ris sem er eitt opið rými með vestursvölum og fallegu útsýni. Gólf neðri hæðar eru öll flísalögð, hiti í gólfum. Verð 14,9 millj. Áhv. 3 millj. í lífeyrissjóðsláni greiðslubyrði á mán. c.a 29 þús. Allar nánari uppl. Veitir Hákon í síma 898 9396

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



Allt sem þú þarft...

## Jafngildar tilfinningar

BAKPANKAR  
Sólveigar  
Gísladóttur

Ég stóð frammi fyrir því fyrir nokkru að missa góðan vin minn til margra ára. Þessi vinur minn er traustur og trúr, skapgóður en stríðinn, ljúfur í lund en á það til að vera fjandi frekur þegar sá gállinn er á honum. Þessi vinur minn hefur líka fjóra fætur og loðinn bók enda stór og stæðilegur hestur.



OFT hef ég heyrt menn ræða háðslega um fólk sem tengist gæludýrum sínum sterkum böndum. Finnst fátánlegt að dauði heimilishundsins eða -kattarins geti orsakað sorg á borð við þá þegar nákominn fjölskyldumeðlimur andast. Talar um það með niðrandi hætti þegar fólk pantar grafreit og er hneykslað á því að það geti ekki tekið gríni um dauða dýrsins.

ÞAD er sem mönnum finnst að fólk sem syrgi dýrin sín geri lítið úr sorg fólks yfir láti náinna ættingja. Það minnir mig á ummæli sem nýlega voru látin falla, að hjónaband samkynhneigðra rýrði gildi hjónabandsins. Sú fullyrðing er í besta lagi bjánaleg en jafn furdulegt er að halda því fram að sorg yfir dýri kasti rýrð á sorg þeirra sem misst

hafa móður, föður eða bróður. Þó að ættingjarnir sé á allan hátt mun alvarlegri og hafi víðtækari áhrif skal ekki gera lítið úr tilfinningum þeirra sem missa sína bestu vini sem stundum eru á fjórum fótum.

BÖRN geta tekið það sérstaklega nærri sér þegar dýr fjölskyldunnar kveður. Oft hafa dýrin lifað lengur en börnin og þau þekkja því ekki aðra tilveru en þá þar sem hvutti eða kisa spilaði stórt hlutverk. Oft getur verið átakanlegt fyrir barnið að sjá á eftir þessum uppvaxtarfélaga.

DÝRAGRAFREITIR eru starfræktir bæði á Alviðru undir Ingólfsfjalli og að Hurðarbaki í Kjós. Þar geta gæludýraeigendur grafið sín dýr og átt stað til að heimsækja þau á. Dæmi eru um að fólk heimsæki grafreitinn reglulega, byggi fallega í kringum grófina og leggi þar blóm. Enda er í sumum tilfellum dýrið eins og eitt af börnunum. Þá er einnig dæmi um að fólk taki frá grafir við hlið dýranna fyrir önnur dýr fjölskyldunnar svo þau geti legið öll saman.

ÉG var heppin. Vinur minn hélt í líftóruna og mun vonandi bera mig um grænar grundir enn um sinn. En við dýraeigendur vitum að einhvern tíma kemur tími til að kveðja, það er okkar raunveruleiki. En það getur verið sársaukafullt fyrir því.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÓVEMBER TILBOÐ

ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreytingar

**MESTA URVALIÐ**  
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI  
**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI

TM85 FANTÓLVIA & TILBOÐ  
149.900

LM85  
169.900

500GB  
14.900

4GB MINNISKOLL  
2.990

1TB LAMÉ-FLAKKARI  
14.900

1TB HANDBOKUR  
9.990

GLÆSLEGAR VERSLANIR

**4BLS**  
**BÆKFLINGUR**  
STÚTFULLUR AF  
SJÓÐHEITUM  
TILBOÐUM

**SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND**

500GB  
Örsmár LaCie Rikiki GO flákkari, innb.USB snúra, silfur, blár eða rauður  
**14.900**

OneTwo  
154.900

2TB  
49.900

M7700  
4.990

LEIKJA  
7.990

TÖLVU

LACIE



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer apple ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00

**SNAGAR LÍNUR Á VEGG** Guðrún Hadda Bjarnadóttir opnar sýninguna „Snagar línur á vegg“ á Café Karólinu á Akureyri laugardaginn 6. nóvember klukkan 15. Sýningin stendur til 3. desember og eru allir velkomnir.

## Vox feminae syngur

O magnum mysterium er yfirskrift tónleika Kvinnakórsins Vox feminae sem haldnir verða í Kristskirkju Landakoti í kvöld klukkan 20.30. Á þeim verða flutt nokkur trúarleg verk sem Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri hefur valið frá endurreisnartímanum auk tveggja sálma Þorkels Sigurbjörnsónar sem bera með sér stílbragð liðins tíma. Stefán S. Stefánsson spinnur á saxófón við sum verk-

anna. Þess má geta að sama dag-skrá verður flutt í Hafnarfjarðarkirkju 10. nóvember og hluti hennar við og eftir messu í Reykholtskirkju í Borgarfirði næsta sunnudag.

Að tónleikunum loknum mun Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri árita nýútkomna bók Vox feminae, da capo. Bókinni fylgir geisladiskur með nokkrum söngperlum kórsins frá eldri upptökum. Miðaverð er 2.000 krónur.



AGNIESZKA OG VALA Kynntust í íslenskukennslu hjá Mími og ákváðu að taka höndum saman og skrifa bók um tvítýngda pólsk-íslenska stúlku.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT  
27.10.10 - 02.11.10

|  |  |
|--|--|
|  |  |
| <b>1</b> Furðustrandir<br>Arnaldur Indriðason            | <b>2</b> Hreinsun<br>Sofi Oksanen                          |
|  |  |
| <b>3</b> Myrkvun<br>Stephenie Meyer                      | <b>4</b> Fleiri þrjónaperlur<br>Ýmsir höfundar             |
|  |  |
| <b>5</b> Sokkar og fleira<br>Kristín Harðardóttir        | <b>6</b> Stóra Disney<br>matreiðslubókin                   |
|  |  |
| <b>7</b> Mataræði - handbók um hollustu - Michael Pollan | <b>8</b> Danskennarinn snýr aftur, kilja - Henning Mankell |
|  |  |
| <b>9</b> Stelpur<br>Þóra Tómasdóttir                     | <b>10</b> Guðrún Ögmundsdóttir<br>Halla Gunnarsdóttir      |

## Snúið mál að tala tvö mál

**Pankaganga Myšlobieg nefnist ný íslensk barnabók eftir Völu Þórsdóttur og Agnieszku Nowak. Bókin fjallar um pólsk-íslenska stúlku á Íslandi, sem er tvítýngd og er bókin skrifuð bæði á íslensku og pólsku.**

Pankaganga Myšlobieg fjallar um Myšlobieg, tíu ára gamla íslensk-pólska stúlku, sem er tvítýngd og býr með foreldrum sínum og afa og ömmu í Reykjavík. Þangað eru þau nýflutt frá Egilsstöðum en upphaflega kemur fjölskylda hennar frá Gdansk í Póllandi. Bókin segir frá daglegu lífi Myšlobieg, sem litast meðal annars af hugarangri hennar yfir því að vera smámælt.

Bókin er höfundarverk þeirra Völu Þórsdóttur, sem er höfundur sögunnar, og Agnieszku Nowak, sem teiknar myndirnar. Leiðir þeirra lágu saman á íslenskunámskeiði hjá Mími fyrir tveimur árum, þar sem Vala kennir íslensku en Agnieszka var nemandi hennar.

„Agnieszka er arkitekt en missti vinnuna í hrúnuinu,“ segir Vala. „Ég minntist einu sinni á það við hana að mig langaði til að skrifa barnabók og hún spurði hvort ég væri búin að fá einhvern til að teikna myndirnar. Í kjölfarið ákváðum að leiða saman hesta okkar og byrjuðum á bókinni.“

Vala hafði kynnt mörgum fjölskyldum með tvítýngd börn í kennslustarfi sínu. Þær Agnieszka ákváðu fljótlega að láta bókina fjalla um pólsk-íslenska stelpu. En til að vera betur í stakk búnar til að gægjast inn í hugarheim tvítýngdrar stúlku lögðust þær í talsverða heimildarvinnu.

„Ég talaði við fólk uppi í Háskóla og las mér til um tvítýngi, auk þess sem ég tók viðtöl við pólsk-íslenskar fjölskyldur til að kynna því hvort og þá hvernig það sé öðruvísi að alast

upp á Íslandi verandi af tveimur þjóðernum. Börnin sem ég talaði við, ásamt alíslenskum börnum, lásu svo uppdrátt að handritinu og gáfu mér gagnrýni. Þetta var mjög skemmtilegt ferli.“

Vala segir að rannsóknir hennar á hlutskipti tvítýngdra barna hér á landi hafi leitt ýmislegt forvitnilegt í ljós. „Þeim er stundum strítt þegar þau tala við hvert annað á móðurmálinu. Þau lenda líka oft í því að þurfa að túlka fyrir foreldra sína og aðra ættingja sína, til dæmis úti í búð eða jafnvel í skólanum. Þau þurfa því að axla talsverða ábyrgð ung að árum og vaxa mjög fljótt úr grasi.“

Bókin er sem fyrr segir skrifuð á tveimur tungumálum; vinstri síðan á pólsku og sú hægri á íslensku. Vala segir að eftir því sem hún komist næst sé þetta fyrsta tvítýngda barnabókin sem komið hefur út hér á landi. „Og það hafa ekki komið út margar barnabækur hér á landi sem fjalla um nýbúa, þó vissulega einhverjar.“

Vala og Agnieszka gefa bókina sjálfar út en í tengslum við útgáfuna efna þær til ókeypis námskeiða í sagnagerð og teikningu fyrir krakka á bókasöfnun á fimm stöðum á landinu: í Keflavík, Breiðholti, á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum.

„Við vildum búa til smá átak í kringum þetta,“ segir Vala, „til að stuðla að meiri tengingu milli krakka af blönduðu þjóðerni og íslenskra krakka eftir skóla. Vonandi verður bókin og námskeiðin til þess að hrinda af stað umræðu um þessi mál hér á landi; ekki er vanþörf á.“ bergsteinn@frettabladid.is



# LÍTTU Í SPEGIL



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK  
SPEGILL ÞJÓÐAR

Persónulegar hugleiðingar um íslenskt samfélag

## KOMIN Í VERSLANIR

Íslensk þjóð er í sárum og framtíðin ótrygg. Í þessari bók ræðir **Njörður P. Njarðvík** opinskátt við lesandann og veltir fyrir sér ástæðum þess að við stöndum nú í þeim sporum sem raun ber vitni. Njörður er óhræddur við að segja hug sinn allan og fer engum silkihönskum um þá sem hann telur ábyrga fyrir óförunum, hvort sem það eru stjórnálamenn, embættismenn, „útrásarvíkingar“ eða borgararnir sem gína við hverju gylliboði.

**Njörður P. Njarðvík** er ekki einasta virt skáld og rithöfundur, þýðandi og fræðimaður, heldur nýtur hann einnig virðingar sem ábyrgur og glöggur þjóðfélagsrýnir sem tjáir sig tæpitungulaust á skiljanlegu máli þar sem húnisminn situr í fyrirrúmi.

## LESIÐ ÚR NÝJUM BÓKUM Í KVÖLD

Í kvöld kl. 20:00 munu eftirtaldir höfundar lesa úr nýjum bókum sínum á Súfistanum í Bókabúð Máls og menningar:

*Spegill þjóðar*  
*Hver ert þú?*

Njörður P. Njarðvík



*Geislaþræðir*

Sigríður Pétursdóttir



*Dagur kvennanna*

Pórunn Erlu Valdimarsdóttir/Megas



*Önnur líf*

Ævar Örn Jósepsson



Lestrarfærni er lykill  
að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL



Bókatíðindi koma út 15. nóvember.



Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is

**ting** Norraen listahátíð  
Nordisk kulturfestival  
Reykjavík

**í dag**

21:00 Tónlist Tjarnarbió  
**direkt**  
Slaraffenland, Budam,  
Orphic Oxta  
www.midi.is/Við inngang

20:00/22:00 Kvikmyndir *Submarino*  
Thomas Vinterberg, Bíó Paradís

20:00 Leiklist *Gerpla*  
Halldór Laxness, Þjóðleikhúsið

www.norraenahusid.is/ting 28.10.—7.11.2010

# Dagur kvennanna hlýtur loks náð fyrir augum útgefenda

Handritið að nóvellunni Dagur kvennanna – ástarsaga eftir Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur og Megas var nánast fullklárað árið 1988. Það er þó ekki fyrr en nú árið 2010 sem bókin hlýtur náð fyrir augum útgefenda. Aðalsteinn Svanur Sigfússon hjá Uppheimum segir að bókin hafi strax kveikt í þeim þegar höfundarnir kynntu þeim handritið í ársbyrjun.

„Það hefur enginn viljað gefa hana út, en okkur fannst hún fin, bráðskemmtileg en hún er vissulega ögrandi. Hún er klámfengin beinlínis, en allt undir formerkjum groddahúms. Þau

gera stólpagrín að kvenréttindakönum 1975, sem var að sjálf-sögðu bannað,“ segir Aðalsteinn og hlær. „En það er orðið eitt og annað leyfilegt núna sem ekki var það fyrir átján árum. Og bókin er drepfyndin og skrifuð á safaríku máli að hætti þeirra beggja.

Fyrir okkur hér var aldrei spurning um annað en að gefa bókina út eftir að þau kynntu okkur handritið. Hún smellpassar líka inn í okkar forlag, sem sinnt hefur nóvllum og ljóðum og ýmsu sem erfitt á uppdráttar á íslenskum útgáfumarkaði.“

Dagur kvennanna kemur út í dag. - sbt



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 04. nóvember 2010

### → Tónleikar

**12.00** í **Hafnarborg**, Strandgötu 34 í Hafnarfirði, verða hádegistónleikar með **Mariusi Sverrissyni** og **Antoníu Hevesi**. Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og er aðgangur ókeypis.

**20.00** **Kertaljósatónleikar Parkin-sonsamtakanna** verða haldnir í kvöld klukkan 20 í **Frikirkjunni** í Reykjavík. Tíu listamenn koma fram. Miðaverð er 2.000 krónur.

**20.00** **Menningarhátíð í Stykkishólmi** verður formlega opnuð með opnunartónleikum í kvöld í **Stykkishólmskirkju**. **Jósep Blöndal** sér um tónleikana ásamt fleirum. Miðaverð er 1.000 krónur og hefjast þeir klukkan 20.

**20.30** í **Kristkirkju** verður kvennákórinn **Vox feminae** með tónleika í tengslum við allra heilagra messu. Flutt verða verk eftir Palestrina, Orlando di

Lasso, Tomás Luis de Victoria og fleiri. Miðaverð er 2.000 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 20.30.

**21.00** Á skemmtistaðnum **Spot** í Kópavogi verður hljómsveitin **Bermuda** með tileinkunartónleika með öllum helstu lögum Beyoncé og Destiny's Child. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.200 krónur.

**21.00** **Magnús Einarsson** og **Tómas Tómasson** leika tónlist eftir Bítlanu á **Ob-La-Di-Ob-La-Da**, á Frakkastíg 8. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangur ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin **Prinspóló** verður með tónleika á skemmtistaðnum **Bakkus/Venue** við Tryggvagötu. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangur ókeypis.

**21.00** Opnunartónleikar **Direkt á Ting** verða í kvöld í **Tjarnarbiói**. Fram koma Slaraffenland, Budam og Orphic Oxta. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.500 krónur í forsölu.

**21.30** Á **Rósenberg** verða tónleikar með **Orra Harðarsyni**. Þar mun hann flytja lög af nýttkomnu Albúmi auk

eldra efnis í félagi við gítarleikarann Ragnar Emilsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30.

### → Opnanir

**17.00** **Bjarni massi** (Bjarni Þór Sigurbjörnsson) opnar sýningu sína í D-salar röðinni í **Listasafni Reykjavíkur** í dag. Sýningin opnar klukkan 17. Aðgangur ókeypis.

### → Fyrirlestrar

**16.00** Í dag verður haldið málþing um jafnrétti, friðarferla og öryggismál í fundarsal **Þjóðminjasafnsins** klukkan 16-17. Samstarfsaðilar um málþingið eru EDDA – öndvegissetur, GET – Alþjóðlegur jafnréttisskóli og Alþjóðamálastofnun HI.

**20.00** Í kvöld klukkan 20 munu fulltrúar **Kurtogpi**, arkitektarsofu, kynna verkefni, lausnir og sjónarmið sín í fyrirlestri í **Hafnarhúsi**. Fyrirlesturinn er öllum opin.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

# DÍSA

## Ljósálfur

fjölskyldusöngleikur  
eftir Gunnar Þórðarson  
og Pál Baldvin Baldvinsson  
eftir hinu sigilda ævintýri

„Ég vildi óska þess, að sem flest börn ættu þess kost að kynnast Disu Ljósálfi í Austurbæ.“ ★★★★★  
Bryndis Schram - Pressan.is



midasala á [midi.is](http://midi.is)

AUSTURBÆR

## Íslenski dansflokkurinn

# Transaquadania Into Thin Air

Morgunblaðið ★★★★★  
„Fallegt, ógnvekjandi,  
fyndið, alvarlegt“

AÐEINS TVÆR  
SÝNINGAR EFTIR

Fréttablaðið  
„Heildstætt verk þar  
sem áhorfandinn  
gleymir sér í heillandi  
goðsagnaheimi“

**Höfundar**  
Erna Ómarsdóttir  
Damien Jalet  
Gabríela Friðriksdóttir

**Tónlist**  
Valdimar Jóhannsson  
Ben Frost

Sýnt í Borgarleikhúsinu  
07/11 14/11  
Midasala í síma 568 8000  
eða á [www.id.is](http://www.id.is)

Íd Íslenski  
dansflokkurinn





Einstaklega  
áhrifamikil

3.990 kr.  
~~5.490 kr.~~



Afar  
heillandi

3.990 kr.  
~~5.490 kr.~~

# Gerðu frábær bókakaup Glænýjar þýðingar



Óbærilega  
spennandi

3.990 kr.  
~~5.490 kr.~~



Hrikalega  
kraftmikil

3.990 kr.  
~~5.490 kr.~~

Gildir til og með 15. nóvember



FRÍÐRIK DÓR



NEIL DIAMOND

## > Í SPILARANUM

Fríðrik Dór - Allt sem þú átt  
Hjálmar - Keflavík Kingston  
Cee-Lo Green - The Lady Killer  
Kalli - Last Train Home  
Neil Diamond - Dreams

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Ólöf lofuð á Pitchfork

Söngkonan og lagahöfundurinn Ólöf Arnalds fær átta í einkunn af tíu mögulegum fyrir plötu sína Innundir skinni á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork.

„Það er ekki hægt annað en að heillast af tónlist Ólafar en það þarf einbeitingu til að elska hana,“ segir gagnrýnandinn. Platan er sögð litrík og tónlistarlega flókin sem skilji gríðarmikið eftir sig ef hlustandinn er þolinmóður. Það sama eigi við um síðustu plötu bandarísku söngkonunnar



ÓLÖF ARNALDS Tónlistarkonan fær átta í einkunn á síðunni Pitchfork.

Joanna Newsom, Have One On Me.

Dómur Pitchfork er enn einn jákvæði dómurinn um Innundir skinni, sem er önnur plata Ólafar. Platan fékk fjórar stjörnur í tónlistartímaritunum Mojo, Uncut og Spin og einnig hér í Fréttablaðinu.

Ólöf er þessa dagana á tónleikaferð um Frakkland til að fylgja plötunni eftir. Um miðjan mánuðinn fer hún síðan til Bandaríkjanna þar sem fjöldi tónleika er fyrirhugaður.

- fb



## > Plata vikunnar

Bjartmar & Bergisarnir - Skrýtin veröld

★★★★

„Bjartmar stígur aftur inn í sviðsljósið með sína bestu plötu í yfir 20 ár.“



## TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

## Áfram tónleikaveisla

Síðustu mánuðir ársins eru alltaf líflægir í tónleikahaldi á Íslandi. Airwaves toppar auðvitað allt í október, en veislan heldur áfram út árið. Á þessum tíma kemur út mikið af plötum og þeim fylgja útgáfutónleikar sem oft er mikið lagt í. Prins póló, Sing for me Sandra, Sálín hans Jóns míns, Blaz Roca, Rúnar Þórisson, Bubbi Morthens og Hjaltalín eru á meðal þeirra sem halda útgáfutónleika á næstu dögum.

Hjaltalín kemur reyndar líka fram á stærsta tónlistarviðburði helgarrinnar sem er norræna tónlistarhátíðin Direkt sem haldin er í tengslum við norrænu listahátíðina Ting sem nú stendur yfir í Reykjavík. Það eru alls tíu tónlistaratriði á Direkt-hátíðinni á fjórum viðburðum, en dagskráin er sérstaklega þétt og vel samsett. Í kvöld spila í Tjarnarbíói íslenska balkansveitin Orphic Oxtra sem var að gefa út plötu, færayska bandið Budam sem margir Íslendingar kannast við og danska hljómsveitin Slaraffenland sem spilar tilraunablandað popp og er sérstaklega efnileg. Annað kvöld er það svo sveittur stuðpakki á Nasa með Berndsen, Retro Stefson og norsku partíboltnum í Datarock sem áttu



**GÓÐIR GESTIR** Danska hljómsveitin Slaraffenland er á meðal þeirra sem fram koma á Direkt-tónlistarhátíðinni sem hefst í kvöld.

góða innkomu á Airwaves 2006. Á laugardagskvöld eru tveir viðburðir. Í Fríkirkjunni koma fram Hjaltalín og sænska gæðadúó Wildbirds & Peacedrums ásamt íslenska kórnum Schola Cantorum, en seinna um kvöldið er lokahóf á Venue með Captain Fufanu og óvæntu atriði. Hægt er að kaupa sig inn á hvern viðburð fyrir sig, en passi á allt saman kostar 3.900 kr. sem hlýtur að teljast mjög sanngjarnt fyrir jafn mikið af spennandi tónist.

Í kvöld fær Direkt reyndar mjög harða samkeppni. Sing for me Sandra er með útgáfutónleika á Faktory, Prins póló kynnir sína plötu á Bakkusi og þríeykið óviðjafnanlega GRM, (Gylfi Ægisson, Rúnar Þór og Megas) er með stórtónleika í Austurbæ.

## Vonbrigðin endurútgefin

Strákarnir í Weezer hafa endurútféð hina vanmetnu Pinkerton frá árinu 1996. Tvær aðrar plötur með sveitinni eru einnig nýkomnar út.

Weezer sló í gegn um miðjan tíunda áratuginn með sinni fyrstu plötu, samnefndri hljómsveitinni. Hún seldist í milljónum eintaka og lögin Undone, The Sweater Song og Buddy Holly fengu mikla spilun á MTV og í útvarpi. Weezer voru allir vegir færir og þess vegna kom næsta plata hennar, Pinkerton, mörgum á óvart. Hljómurinn var hrárr og myrkari en á forveranum og útkoman var nokkuð á skjön við hið aðgengilega og melódíska popp-rock sem einkenndi „bláu plötuna“.

Fyrsta smáskífulagið El Scorcho féll ekki í kramið hjá almenningi og smám saman varð Pinkerton týnd og tröllum gefin, þó svo að hörðustu aðdáendur Weezer hafi ávallt haldið tryggð við hana. Forsprakinn Rivers Cuomo var lengi að jafna sig á þessum ósigri. Hann hvarf af sjónarsviðinu, sneri aftur í Harvard-háskóla og heil fimm ár liðu þangað til næsta plata, hin græna Weezer, leit dagsins ljós. Sú var greinilegt afturhvarf til fyrstu plötunnar, og lögin Hashpipe, Island in the Sun og Photograph féllu mun betur í kramið en það sem Pinkerton hafði upp á að bjóða.

Núna, fjórtán árum eftir að Pinkerton kom út, hefur hún verið endurútféð í viðhafnarútgáfu, endurhljóðblandaðri með aukaplötu sem hefur að geyma tónleikaupptökur, B-hliðalög og ótúgefin lög. Ástæðan fyrir endurútgáfunni er sú uppreisn æru sem platan hefur fengið eftir að hafa upphaflega þótt mikil vonbrigði. Núna er hún af mörgum spekulendum talin ein mikilvægasta plata síðasta áratugar og til marks um það ákvað tímaritið Rolling Stone að breyta þriggja stjörnu dómi sínum um plötuna í fimm stjörnur

**WEEZER** Forsprakki Weezer, Rivers Cuomo, var mjög óánægður með viðtökurnar sem Pinkerton fékk á sínum tíma.



Rolling Stone breytti einkunnagjöf Pinkerton úr 3 í 5 stjörnur.

árið 2004. Tímaritið Spin nefndi Pinkerton eina af hundruð bestu plötum árána 1985 til 2005 og Guitar World segir hana á meðal hundruð bestu gítarplatan allra tíma. Tónlistarsíðan Pitchfork gaf endurútgáfu Pinkerton síðan fullt

hús stiga, eða tíu, fyrir skömmu og kallaði hana tímalaus snilld.

Weezer er með fleiri járn í eldinni um þessar mundir. Stutt er síðan áttunda hljóðversplata sveitarinnar, Hurley, og sú fyrsta hjá útgáfufyrirtækinu Epitah, kom út. Auk þess kom út á þriðjudaginn, sama dag og Pinkerton-endurútgáfan, platan Death To False Metal. Á henni eru níu ótúgefin lög með Cuomo og félögum sem komust ekki á hinar plöturnar. Einnig er þar útgáfa Weezer á smelli Toni Braxton, Un-Break My Heart. freyr@frettabladid.is

Evrópumeistarinn Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir lifir fyrir fimleikana

„Erfitt að hætta þegar maður hefur áhugann og góðan hóp í kringum sig.“

föstudagur  
fylgir Fréttablaðinu á morgun

**LAGALISTINN**  
Víkuna 28. október - 3. nóvember 2010

| Sæti | Flytjandi                           | Lag                                |
|------|-------------------------------------|------------------------------------|
| ▶ 1  | Páll Óskar og Memfismaffian...      | Það geta ekki allir verið Gordjöss |
| ▲ 2  | Kings Of Leon                       | Radioactive                        |
| ▲ 3  | Hjálmar                             | Gakktu alla leið                   |
| ▼ 4  | Cee Lo Green                        | Forget You (FU)                    |
| ▲ 5  | Bruno Mars                          | Just The Way You Are               |
| ▲ 6  | Helgi Björnsson & Reiðmenn vindanna | Vínakveðja                         |
| ▶ 7  | Lifun                               | Ein stök ást                       |
| ▲ 8  | Duffy                               | Well Well Well                     |
| ▼ 9  | Hurts                               | Wonderful Life                     |
| ▼ 10 | Bjartmar og Bergisarnir             | Negril                             |

### Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötufrauleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum: Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

vísir

HINN EINI SANNI

# RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



**NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ**

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Opið alla daga**

**frá 12:00 til 18:00**

**Mikið úrval af útivistarvörum, fatnaði og skóm**

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

**skór.is**

**ecco**

**NIKE**

**adidas**

**PUMA**

**hummel**

**Reebok**

**BLEND**

**ORIGINAL**

**SKECHERS**

## &gt; VONDA DROTTNINGIN FUNDIN

Charlize Theron kemur sterklega til greina í hlutverk vondu drottningarinnar í nýrri kvikmynd um Mjallhvíti. Þetta kemur fram á Empire-vefnum. Tom Hardy mun að öllum líkindum leika veiðimanninn hjartagóða.



**bíó**

bio@fret

# Safarík helgi í kvikmyndahúsum

Það er langt síðan helgin í kvikmyndahúsum borgarinnar var jafn safarík og nú. Og algjör óþarfi að eyða orðum í formála. Fyrsta ber að nefna opnunarmynd nýja kvikmyndahússins í Grafarvogi en það er Due Date með þeim Robert Downey og Zach Galifianakis, nýjustu stjórnunni í amerískum gamanleik. Myndin segir frá Peter Highman, sem neyðist til að fá far með leikaranum Ethan Tremblay svo hann nái fæðingu barnsins síns. Allt fer hins vegar úrskeldis á ferðalagi þeirra, með kostulegum afleiðingum.

Hasarmyndin RED er skipuð einvaliði leikara en meðal þeirra eru John Malkovich, Helen Mirren, Morgan Freeman og Bruce Willis. Myndin segir frá hópi gamalla CIA-fulltrúa sem þurfa að snúa bökkum saman

þegar gamli vinnuveitandinn þeirra vill ganga af þeim dauðum. Þriðja myndin sem vert er að benda á er síðan You Will Meet a Tall Dark Stranger eftir Woody Allen. Þar fer að venju hópur stórleikara með helstu hlutverkin en meðal þeirra eru Josh Brolin, Anthony Hopkins, Freida Pinto og Naomi Watts. Að venju fjallar Woody um ástina og allar mögulegar og ómögulegar hliðar hennar. - fgg

**GAMAN FRAM UNÐAN RED**, stórstjörnukvikmynd með **Helen Mirren** fremsta í flokki, ný Woody Allen mynd og gamanmyndin Due Date með þeim Robert Downey og **Zach Galifianakis** verða frumsýndar um helgina.



## MI4 fær nafn

Ein af jólamyndum næsta árs heitir Mission: Impossible: Ghost Protocol. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi sem aðalleikari myndarinnar, Tom Cruise, hélt í Dubai ásamt Paulu Patton og Jeremy Renner og framleiðendunum Jeremy Chernov og Bryan Burk. Kvikmyndin verður að mestu leyti tekin upp í Dubai en ekkert hefur verið gefið upp um hvað myndin fjallar um, nema að fjöldi evrópskra glæpamanna mun koma við sögu.

Cruise ákvað að halda blaðamannafund í tilefni af nafngiftinni því honum er það ákaflega mikilvægt að myndirnar í Mission: Impossible-flokknum séu ekki alvöru framhaldsmyndir. „Ég hef aldrei viljað hafa númer fyrir aftan nafn myndanna. Ég hef aldrei gert framhaldsmyndir og ég vil ekki að fólk hugsi um þessar myndir sem framhaldsmyndir. Það kom því aldrei til greina að kalla þær MI2, MI3 eða MI4 af því mér fannst alltaf að myndirnar þyrftu að hafa sinn eigin titil,“ sagði Cruise á blaðamannafundinum.

Bryan Burk, einn af framleiðendum myndarinnar, var jafnframt spurður að því af hverju Dubai hefði orðið fyrir valinu. „Ég og JJ Abrams, framleiðandi myndarinnar, vorum á ferðalagi um heiminn að leita að tókustöðum. Og við stoppuðum í Dubai eina kvöldstund. JJ sagði við mig að við yrðum að gera kvikmynd hérna. Svo kom Cruise og kynnti sína hugmynd fyrir okkur og þannig fóru hjólin að snúast.“ - fgg



**JÓLAMynd NÆSTA ÁRS** Mission: Impossible: Ghost Protocol verður ein af jólamyndum næsta árs en þetta er fjórða myndin um njósnarann Ethan Hunt sem Tom Cruise leikur. Jeremy Renner, Ving Rhames og Michael Nyqvist eru einnig í leikhópnum.

## Illa farið með frábæran feril

Einhvern tímann hefði þótt nóg að setja nafn Roberts De Niro á kvikmyndaplakatið og þá væri góð mynd nánast gulltryggð. En nú er öldin önnur og De Niro er ekki lengur það vörumerki sem hann áður var.

De Niro leikur skilorðsfulltrúann Jack, sem er um það bil að fara á eftirlaun, í kvikmyndinni Stone sem verður frumsýnd um helgina. Hann ákveður að taka að sér eitt verkefni í viðbót, að vege og meta hvort brennufargurinn Stone sé hæfur til að vera hleypt út í samfélagið á ný. Stone ákveður að fara alla leið, fær unnustu sína Lucettu til að draga skilorðsfulltrúann á talar, en sú virðist ekki öll þar sem hún er séð. Edward Norton og Milla Jovovich leika glæparyfir Stone og Lucettu en leikstjóri er John Curran sem síðast gerði The Painted Veil.

Fimmtán ár eru liðin frá því að De Niro lék í sómasamlegri kvikmynd. Þær voru reyndar tvær: Casino eftir Martin Scorsese og Heat í leikstjórn Michaels Mann. Sú fyrrennfnda markaði jafnframt endalok samstarfs þeirra De Niro og Scorseses en ferill leikarans hefur eiginlega legið lóðrétt niður frá því að þeir slitu sambandinu. Meira að segja smástirnið Shia Labeouf, sem hefur helst unnið sér það til frægðar að leika í Transformers-myndunum tveim, sá ástæðu til þess að skjóta á De Niro í blaðaviðtali, sagðist ekki ætla að daga uppi, sæll og glaður, þegar hann væri kominn á sín efri ár líkt og De Niro hefði gert.

De Niro tók skelfilegar ákvarðanir eftir Casino og Heat. Stundum var hann líka einfaldlega óheppinn. The Fan með Wesley Snipes var skelfileg, Sleepers náði ekki þeim hæðum sem vonast hafði verið til þrátt fyrir stjernuher og Cop Land með Sylvester Stallone og öðrum harðjókulum stóðst engan veginn þær væntingar sem til hennar voru gerðar. Wag the Dog sameinaði Dustin Hoffman og De Niro í ágætis afþreyingu og De Niro sýndi hvers hann var megnugur sem „stónd“ smáglæpamaður í Jackie Brown. En svo verður listinn yfir vondar myndir lengri en góðu hófi gegnir. Men of Honour,



Á NIÐURLEIÐ Ferill Roberts De Niro hefur legið niður eftir að samstarfi hans og Martins Scorseses lauk. Gamanmyndir hafa eiginlega haldið honum á floti, en því hefði varla nokkur maður spáð.

15 minutes, Godsend and Showtime. Meira að segja Righteous Kill, þar sem De Niro lék á móti Al Pacino, var ekki vel tekið.

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur gamanleikur haldið ferli De Niro á floti, Fockers-myndirnar og Analyze-dúettinn með Billy Crystal. Aðdáendur hans gera hins vegar þá kröfu að leikarinn sýni þeim þá virðingu að leika í „almennilegri“ mynd öðru hverju og það hefur verið erfitt fyrir þá að horfa upp á stórleikarann fjara út, rétt eins og Marlon Brando gerði undir það síðasta. Og kannski verða það örlög De Niro, að leika í gamanmyndum þar sem hann gerir „góðlátlegt“ grín að hörkulegri ímynd sinni og sæmilegum hasarmyndum. En þar fer góður biti í hundskjauft

freygigja@frettabladid.is

“Ófyrirgefana gaman og nærandi fyrir sálina!”

## SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, Vasaleikhúsið, Við fótiskör meistarans, And Björk of Course...)

Aukanámskeiðið  
18. - 28. október  
seldist strax upp!

Auka-aukanámskeið;  
**8. nóvember**  
Örfá sæti laus!



Umsagnir þátttakenda;

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynt af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.”

Nánari upplýsingar hjá [gg@ropeyoga.com](mailto:gg@ropeyoga.com) og í síma 8223699

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA á kennsla.is**

## DiCaprio leikur raðmörðingja

Leonardo DiCaprio hefur loksins fest kaup á kvikmyndarétti bókarinnar The Devil in the White City eftir Erik Larson. Þetta kemur fram á vef Empire-tímaritsins. DiCaprio hefur lengi haft augastað á bókinni eða frá 2002 en Tom Cruise átti kvikmyndaréttinn þar til nú. Bókin segir frá raðmörðingjanum Dr. HH Holmes sem gekk laus á meðan heimssýningin í Chicago stóð 1893. Holmes hefur verið lýst sem amerískri útgáfu af Kobba kvíðristu en hann þótti bæði sérvitur og fremur ógeðfældur.

DiCaprio ætlaði raunar að vera á undan Cruise með þessa sögu því hann hefur undanfarið ár sankað að sér alls kyns málsskjölum um rannsóknina á málinu. Cruise var þá byrjaður að undirbúa gerð

hennar með Óskarsverðlaunaleikstjóranum Kathryn Bigelow og handritshöfundinum Christopher Kyle. En nú er DiCaprio samsagt kominn með réttinn og er byrjaður að leita að handritshöfundum ásamt framleiðendunum, Jennifer Killoran, Michael Shamberg og Stacey Sher. „Þetta er einstök saga um fyrsta raðmörðingjann í sögu Bandaríkjanna. Við hlökkum mikið til að koma þeirri sögu á hvíta tjaldið,“ segir Killoran.

- fgg

**ÁHUGASAMUR** Leonardo DiCaprio hyggst leika fyrsta raðmörðingjann í sögu Bandaríkjanna, Dr. HH Holmes.





**35%  
AFSLÁTTUR**  
Jakki nú  
Kr. **8.385**  
Trefill nú  
Kr. **1.943**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Jakki nú  
Kr. **9.035**  
Gallabuxur nú  
Kr. **5.135**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Jakki nú  
Kr. **8.385**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Jakki nú  
Kr. **8.385**  
Gallabuxur nú  
Kr. **5.135**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Peysa nú  
Kr. **6.435**  
Trefill nú  
Kr. **1.943**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Peysa nú  
Kr. **6.435**  
Belti nú  
Kr. **1.293**



**35%  
AFSLÁTTUR**  
Jakki nú  
Kr. **8.385**

**Allt á 35% afslætti!**

**Útsölu bomba 2. til 15. nóvember!**

**S**hock

Komdu í búðina og skráðu þig á póstlista Shock tiskufataverslunar og þú gætir unnið **kr. 100.000. úttekt í Shock**

## > BRJÁLÆÐI EYKUR ÁHORFIÐ

Charlie Sheen trompaðist á dögnum í New York. Lögreglan kom að honum nöktum á hótélherbergi, en klámmyndaleikkona sem hann hafði eytt kvöldinu með hafði læst sig inni á klósetti. Sheen leikur aðalhlutverk í gamanþáttinum *Two and a Half Men*. Í kjölfar fréttanna af brjálæði Sheen jókst áhorf á þættina vestanhafs um tæp tíu prósent.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Vonar að Lil Wayne spjari sig

Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, hefur tjáð sig um rapparann Lil Wayne, sem verður látinn laus úr fangelsi í dag. „Dóttir mín kynnti mig fyrir rappi og hip hop tónlist eftir að ég sagði hluti sem þóttu ekki töff,“ sagði Clinton á bandarísku útvarpsstöðinni Kiss FM. „Hún sagði: „Pabbi, þú verður að hlusta. Allt þetta fólk er klárt í kollinum.“ Þessi náungi er klár í kollinum. Hann er hæfileikaríkur og hann fær nýtt tækifæri núna. Eg vona að þetta verði ekki til þess að hann verði talinn svalari en áður. Frekar að þetta verði til þess að þetta komi aldrei fyrir hann aftur,“ sagði

Clinton. „Margt af þessu fólki nær ekki langt í lífinu, rétt eins og annað fólk, með því að vera heimskt. Þetta fólk er virkilega snjallt. Margir úr þessum hópi hafa átt erfiða ævi og það liggur við að þeim finnst svalt að lenda í vandræðum stöku sinnum. Eg vona bara að líf hans verði gott í framhaldinu.“



LIL WAYNE Bill Clinton vonar að Lil Wayne lendi aldrei aftur í fangelsi.

# SEGIR DAVÍÐ HAFA BJARGAÐ HRAFNI

Einar Kárason segir í nýrri bók sinni að Davíð Oddsson hafi tryggt aukafjármögnun svo Hrafn Gunnlaugsson gæti gert kvikmyndina *Myrkrahöfðingjann*. Formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs á þessum tíma telur að Einar fari ekki rétt með staðreyndir málsins.

„Það er náttúrulega svolítið um liðið en þetta er ein af þessum minningum sem maður átti og vildi koma á prent,“ segir Einar Kárason rithöfundur.

Einar hefur sent frá sér bókina *Mér er skemmt, þar sem hann segir sögur úr eigin lífi*. Einn athyglisverðasti kafli bókarinnar fjallar um störf Einars í stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands á síðustu öld. Einar segir frá samstarfsfólki sínu í stjórninni og hvernig starfið hafi gengið. Hann segir frá kveðjuhöfi sem haldið var fyrir Bryndísi Schram á Hótel Borg en að hófinu loknu bauð Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og þáverandi formaður stjórnar Kvikmyndasjóðs, til áframhaldandi gleði á heimili sínu. Talið barst að Myrkrahöfðingjanum, kvikmynd sem Hrafn Gunnlaugsson var með í bígerð, en hún hafði fengið hæsta vilyrði fyrir styrk sem veittur hafði verið hjá sjóðnum. Hrafn taldi hins vegar ómögulegt að gera myndina nema meira fjármagn fengist. Einar segir frá:

„Og nú sitjum við úti í horni stofunnar, ég og Villi og Ari [Kristinsson], og Villi segir okkur frá því að hann hafi rætt málin undir fjögur augu við forsætisráðherrann, sem var auðvitað hæstráðandi til sjós og lands þar í þinginu, og sá hefði sagt að hann væri tilleiddanlegur að beita sér fyrir því að Kvikmyndasjóður fengi hækkun upp á tuttugu og fimm eða þrjátíu milljónir ef við í stjórninni gætum tryggt að sú hækkun rynni öll til Myrkrahöfðingjans á næsta ári. En svo væri auðvitað nokkuð ljóst að sjóðurinn



## ENN RÆTT UM MYRKRAHÖFÐINGJANN

Rúmum tíu árum eftir frumsýningu *Myrkrahöfðingjans* er myndin enn til umræðu. Einar Kárason segir í nýrri bók að Vilhjálmur Egilsson hafi fyrir tilstuðlan Davíðs Oddssonar séð til þess að Hrafn Gunnlaugsson fengi aukafjármagn til að gera myndina. Vilhjálmur kannast ekki við þá atburðarás sem Einar teiknar upp í bókinni.

yrði ekki lækkaður aftur, svo að allir myndu njóta góðs af þessum díl í framtíðinni.“

Allir hafi verið sammála um þennan ráðahag en sérstök úthlutunarnefnd sá alfarið um að ákveða hverjir hlutu styrki. Því hafi verið ákveðið að tryggja að meðlimir úthlutunarnefndarinnar myndu veita Myrkrahöfðingjanum styrkinn. Segir Einar að Vilhjálmur hafi tryggt stuðning tveggja fulltrúa af þremur í úthlutunarnefndinni; þeirra Markúsar Arnar Antonssonar og

Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Ekki þurfti að leita til þriðja fulltrúans, Laufeyjar Guðjónsdóttur, þar eð meirihluti var tryggður.

Vilhjálmur Egilsson sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki geta kvittað upp á frásögn skáldsins. „Ég er nú ekki alveg svo minnisgöður að ég geti staðfest þetta, sérstaklega ef þetta var eftir kveðjuveislu síðla nætur,“ segir Vilhjálmur léttur í bragði. „Ætli röðin hafi ekki verið sú að við fengum hækkun í sjóðinn, sem var heilmikið mál og margir hafa

notið góðs af, og svo var þetta spurning um hvað úthlutunarnefndin ætlaði að gera. Myndin var komin með vilyrði fyrir styrk en það var ekki séns að gera hana fyrir það sem var í sjóðnum. Og það sama var með fleiri myndir, við vorum alveg komin í strand með nokkrar myndir. Þetta var spurning um hvort úthlutunarnefndin blési þessar myndir af eða tryggði það fjármagn sem þurfti til að gera þær. Menn horfðust bara í augu við raunveruleikann.“

hdm@frettabladid.is

## Græddi ekki á megrun

Söngkonan og raunveruleikastjarnan Kelly Osbourne, dóttir rokkarans Ozzy, vísar því á bug að hún hafi grætt á tá og fingri síðan hún grenntist. Osbourne tók þátt í bandaríska þættinum *Dancing with the Stars* á síðasta ári og hélt áfram að hreyfa sig eftir að honum lauk. Núna hefur hún misst yfir tuttugu kíló. Fjölmíðlar segja að hún hafi grætt um 1,4 milljarða króna síðan hún léttist. Stjarnan er bálreið yfir fréttatflutningnum. „Fólk skrifar ótrúlegt rugl. Það er virkilega ábyrgðarlaust að skrifa svona lygar á þessum erfiðu tímum í efnahagslífinu,“ sagði hún.



# Björgunarsveitarmenn saman í bíó

25 menn úr björgunarsveitinni Suðurnes í Reykjanesbæ fóru í hópferð á heimildarmyndina *Norð Vestur – Björgunarsaga*, sem fjallar um snjóflóðið á Flateyri árið 1995.

Jóhann Berthelsen, sem hefur verið í tíu ár í björgunarsveitinni, var ánægður með myndina. „Hún snerti mig mjög mikið út af því að ég er fæddur og uppalinn á Vestfjörðum, reyndar á Tálknafirði. En ég átti frænku sem fórst í slysinu sem var jafngömul mér,“ segir Jóhann. Þrír úr sveitinni Suðurnes tóku þátt í björgunarsögu eftir snjóflóðið en björgunaraðgerðirnar eru á meðal þeirra stærstu sem Almannaavarnir og Landsbjörg hafa staðið fyrir.

Jóhann og félagar fóru á þremur björgunarsveitarbílum í bíóið og vöktu að vonum mikla athygli bæjarbúa. Einnig voru þeir allir klæddir björgunarsveitarpeysum á sýningunni. Spurður hvort þeir hafi ekki óttast að lenda í útkalli á miðri sýningu segir Jóhann: „Við gerðum smá grín að því að það væri dálítið fyndið ef það væri útkall,“ segir hann en sem betur fer gerðist það ekki.

Fleiri björgunarsveitir hafa farið í hópferðir á heimildarmyndina, þar á meðal Hjálparveit skáta í Hveragerði. Í næstu viku ætlar síðan Hjálparveit skáta í Kópavogi, sem er með rústabjörgunarsveit innan sinna raða, að fara á myndina.

- fb



SUÐURNES Jóhann og félagar í björgunarsveitinni Suðurnes fóru á heimildarmyndina *Norð Vestur – Björgunarsaga*.

# FJÖRÐUR

VERSLUNARMIDSTÖÐ Í HJARTA HAFNARFJARÐAR — WWW.FJORDUR.IS

# BARNNA-DAGAR

fimmtudag til laugardags  
4. - 6. nóvember

Opið fimmtudag og föstudag kl. 10-18,  
laugardag kl. 11-17

**POLLAPÖNK**  
laugardag kl. 14.30



**PERLAÐ** Á 2. HÆÐ  
laugardag kl. 13-16

**ANDLITSMÁLUN**  
laugardag kl. 13-16

© 2010-11 — Hornunahúsið ehf.

 20% afsláttur af barnagleraugum

**augastaður**  
Firði • S: 555 4789

10% afsláttur af matseðli  
Drykkur fylgir frítt fyrir börn undir 12 ára

**caféaroma**

20% afsláttur af

- leikföngum
- barnaskóm
- barnafötum

**Fjolsport**  
2. hæð • www.fjolsport.is

20% afsláttur af skírnargjöfum, barnaskarti og barnaúrum

**ÚR & GULL**  
Firði • Miðha Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666

**VÖRU MARKAÐUR 10-70% lægra verð**

**FJARÐAR**

leikföng – spil – gjafavörur – og margt fleira

20% af Barnalínunni frá Gamla Apótekinu

20% af barnavítamínum

**Lyf & heilsa**  
Firði

**GAMLA APÓTEKID**  
Veljum íslenskt

**"ORANGE ELEPHANT"**

Föndurvörur fyrir börn

20% AFSLÁTTUR

**Krakkamuffins á tilboði**

Krakkakökur fyrir öll afmæli  
sjá facebook / kökulist

**KÖKULIST**

15% afsláttur af öllum vörum

**Skemman**

Gollatöskur • Farsímabönd

20% afsláttur

**Símabúðin Firdi**

20% afsláttur af barnaskóm

**EUROSKO SKÓHÖLLIN**  
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

50% afsláttur á nammibarnum

20% afsláttur af bleyjum og barnamat

**1011**  
...alltaf opið!  
www.10-11.is

# Feðgin fönndruðu myndband

Tónlistarmaðurinn Ummi fékk dætur sínar sem eru sex og nú ára, þær Ísabellu Unni og Karen, til að vinna með sér nýtt myndband við lagið Svefnleysi. Það er þriðja smáskífulagið af fyrstu sólóplötu hans, Ummi, sem kom út fyrr á þessu ári.

„Eins og öll börn þá elska þær að teikna og leira og mála, svo það er tilvalið að nota þá orku í myndbandagerð,“ segir Ummi. Um hreyfimyndband er að ræða þar sem hlutir eru hreyfðir, mynd tekin og þeir síðan hreyfðir aftur. Þetta er síðan endurtekið margt. „Við bjuggum bara til tunglið og

aðra hluti úr leir og svo notuðum við bara allt sem féll. Til dæmis klipptum við niður bláan plastpoka til að gera „slassið“ þegar tunglið dettur í sjóinn. Sjórinn var bara Cherioos-pakkar klipptir til og málaðir og bakgrunnurinn var gamalt lak sem við máluðum, svo að þetta var hvorki hátæknilegt né dýrt. Þetta var bara meira fönður og fjör hjá okkur,“ segir Ummi, sem starfar sem þrívíddarlistamaður í London og hefur unnið við stórmyndir á borð við Avatar, Harry Potter og Batman Begins. Hann er einnig fyrrverandi meðlimur Sólstrandargæjanna.

Ummi samdi Svefnleysi þegar hann var að svæfa Ísabellu þegar hún var eins til tveggja ára. „Það er í raun um þakklæti og ást, frelsi og þessa tilfinningu að geta faðm- að barnið sitt og horft á það sofa.“ Lagið er ókeypis og aðgengilegt til niðurhals á síðunni Ummi.is, þar sem einnig er hægt að sjá myndbandið. - fb



UMMI Tónlistarmaðurinn Ummi bjó til nýtt myndband við lagið Svefnleysi með dætrum sínum tveimur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Brad Pitt í gamanmynd

Hjartaknúsarinn Brad Pitt er í víðræðum um að leika í gamanmyndinni Cogan's Trade. Ef Pitt ritar nafn sitt á samninginn verður þetta í annað sinn sem hann starfar með leikstjóranum Andrew Dominick. Þeir unnu síðast saman við vestrann The Assassination of Jesse James sem kom út 2007.

Dominick ætlar að leikstýra Cogan's Trade eftir eigin handriti og framleiðslufyrirtækið Plan B, sem er í eigu Pitts, mun framleiða í samvinnu við Chockstone Pictures. Myndin fjallar um mann sem rannsakar rán sem átti sér stað í miðju póker-spili.



BRAD PITT Leikarinn fer hugsanlega með hlutverk í Cogan's Trade.

# Krakkadagar

# 20%

# afsláttur

# af kuldafatnaði



3 fyrir 2 af leikföngum



Gildir út mánudag

# DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

  
**hummel**  
Nýtt í Debenhams  
**20%**  
kynningarafsláttur



# Brotist inn hjá Keiru

Brotist var inn hjá leiknonni snoppufriðu Keiru Knightley á dögnum þegar hún var stödd í Róm á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Last Night.

Þjófarnir biræfna stálu tveimur fartölvum sem talið er að þeir reyni að koma í verð. Keira býr í London en þjófarnir brutu niður öryggishurð áður en þeir brutu niður útidyrhurðina.

„Keira er eyðilögð yfir því að einhver hafi verið að gramsa í dótinu hennar,“ er haft eftir lög- reglunni í London. „Hún er ekki viss um að hún vilji búa lengur í húsínu.“



EKKERT ÓLÖGLEGT „Jónan“ sem Zach Galifianakis reykti innihélt ekki ólögleg kannabisefni.

# Reykti ekki ósvikna jónu

Spéfuglinn Zach Galifianakis komst í heimsfréttirnar á dögnum þegar hann virtist reykja jónu í beinni útsendingu í þættinum Real Time with Bill Maher. Fréttin breiddist út eins og eldur í sinu um allan heim, en nú er fullt að ekkert ólöglegt efni hafi verið í jónunni. „Þetta var ekki alvörðuna,“ sagði Bill Maher, stjórnandi þáttarins, sem er mikill talsmaður lögleiðingar kannabisefna. „Ef hún hefði verið ósvikin hefði ég fengið mér smök. Þetta var einhvers konar tóbak. Zach er klikkaður, en ekki svona klikkaður.“



# Þú sérð árangurinn

á Goran Superform-námskeiðinu í Grand Spa

## Matartaskan gerði útslagið



Gísli Hlynur Jóhannsson, 44 ára handboltadómari í Keflavík, tók þátt í Goran Superform-námskeiði í Grand Spa síðasta sumar. Gísli þurfti að koma sér í form fyrir komandi keppnistímabil. Dómarar þurfa að taka hlaupapróf áður en tímabilið hefst og setti Gísli sér það markmið að ná prófinu án þess að þurfa að hafa mikið fyrir

því. Hann vildi auk þess ná af 1 kg á viku.

„Ég hef ágætan grunn í líkamsrækt og hef æft reglulega til margra ára. Mig langaði hins vegar að prófa eitthvað nýtt og fá meiri fjölbreytni í æfingarnar. Matartaskan gerði líka gæfumuninn,“ segir Gísli og bætir við að miklu auðveldara sé að taka með sér matartösku að æfingu lokinni á morgnana. Matarskammtur dagsins liggja fyrir, freistingum fækki og lífið verði einfaldara. „Aðhaldið var mjög gott á námskeiðinu og eftirfylgnin sömuleiðis. Goran var mjög hvetjandi við þjálfunina. Æfingarnar voru góðar og hóptímarnir ávallt skemmtilegir. Það var mikil brennsla og keyrsla á æfingum og árangurinn eftir því. Ég náði markmiðum mínum, léttist mikið, missti mikið fitumagn og náði hlaupaprófinu auðveldlega.“ Gísli segir heldur ekki hafa spillt fyrir hversu sanngjarnt verðið var og aðstaðan stórglæsileg en um leið hlýleg. Viðmót starfsmanna hafi líka ávallt verið gott.

Gísli er hvergi hættur að æfa og segir nýjan lífsstíl framundan þar sem reglulegar æfingar eru nú hluti hins daglega lífs. „Sjálfsaginn hefur eflst til muna eftir þátttöku mína á Goran Superform-námskeiðinu. Ég mætti á æfingu klukkan 6.30 á hverjum virkum degi í sex vikur, kom keyrandi frá Keflavík“ segir Gísli sem er ákveðinn í að fara aftur á Superform-námskeið fyrir jólin.

## Besta gjöfin í langan tíma



Það var í byrjun apríl að eiginmaður Sólrunar Halldórsdóttur færði henni gjöf sem er ein sú besta sem hún hefur fengið í langan tíma. Það var 4 vikna Superform námskeið hjá Goran í Grand Spa. „Ég var svolítið hikandi þegar ég mætti í fyrsta tímunn, vissi hreinlega ekkert hvað ég var að fara út í. Hjartslátturinn var

hreinlega í hæstu hæðum þegar ég fór í fyrstu mælinguna. Ég 45 ára var ekki búin að hreyfa mig að ráði í yfir 3 ár og var búin að safna kílóunum eins og það væri sparifé sem bankarnir gætu ekki náð í.“ Sólrun segir að vel hafi verið tekið á móti henni og andrúmsloftið hafi verið vinalegt og heimilislegt. „Mér fannst ég ekkert frábrugðin mörgum konum og körlum sem þarna mæta þó ég væri komin í yfirstærð. Fólk er þarna á sínum forsendum, hvort sem það þarf að ná auknu úthaldi, létta sig, styrkja eða ná betra andlegu jafnvægi.“

„Sama dag og ég fór í fyrstu mælinguna ákvað ég að breyta matarræðinu. Þessum aukakílóum yrði ekki náð af með æfingunni einni saman. Ég fór á fyrirllestur hjá Goran um hollt matarræði og notaði margar ráðleggningar frá honum. Ég mætti 5 sinnum í viku, gerði eins mikið og ég treysti mér til. Sjö vikum eftir að ég setti fótinn inn fyrir dyrnar á Grand Spa er ég í betra formi en ég hef verið í síðastliðin 5 ár.“ Sólrun missti 2 kíló strax fyrstu vikuna. Næstu vikur á eftir léttist hún um tæpt kíló á viku. Eftir 6 vikur voru farin 6,3 kg af fitu og Sólrun heldur áfram að léttast. „Nú er komið að því að ég þarf að fara að endurnýja fataskápinn.“

„Úthaldið er miklu meira en áður, ég hef orku til að gera flest það sem mig langar til og ég er ekki í neinum vafa um að ALLIR sem mæta á Goran Superform GETA náð þeim árangri sem þeir ætla sér. Gangi ykkur vel.“



Grand Spa er ein fullkomnasta og glæsilegasta heilsulind landsins. Þar starfa eingöngu faglærðir þjálfarar sem veita þér hjálp í að ná þínum markmiðum. Frítt herðanudd í heilsulindinni okkar fylgir eftir hverja æfingu fyrir þá sem fara á námskeið eða fá sér líkamsræktarkort hjá okkur. Þeir sem æfa hjá okkur fá afhentan Technogym lykil sem geymir þínar stillingar fyrir hvert og eitt tæki og safnar þannig upplýsingum um árangur þinn og elju. Lykillinn virkar eins og einskonar einkaþjálfari en að sjálfsögðu eru alltaf þjálfarar í salnum sem eru allir af vilja gerðir til að hjálpa þér að ná sem bestum árangri. Einnig bjóðum við upp á okkar sívinsælu matartösku sem tryggir þér hámarksárangur.

Námskeiðin er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða.

**Námskeiðin fara að hefjast - þú getur byrjað strax í dag!**

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | [www.grandspa.is](http://www.grandspa.is)



## Þrjár nýjar bækur kynntar

Þrjár nýjar bækur voru kynntar til sögunnar í útgáfuhófi sem var haldið í Bókabúð Máls og menningar. Um var að ræða Geislaþræði, fyrstu bók Sigríðar Pétursdóttur, Blindhæðir sem er fjórða ljóðabók Ara Trausta Guðmundssonar og Moldarauka, þriðju ljóðabók Bjarna Gunnarssonar. Höfundarnir voru að sjálf-sögðu allir á staðnum og tóku á móti gestum.



**ALEXANDER OG ÁSKELL** Alexander og Áskell Harðarson mættu í útgáfuhófið.



**HÖFUNDAR** Bjarni Gunnarsson, Sigríður Pétursdóttir og Ari Trausti Guðmundsson tóku á móti gestum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Starfar með Flea

Popparinn Damon Albarn er að ljúka við nýja plötu með Flea, bassaleikara Red Hot Chili Peppers, og Tony Allen sem starfaði með Albarn í hljómsveitinni The Good, the Bad & the Queen. Að sögn Albarns verður Allen í aðalhlutverki á plötunni. „Í þetta sinn eru það hann, ég og Flea úr Chili Peppers og nokkrir af mínum uppáhalds afrísku tónlistarmönnum,“ sagði hann. Albarn er einnig að vinna í nýrri plötu með Gorillaz og vonast til að taka upp nýja plötu með The Good, the Bad & the Queen á næstunni.

Albarn er ekki eini breski popparinn sem Flea hefur starfað með að undanförunu því stutt er síðan



**DAMON ALBARN** Popparinn er að ljúka við plötu með Flea, bassaleikara Red Hot Chili Peppers.


hann stofnaði hljómsveit með Thom Yorke, söngvara Radiohead. Tilgangurinn var að spila lög af sólóplötu Yorkes, Eraser, og einnig ný lög af sólóferli hans.



**LADY GAGA** Háskólinn í Suður-Karólínu býður upp á námskeið um Lady Gaga.

## Læra um Lady Gaga

Háskólinn í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum býður nemendum sínum upp á félagsfræðiafanga sem snýst um poppstjörnuna Lady Gaga. Áfanginn hefst næsta vor og kennari er próffessorinn Mathieu Deflem sem er mikill aðdáandi Gaga. Hann hefur séð hana þrjátíu sinnum á tónleikum. „Við ætlum að fjalla um Lady Gaga sem félagsfræðilegan viðburð. Námskeiðið snýst ekki endilega um persónu hennar eða tónlistina. Það snýst meira um þetta fyrirbæri í samfélaginu sem á yfir tíu milljónir aðdáenda á Facebook og sex á Twitter. Hún er félagsfræðilegt fyrirbæri,“ sagði próffessorinn.



Tónlist ★★ ★

**This Mess We've Made**

Útidúr

### Rómantískt og heimilislegt

Fyrsta plata tólf manna hljómsveitarinnar Útidúrs er uppfull af heimilislegu kammerpoppi þar sem fjöldi hljóðfæra kemur við sögu, meðal annars harmónika, básúna og fiðlur. Fishersman's Friend, Up & Down, Let's Make Room og Mind Your Stay eru öll góð en besta lag plötunnar er líklega Ballaðan. Einhverjir hafa líkt Útidúr við Hjaltalín en hérna er léttleikinn öllu meiri. Textar plötunnar eru flestir rómantískir og passa vel við tónlistina, rétt eins og stílfagurt umslagid.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Fyrsta plata hinnar efnilegu Útidúrs er bæði rómantísk og heimilisleg.



## Gjöfin þín að verðmæti 17.000 kr. er í Debenhams

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá Clinique er þetta gjöfin þín.\*  
Dagana 4. – 10. nóvember.

- Take The Day Off augnfarðahreinsir 50 ml
- Liquid Facial Soap Mild 50 ml
- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Moisturizer 15 ml
- All About Eyes Rich augnkrem 7 ml
- Blushing Blush Powder Blush 1.8 g
- High Impact Mascara 4 g
- Long Last Glosswear SPF 15 Varagljái 2.3 ml

\*meðan birgðir endast



Nýtt

**Repairwear Laser Focus**  
Annað tækifæri fyrir húð með hrukkrur.  
Leiser meðferð í flösku

**CLINIQUE  
BONUS**

Ofnæmisprófað. 100% ilmeðnafrítt.

# DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



RÚNAR ÞÓRISSON Útgáfutónleikar Rúnars verða haldnir í Tjarnarbíói.

## Með tólf manns á sviði

Rúnar Þórisson, fyrrum gítarleikari Grafíkur, heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói þriðjudaginn 9. nóvember vegna sinnar annarrar sólóplötu, Falls. Tólf manns verða á sviðinu, þar á meðal dætur hans tvær, Lára og Margrét, ásamt þremur strengjaleikurum.

Stutt er síðan Rúnar spilaði á Airwaves-hátíðinni, þar sem ungmennin eru jafnan mest áberandi. „Ég var trúlega elstur þátttakenda en maður sprikar þetta enn þá. Maður gefst ekki upp enda er ekkert kynslóðabil í tónlist. Þetta er bara spurning um hugarfar,“ segir Rúnar, sem er 55 ára.

Platan Fall ber þess merki að Rúnar hefur viðað að sér ýmsum straumum og stefnum í tónlist en hann hefur um árabíl fengist við rokk-tónlist og klassíska tónlist jöfnum höndum. - fb

## Ný plata frá Britney 2011

Britney Spears hefur ekkert tjáð sig um næstu skref sín í tónlistinni, en hún gaf síðast út plötuna Circus árið 2008. Einn af upp-tökustjórunum hennar, Dr. Luke, tók af henni ómakid á dögum og lýsti því yfir að plata væri væntanleg á næsta ári.

„Hún er algjör goðsögn, en ég vil þó ekki valda neinum vonbrigðum,“ sagði hann. „Ég er mjög spenntur enda erum við að vinna plötuna með Max Martin, sem var einn af þeim sem uppgötvaðu hana. Það er frábært að koma tónlist til margra hlustenda í gegnum Britney.“



TÓNLIST VÆNTANLEG Britney Spears vinnur nú að nýrri plötu.

# Fimm íslenskar hljómsveitir á Eurosonic

Hljómsveitirnar Dikta, Who Knew og Endless Dark ásamt tónlistarkonunum Ólöfu Arnalds og Láru spila á tónlistarhátíðinni Eurosonic á næsta ári. Þetta er árleg bransahátíð sem er hugsuð sem stökkpallur fyrir upprennandi flytjendur og verður hún í þetta sinn haldin 12. til 15. janúar.

Á síðustu Eurosonic-hátíð spiluðu FM Belfast, Agent Fresco og Seabaer. Sú fyrst nefnda var valin ein af tíu athyglisverðustu hljómsveitum hátíðarinnar og var hún í framhaldinu valin til að spila á tónlistarhátíðum víða um heim, þar á meðal Hróarskeldu. FM Belfast varð einnig efst á lista ásamt ensku sveitinni The XX yfir flestar tónleikabókanir hljómsveita á árinu í kjölfar Eurosonic. The XX var boðið á ellefu hátíðir

á meðan íslensku stuðboltarnir fengu níu boðsmiða.

Agent Fresco lenti aftur á móti í leiðinlegu atviki á Eurosonic þegar hátt í fimmtíu þúsund krónum var stolið frá söngvaranum Arnóri Dan og félögum hans, eins og Fréttablaðið greindi frá. Vonandi verður ekkert slíkt uppi á teningnum á næstu hátíð og allir íslensku flytjendurnir komi heim með bros á vör og góða reynslu í farteskinu.

Yfir fimmtíu tónlistarhátíðir í Evrópu taka þátt í Eurosonic til að kanna nýliðunina í evrópskri poppsenu og um leið fá þær stuðning við að bóka minna þekktar hljómsveitir. Þar á meðal eru Glastonbury, Sziget, Benicasim, Hultsfred og Hróarskelda.



DIKTA Poppararnir í Diktu spila á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi á næsta ári.



VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ - CARUSO

VILDARÞJÓNUSTA BYRS



Kynntu þér kostina á byr.is

## Gefðu þér tíma fyrir gæðastund

Viðskiptavinum í Vildarþjónustu Byrs býðst 15% afsláttur á Caruso, yndislegum ítölskum veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Gefðu þér gæðastund á Caruso.



Ekki er veittur afsláttur af drykkjum eða með öðrum tilboðum.

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértilboð hjá samstarfsaðilum.

IMAGE FUDGE IMAGE **Pú kemst fljótt að!**  
...en þú getur líka pantað tíma

IMAGE FUDGE IMAGE

IMAGE FUDGE IMAGE **Rakarastofan Klapparstíg**

IMAGE FUDGE IMAGE **S: 551 3010**

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

| BÍÓ                | SÝNINGARTÍMAR            | 16 | L |
|--------------------|--------------------------|----|---|
| MACHETE            | 5.50, 8 og 10.10 (POWER) | 16 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2  | 5.50 - ISL. TAL.         | L  | L |
| TAKERS             | 8 og 10.10               | 16 | L |
| THE SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10.10            | 7  | L |
| AULINN EG          | 6 - ISL. TAL.            | L  | L |

**BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN**

**LANGFLOTTASTA PRÍVÍÐAR MYNDIN SÍÐAN AVATAR**  
„SJÓNREN VEISLA Í PRÍVÍÐ“ SKEMMTIR FULLORÐNUM JAFNT SEM BÖRNUM  
★★★★★ ET  
★★★★★ USA TODAY

**10.000 ÁHORFENDUR**  
★★★★★  
SYND Í SAMBÍÓUNUM

| SAMBÍÓIN ALFABAKKA                 |                      |    | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI                    |               |    |
|------------------------------------|----------------------|----|--|---------------|----|
| LET ME IN                          | kl. 8 - 10:30        | 16 | LET ME IN                              | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH                         | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 | THE SWITCH                             | kl. 8         | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/isl. Tali | kl. 5:50             | 7  | KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/isl. Tali     | kl. 5:50      | 7  |
| ÓRÓI                               | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 | LEGEND OF THE GUARDIANS-3D óbtd. Ensku | kl. 5:50      | 7  |
| THE TOWN                           | kl. 8 - 10:30        | 16 | ÓRÓI                                   | kl. 10:10     | 10 |
| THE TOWN                           | kl. 6 - 9:15         | 16 | THE TOWN                               | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FURRY VENGEANCE                    | kl. 6                | 1  | FURRY VENGEANCE                        | kl. 5:50      | 1  |
| DINNER FOR SCHMUCKS                | kl. 8 - 10:30        | 7  | SOCIAL NETWORK                         | kl. 8         | 7  |
| ALGJÖR SVEPPI-3D                   | kl. 6                | 1  | THE AMERICAN                           | kl. 10:20     | 16 |
| <b>SAMBÍÓIN AKUREYRI</b>           |                      |    | ÓRÓI                                   | kl. 8         | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ISL. TAL.   | kl. 6                | 7  | REMEMBER ME                            | kl. 10:20     | 10 |
| LET ME IN                          | kl. 8 - 10:10        | 16 |  |               |    |
| ALGJÖR SVEPPI                      | kl. 6                | 1  |  |               |    |
| THE SWITCH                         | kl. 8                | 10 |  |               |    |
| ÓRÓI                               | kl. 10:10            | 10 |  |               |    |

**NÝTT Í BÍÓ!**

**750 kr.** ISLENSKT TAL

| SMÁRA BÍÓ         |                      |    | HÁSKÓLA BÍÓ        |                |    |
|-------------------|----------------------|----|--------------------|----------------|----|
| MACHETE           | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 | KIDS ARE ALLRIGHT  | kl. 8 - 10:15  | 12 |
| MACHETE LÚXUS     | kl. 10:20            | 16 | MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6          | L  |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3:40             | L  | INHALE             | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| INHALE            | kl. 6 - 8 - 10:40    | 16 | SOCIAL NETWORK     | kl. 6 - 9      | 7  |
| TAKERS            | kl. 10               | 16 | BRIM               | kl. 6 - 8      | 12 |
| SOCIAL NETWORK    | kl. 5:20 - 8 - 10:35 | 7  | EAT PRAY LOVE      | kl. 10         | L  |
| BRIM              | kl. 4 - 6            | 12 | <b>BORGAR BÍÓ</b>  |                |    |
| EAT PRAY LOVE     | kl. 8                | L  | MACHETE            | kl. 8 - 10     | 16 |
| AULINN EG 2D      | kl. 3:40             | L  | ÚTI ER ÆVINTÝRI 2  | kl. 6          | L  |
| AULINN EG 3D      | kl. 3:40             | L  | TAKERS             | kl. 10:15      | 16 |
|                   |                      |    | SOCIAL NETWORK     | kl. 8          | 7  |
|                   |                      |    | BRIM               | kl. 6          | 12 |

# Cliff Clavin gefur út plötu eftir mánaða tæknivesen

Cliff Clavin er ein af mest spennandi rokkhljómssveitum landsins. Hljómssveitin hefur sent frá sér plötuna **The Thief's Manual**, en ýmislegt tæknivesen tafði útgáfu plötunnar.



GEFA LOKSINS ÚT Arnar Rósenkranz Hilmarrson, Þórólfr Ólafsson, Bjarni Þór Jenson og Fannar Þórsson stofnuðu Cliff Clavin fyrir fjórum árum, en hafa nú loksins gefið út plötu.

„Þetta var eiginlega algjört rugl – keðjuverkun sem endaði með að taka allt of langan tíma,“ segir Bjarni Þór Jenson, söngvari hljómssveitarinnar Cliff Clavin.

Bjarni og félagar í Cliff Clavin hafa sent frá sér plötuna **The Thief's Manual**. Platan átti að koma út fyrir nokkrum mánuðum, en tæknilegir örðuleikar töfðu útgáfunna svo um munar. „Það var í rauninni ferlið eftir upptökurnar sem seinkaði plötunni,“ segir Bjarni. „Hún var mixuð á tveimur stöðum, fyrir vestan þar sem hún var tekin upp og í London. Það var alltaf eitthvað tæknivesen sem tafði.“

Cliff Clavin var stofnuð í Garðabæ fyrir fjórum árum. Hljómssveitin sendi frá sér lagið **Such Mistakes** árið 2007, sem vakti talsverða athygli. Næstu tvö lög, **Midnight Getaways** og **This is Where We Kill More Time** klifu hátt á vinsældarlista Xins 977 og festu hljómssveitina í sessi sem eina af mest spennandi hljómssveitum landsins.

**The Thief's Manual** var að mestu tekin upp í hljóðverinu Tankinum á Flateyri. Jolyon Vaughan Thomas hljóðblandaði plötuna, en hann er sonur Kens Thomas, sem hefur unnið með fjölmörgum íslenskum

hljómssveitum. „Hann er rosalega klár og hjálpaði okkur mikið í þessu tækniveseni,“ segir Bjarni. En verður næsta plata ekki bara tekin upp á segulband, til að forðast stafræna vesenið? „Ætli það ekki. Ég held að það sé

eina lausnin,“ segir Bjarni í léttrum dúr. Cliff Clavin heldur útgáfutónleika í kvöld á Sódómu. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og það kostar þúsund krónur inn. [atlifannar@frettabladid.is](mailto:atlifannar@frettabladid.is)

# Efnilegir gestir í Tjarnarbíói

Listahátíðin **Ungrlist** hefst á föstudaginn en hátíðin, sem er árviðburður á vegum Hins hússins, er nú haldin í nítjándu skipti. Í tengslum við hátíðina eru hér á landi fimm erlendar hljómssveitir sem eiga það sameiginlegt að hafa unnið keppni á borð við Músiktilraunir í heimalandi sínu. Það eru samtökin **Stage Europe Network** sem halda utan um allar þessar hljómssveitir en markmið samtakanna er að stuðla að virkri þátttöku ungs fólks í tónlist víðs vegar að um Evrópu. Blaðamaður Fréttablaðsins spjallaði við forsprakka hljómssveitanna í vikunni, en þær munu koma fram á tónleikum í Tjarnarbíó á föstudagskvöldið.

„Við ætlum að spila eitthvað ferskt,“ segir Elvin Usidame, söngvari hollensku hljómssveitarinnar **Hunting the Robot**, og kveðst spenntur fyrir tónleikumum. Margar þessara hljómssveita hafa gert það gott víðs vegar um Evrópu og fá nú tækifæri til að sanna sig á Íslandi. Það er því forvitnilegt að vita hvort þessir ungu tónlistarmenn hafi eitthvað kynnt sér íslenska tónlist og því svara þeir játandi. „Múm er í miklu uppáhaldi,“ segir Paul Trevor Robbins, bassaleikari norsku hljómssveitarinnar **World Service**, og bætir við að hann hlusti einnig mikið á Sigur Rós og Björk. Ásamt **Hunting the Robot** og **World Service** munu franska hljómssveitin **GERIKO**, pólska hljómssveitin **California**



FLOTTUR HÓPUR Margar erlendu hljómssveitanna hafa vakið athygli víðs vegar í Evrópu. Þær spila á tónleikum í Tjarnarbíói á föstudagskvöldið.

**Stories Uncovered** og þýska hljómssveitin **Kleinstadthelden** einnig koma fram. Hljómssveitirnar verða hér á landi í viku og taka þátt í dagskrá á vegum Hins hússins. Þær eiga meðal annarra verkefna að vinna að eigin útsetningu á laginu **Imagine** eftir John Lennon, en hópurinn er nú þegar búinn að sigla til Viðeyjar og skoða friðarsúluna sem reist var í minningu Lennons. Hljómssveitirnar **Of Monsters**

and **Men** og **The Assassin of a Beautiful Brunette** eru fulltrúar Íslandina á tónleikumum á föstudaginn, en þær eiga það sameiginlegt að hafa tekið þátt í Músiktilraunum í ár. Sú fyrrenfnda lenti í fyrsta sæti og sú síðarnefnda í því þriðja. Báðar íslensku hljómssveitirnar hafa verið í verkefnum erlendis á vegum **Stage Europe Network**. Tónleikarnir í Tjarnarbíói hefjast kl. 19.30 annað kvöld og það er ókeypis inn. -ka

**BÍÓ PARADÍS** CAFÉ BAR

|                                       |                     |
|---------------------------------------|---------------------|
| SUBMARINO                             | 20:10               |
| UPPERDOG                              | 22:10               |
| FESTEN (VEISLAN)                      | 18:10               |
| GITHO                                 | 18:30               |
| MEÐ HANGANDI HENDI (L)                | 18:20, 20:20        |
| ÁFRAM STELPURI (MADE IN DAGENHAM) (L) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| NORD VESTUR (SÍÐUSTU SYNINGAR) (L)    | 20:30               |
| AMÉRIKANINN (SÍÐUSTU SYNINGAR) (L)    | 22:20               |

ADGANGSKORT: ALLT AÐ 37% AFSLÁTTUR!

MEÐ STUDNINGI REYKJAVIKUBORGAR | WWW.BIOPARADIS.IS | MÍDLIS

# BESTU BYKO

# KAUPIN

ÞAÐ BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM



**ÓDÝRT**

**1.990**

Vnr. 55900147  
**Snjóskófla**  
Snjóskófla með  
tréhandfang, 26 cm.



**9.990**

Vnr. 65105780  
**Rafmafnsöfn**  
Rafmagnsöfn, 2000W, grár.

Allt fyrir  
veturinn á  
betra verði!



**8.900**

Vnr. 65105737  
**Hitablásari**  
Iðnaðarhitablásari,  
3,3kW, 240V.



**7.490**

Vnr. 93458278/83  
**Kuldagalli**  
TRANEMO kuldagalli,  
Navy. Stærðir: S-3XL.

**ÓDÝRT**

**Gerðu verðsamanburð! Gerðu verðsamanburð!**



**1.995**

Vnr. 497069016  
**Hálkueyðir**  
Hálkueyðir, 4 kg, dunkur.



**2.990**

Vnr. 65105770  
**Hitablásari**  
HELLER hitablásari, 2000W.



**500**

Vnr. 93990020-2  
**Vettlingar**  
WORKNIT NITRIL vetrarvettlingar.  
Stærðir: 8M, 9L eða 10XL





## ALLT FYRIR RJÚPNAVEIÐINA!

Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en þú heldur til rjúpnaveiða.

# VERTU KLÁR FYRIR RJÚPUNA



### REMINGTON 887 Nitro Mag SPS 3 1/2"

Veðurþolin haglabysa sem tekur upp í 3 1/2" skotfæri. Hlaupið er húðað með ArmorLokt™ og sérstakur púði dregur úr bakslagi. Góð byssa fyrir byrjendur og þá sem veiða við erfiðar aðstæður. Verð áður 99.900.

Verð **69.900** 11.650 léttgr. í 6 mán.



### REMINGTON Sportsman 11-87

12ga hálfjálfrirk haglabysa með skiptanlegum þrengingum. Gasskipt og gefur mýkra bakslag en bakslagsskiptar byssur. Traust og góð. Verð áður 169.900.

Verð **134.900** 22.483 léttgr. í 6 mán.



### BROWNING Phoenix Composite 28"

Browning Phoenix Composite fæst með 28 tommu hlaupi og skiptanlegum þrengingum. Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu frá Winchester. Verð áður 199.900.

Verð nú **149.900** 24.983 léttgr. í 6 mán.



### WINCHESTER og REMINGTON rjúpnaskot

Verð frá **1.190**



### Handblýs, rautt

Nauðsynlegt öryggistæki fyrir alla sem halda á veiðar.

Verð **2.267**



### ALLEN rjúpnaveiðivesti

Klæðnaður í skærum lit er mikilvægt öryggisatriði í skotveiði.

Verð **7.190**

Reykjavík  
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500  
Opíð mánudag–föstudag 10–18  
Laugardag 10–16

Akureyri  
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630  
Opíð mánudag–föstudag 8–18  
Laugardag 10–16

 **Ellingsen**  
– fullt hús ævintýra







THE  
NORTH  
FACE

***North Face dagar***

***20% afsláttur***  
***af öllum vörum frá The North Face***

***Gildir til mánudags***

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

**129. SÆTIÐ Á HEIMSLISTA ÁHUGAMANNA** í golfi er Ólafs Björns Loftssonar hjá Nesklúbbnum. Hann er efstur Íslendinga á listanum.

**3000. SÆTIÐ SKIPAR HINN UNGI** og efnilegi kylfingur úr GR, Guðmundur Ágúst Kristjánsson. Hann er næsthæstur Íslendinga á listanum.

## Besti árangur á HM frá upphafi

**Karllandsliðið í golfi náði frábærum árangri á heimsmeistaramóti áhugamanna sem er nýlokið í Argentínu. Liðið náði 19. sæti, sem er besti árangur karllands Íslands á mótinu frá upphafi.**

Íslenska liðið lék hringina þrjá á 447 höggum, sem skilaði 19. sætinu af 69 þjóðum. Nýkrýndir heimsmeistarar eru Frakkar, sem léku á 423 höggum. Sigur Frakka var í hættu fram á síðustu holu en Danir sóttu hart að þeim. Þeir enduðu í öðru sæti á 427 höggum. Í þriðja sæti urðu Bandaríkjamenn, sem spiluðu frábært golf á lokadeginum og komu inn á einu höggi undir pari þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Þeir luku leik á 428 höggum.

Ragnar Ólafsson, landsliðsvaldur í golfi, segir niðurstöðuna vera yfir settu markmiði sem var 20. sætið, en þeim árangri náði liðið í Berlín árið 2000. „Það er til marks um góðan árangur að liðið var aðeins tveim til þrem höggum frá því að ná inn á topp tíu. Þegar horft er til innbyrðisviðureigna Íslands kemur það sama í ljós. Við vorum að stríða Svíum og Finnum, sem við höfum löngum borið okkur saman við. Hér áður fyrr töpuðum við yfirleitt stórt fyrir Svíum en það er liðin tíð.“

Aðstæður voru erfiðar í Argentínu; mikill vindur, þrumuveður og rigning setti svip sinn á mótið frá upphafi og mótstjórn tók að lokum ákvörðun um að stytta mótið um einn hring. Ef skor keppenda er skoðað er augljóst að veðrið lék marga keppendur grátt. Hins vegar virðist rok og rigning ekki hafa sett eins mikið strik í reikninginn hjá íslenska liðinu, sem



**LANDSLIÐ ÍSLANDS** Ragnar Ólafsson landsliðsvaldur, Guðmundur Ágúst Kristjánsson, Ólafur Björn Loftsson og Hlynur Geir Hjartarson.

kemur golfurum hér kannski lítið á óvart.

Ragnar segir árangurinn undirstrika hversu sterk kynslóð golfara hafi verið að vaxa úr grasi á undanföllum árum. Það eigi alls engu síður við um stelpurnar.

„Það er auðvitað alltaf gleðilegt þegar lið spilar betur en áætlanir gera ráð fyrir. Við vorum með blöndu af reynsluboltum í Óla og Hlyni og síðan Guðmundi sem mun láta meira að sér kveða í framtíðinni,“ segir Ragnar. Heimsmeistaramótið nú var síðasta mót Hlyns sem áhugamanns, en hann mun á næstunni byrja að sinna golfkennslu og fleiru í föstu starfi. Í því tilliti, og því að Ólafur er ofarlega á heimslista áhugamanna, telur Ragnar að Guðmundur hafi öðlast dýrmæta reynslu þó að spilamennskan hafi ekki verið eftir væntingum. „Guðmundur er mikið efni en það eru mikil viðbrigði að fara úr unglíngagolfi og keppa við þá bestu í áhugagolfinu.“ Í einstaklingskeppninni náði Ólafur Björn 24. sæti en Hlynur Geir 31. sæti. Keppendur voru alls 207.

svavar@frettabladid.is

GOLF & HEILSA



### TPI hreyfigreining

**Magni M. Bernhardtsson**, kiropraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Hreyfigreining er góð aðferð til að átta sig á hvað er best að gera í vetur til að bæta sig líkamlega og auka þannig líkurnar á betri árangri næsta sumar, og minnka um leið líkurnar á meiðslum, segir Magni Bernhardtsson, kiropraktor hjá Kiropraktorstofu Íslands, sem hefur sérhæft sig í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

„Ef sömu meiðslin taka sig upp á hverju sumri er greinilega þörf á að athuga hvað er að gerast í líkamanum. Ég kalla verki oft gula spjaldið sem líkaminn er að gefa okkur; þá er best að hugsa sinn gang. Bólga í vöðvum og sinna festum er ekki eðlilegt ástand. Ef það ástand er langvarandi er nauðsynlegt að gera ráðstafanir. Golf-hreyfigreining fer þannig fram að einstaklingur er greindur eftir aðferðum sem Titleist Performance Institute hefur þróað með öllum þeim leikmönnum sem nota Titleist-golfboltann. Upphafsmáður TPI er Craig Rose kiropraktor, sem hannaði kerfið með þeirri hugsun að ákveðin hreyfigeta verði að vera til staðar svo að eðlileg golfsveifla sé möguleg. Það er staðreynd að liðir hafa upphaflega ákveðna hreyfigetu en með árunum og eftir slyss minnkar þessi hreyfigeta.“

Eftir að hreyfigreining hefur farið fram fær einstaklingurinn æfingamöppu með sér og leiðbeiningar um hvernig best er að framkvæma æfingarnar. Mikilvægt er að hver og einn fái þær æfingar sem eru bestar fyrir sig svo að hámarksárangur náist.“

Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.

### Úrslit á HM í Argentínu

#### Karlaflokkur

|     |              |     |     |
|-----|--------------|-----|-----|
| 1   | Frakkland    | -7  | 423 |
| 2   | Danmörk      | -3  | 427 |
| 3   | Bandaríkin   | -2  | 428 |
| 4   | Nýja-Sjáland | +5  | 435 |
| 5   | Skotland     | +6  | 436 |
| 6   | Írland       | +9  | 439 |
| 7   | Þýskaland    | +10 | 440 |
| J8  | England      | +11 | 441 |
| J8  | Belgía       | +11 | 441 |
| J8  | Kanada       | +11 | 441 |
| J11 | Svíss        | +12 | 442 |
| J11 | Kólumbía     | +12 | 442 |
| J13 | Suður-Kórea  | +15 | 445 |
| J13 | Noregur      | +15 | 445 |
| J13 | Svíþjóð      | +15 | 445 |
| J13 | Portúgal     | +15 | 445 |
| 19  | Ísland       | +17 | 447 |



### Stelpurnar náðu 42. sæti á HM

Íslenska kvennalandsliðið í golfi endaði í 42. sæti ásamt Brasilíu á heimsmeistaramótinu í Argentínu. Íslenska liðið lék samtals á 609 höggum. Signý Arnórsdóttir GK, Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK og Tinna Jóhannsdóttir skipuðu lið Íslands.

Lið Suður-Kóreu vann nokkuð öruggan sigur en það lék á 546 höggum; í öðru sæti varð bandaríska liðið á 563 höggum. Frændur okkar Svíar urðu í þriðja sæti ásamt Frökkum og Suður-Afríkumönnum á 573 höggum. - shá

### Hollráð Hinna

#### Veturinn nýttur

Ekki er úr vegi að velta fyrir sér hvað kylfingar geta gert yfir veturinn (annað en að fara til útlanda til að spila golf) til að bæta þekkingu sína í golfreglum. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur kylfingum að hafa eftirfarandi í huga:

„Það er ekki spurning að vetrarmánuðina ættu kylfingar að nota, fyrir utan það að æfa sveifluna, til þess að auka þekkingu sína á golfreglum.“

Í fyrsta lagi geta kylfingar tekið fram golfreglubókina og lesið sér til um atriði sem hugsanlega hafa þvælst fyrir þeim við golfleik á liðnu tímabili. Eða með öðrum orðum: Æfa sig í efnisyfirlitinu.

Einnig er hægt að fara á [www.randa.org](http://www.randa.org) en það er vefur Hins konunglega og forna golfklúbbs í St. Andrews. Þar er að finna flestar nýjungar sem koma fram hverju sinni varðandi golfreglurnar og áhugamannareglurnar, reglur um tæki og tól og svo auðvitað síðareglurnar.

Par er einnig að finna spurningaleik um reglurnar sem allir geta tekið þátt í og er skipt eftir getu: lágmarksþekking, miðlungs og lengra komnir. Þetta er tvímælalaust skemmtileg leið til að auka við þekkingu sína í reglum enda koma niðurstöðurnar strax.

Það sama má segja um vef bandaríska golfsambandsins [www.usga.org](http://www.usga.org) en þar má einnig finna spurningaleik og fréttir af nýjungum.

Á þessum vefum er einnig að finna almennar fréttir úr golfheiminum og því er bæði gaman og fróðlegt að skoða þessar síður og fylgjast með því sem er að gerast í heimi golfsins.

Það er því alveg ljóst að kylfingar þurfa ekki að leggjast í dvala og gleyma golfi/golfreglum þótt kólni og ekki sé auðvelt að spila.



**ALLT FYRIR VEIÐIMANNINN!**

**BYSSUSKÁPAR**  
Verð frá: **19.990**

**Maverick PUMPA 2<sup>3/4</sup> - 3"**  
49.990 (fullt verð 54.990)



Bildshöfða - Sími 585 7220 - OPIÐ ALLA DAGA

# PHILIPS

**EISA AWARD**  
Best Product  
2010-2011

GREEN TV  
Philips 42PFL6805

**UMHVERFISVÆNSTA  
SJÓNVARPIÐ  
LÁGMARKS ORKUNOTKUN**

**ÖRÞUNNT LED  
ENDURUNNIÐ ÁL**

**FJARSTÝRING  
MEÐ SÓLAR-  
RAFHLÖÐU**



**Philips 42PFL6805H**  
42" Full HD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 20w RMS Invisible hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB - MP3, VGA, 2x Scart, 4x HDMI, JPEG og Video afspilun, CI/CI+ lesara ofl.

**TILBOÐ**

**299.995**

**KYNNINGARTILBOÐ**



Pixel  
Precise HD



DVB-T  
TERRESTRIAL/CABLE

solar  
remote control



zero  
power switch



60%  
energy  
savings



**PHILIPS**  
PIXEL PLUS 100Hz  
32 TOMMUR

**Philips 32PFL5405H**  
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**

**129.995**

FULLT VERÐ 169.995



**PHILIPS**  
100Hz CLEAR LCD  
42 TOMMUR

**Vandaður  
Philips HDMI  
Gold kapall  
fylgir!**

**Philips 42PFL5405H**  
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**

**169.995**

FULLT VERÐ 249.995



**PHILIPS**  
AMBILIGHT BAKLÝSING  
32 TOMMUR



**Philips 32PFL7605H**  
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

**TILBOÐ**

**199.995**

FULLT VERÐ 229.995



**PHILIPS**  
HD NATURAL MOTION  
47 TOMMUR

**Philips 47PFL3605H**  
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

**TILBOÐ**

**219.995**

FULLT VERÐ 249.995




**PHILIPS**  
ÖRÞUNNT LED  
46 TOMMUR

**Philips 46PFL5605H**  
46" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**

**299.995**

FULLT VERÐ 349.995



**PHILIPS**  
PIXEL PRECISE HD  
46 TOMMUR



**Philips 46PFL7605H**  
46" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, DLNA vafra (Ethernet tölvutenging), USB, VGA, Scart, 4x HDMI, CI/CI+ lesara, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

**TILBOÐ**

**399.995**

FULLT VERÐ 449.995

**EISA AWARD**  
Best Product  
2010-2011  
BEST EUROPEAN LCD-TV  
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.



**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**  
**Eldsnöggð með Jóa Fel**

Jói Fel hefur sannarlega farið á kostum í sinni elleftu þáttaröð. Í kvöld mun Jói byrja á því að búa til einstaklega góða austurlenska kjúklingasúpu með hrísgrjónanúðlum. Því næst ber hann fram kryddlegna kjúklingabita sem fara svo á grillpönnu með fersku spergilkáli í hvítlauk og chili með kaldri sósu. Í eftirrétt býður hann svo upp á gömlu og góða bounty-tertuna með yndislegu súkkulaðikremi.



06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregni  
06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregni 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar 13.00 Heimur hugmyndanna 14.03 Á tónsviðinu 15.03 Útvarpsagan: Stormur 15.25 Bláur nótur í bland 16.00 Stöðgisfréttir 16.05 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins 21.00 Hvem kann segja fóruan vind? 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldins 22.15 Leikritakvöld útvarpsins: Þrjár álnir lands 23.30 Kvöldtónar 00.05 Næturtonar

**BBC** entertainment

12.40 The Weakest Link 13.25 Deal or No Deal  
14.00 Monarch of the Glen 14.50 Absolutely Fabulous 15.20 Absolutely Fabulous 15.50 My Family 16.20 Waterloo Road 17.10 The Weakest Link 17.55 Deal or No Deal 18.35 My Hero 19.10 Benidorm 19.40 Top Gear 20.30 Silent Witness 21.20 Top Gear 22.10 Come Dine With Me 22.40 Come Dine With Me 23.05 EastEnders 23.35 Silent Witness

**DR 1**

12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Grøn glæde  
12.55 Med hundespand til børnehaven 13.00 Hvad er det værd? 13.30 Stemmer fra Vollsrose 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Hjertefilmer Classic 15.30 Fillmore 15.50 Nik & Jan 16.00 Karlsson på taget 16.30 Ulands Fandango 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Aftenshowet 2. del 18.30 Danmarks Indsamlingen 2010 19.00 Sporløs 19.30 Fængslet 20.00 TV Avisen 20.25 Jersild Live 20.50 SportNyt 21.00 Hævet over mistanke 21.50 Livvagterne 23.40 Boogie Mix

**NRK 1**

12.50 Førveld 13.30 Tinas mat 14.00 NRK nyheter 14.10 Sjukehuset i Aidsfield 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Palme ved reises slutt 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førveld 17.40 Distriktsnyheter 18.45 Schrödingers katt 19.15 Sjøsprøyt 19.55 Distriktsnyheter 20.30 Debatten 21.30 Storbrynnatt 22.00 Kveldsnytt 22.15 Radioresepsjonen på TV 22.45 Nasjonalgalleriet 23.15 De ukjente

**SVT 1**

12.05 Flyttlasset går 12.35 Fråga doktorn 13.20 Uppdrag Granskning 14.20 Rebecca och Fiona 14.35 Hannah Montana 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Anslagstavlan 16.00 Kvinnan i mitt liv 16.15 Vem tror du att du är? 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mitt i naturen 19.30 Niklas Mat 20.00 Life 21.00 Debatt 21.45 Obamas fotograf 22.40 Veckans brott 23.40 Uppdrag Granskning

# Ekki láta peningana brenna upp!

## PENINGARNIR BRENNNA UPP INNI Í BÖNKUNUM

Peningar á veltu- og debetreikningum bankanna rýrna um 2,9 prósent á ári. Að S24 undanskildum eru vextir af peningum á slíkum reikningum nánast engir. Lausnin felst í að skipta við S24 eða binda peningana til nokkurra ára inni á verðtryggðum reikningum.

Samkvæmt úttekt DV 1. nóvember síðastliðinn rýrna peningarnir ef þú ert með þá á debetreikningi hjá öðrum banka en S24. Stattu vörð um peningana þína og kláraðu málið á S24.is til að fá hagstæðari vexti.

Sæktu um á [www.s24.is](http://www.s24.is) eða hringdu í 533 2424 til að fá nánari upplýsingar – og þú hagnast.



M.v. vaxtatöflu banka og sparisjóða þann 21.10.2010. Tekið er mið af fyrsta þrepi debetreiknings.

# Í EVRÓPUDEILDINN



Í KVÖLD KL 20:00

## LIVERPOOL – NAPOLI

ÞAD ER AUÐVELT  
AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á  
[STOD2.IS](http://STOD2.IS)





„Ég horfi aðallega á þætti á netinu. Þá horfi ég á Desperate Housewives, Gossip Girl og 90210. Svo er ég byrjuð að horfa á Mad Men, sem eru alveg frábærir.“

Pórhildur Porkelsdóttir, tískubloggari.

# Pissaði í kattasandinn sex ára gamall

„Kveikjan að bókinni var reglugerð sem átti að setja um lausagöngu katta í Árborg í sumar. Ég sagði mína skoðun á þessu á Facebook og út frá henni kviknuðu mjög fjórlegar og eldfimar samræður sem bókin er byggð á,“ segir Gunnar Theódór Eggertsson, sem hefur sent frá sér bókina Köttum til varnar. Í henni er að finna samræður um ketti og dýrahald almennt í borgum og þá eru í formálanum nokkrar reynslusögur Gunnars af kattahaldi, eins og þegar hann pissaði í kattasandinn sex ára.

Gunnar ákvað að athuga hvort útgefandinn Jóhann Páll Valdimarsson hefði áhuga á að gefa út verkið en stjórnarformaður JPV-forslagsins er kötturinn Randver. Endurskoðandinn er af sama kyni og heitir Breki og Jóhann Páll situr síðan sjálfur í stjórn Kattholts.

„Enda sagði ég við hann að það væri nánast heilög skylda hans að gefa bókina út,“ segir Gunnar, sem á engan kött um þessar mundir enda búsettur í París. Hins vegar eru foreldrar hans, þau Þórunn Valdimarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson, miklir kattaeigendur, raunar svo miklir að RÚV gerði frétt um kettina þeirra ellefu þegar Gunnar var sex ára.

Fréttir af illri meðferð á köttum rata reglulega á síður blaðanna og Gunnari fannst því tilvalið að afhenda forsvarsmönnum Kattholts fyrstu bókina, en allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til styrktar atvinnufélagsins. „Ég vissi að mér ætti eftir að breiða en ekki svona rosalega mikið. Það þarf að bæta aðstöðuna þarna verulega þannig að kettirnir geti farið út og fengið sér frískt loft,“ segir Gunnar. - fgg



STYRKIR KATTHOLT Gunnar Theódór afhendir Petrunu Sigurdardóttur í Kattholti fyrsta eintakið af Köttum til varnar. Kettirnir virðast sjálfir áhugasamir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn berast fréttir af frægðarför Yoko Ono og sonar hennar, Sean Lennon, til landsins á dögunum. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu skall hurð nærri hælum á Laugaveginum þegar listamaðurinn Ragnar Kjartansson var næstum því búinn að keyra Lennon niður. En þessi sonur eins merkasta tónlistarmanns allra tíma leit einnig við á Næsta bar þegar hann dvaldi í Reykjavík og samkvæmt sjónarvottum gekk hann ekki tómhentur út; tvær íslenskar stúlkur fylgdu honum út í nóttina sem var dimm, en örugglega ekkert sérstaklega köld...



Meira af Næsta bar. Þegar kvikmyndin Brim var frumsýnd þótti fréttæmt að Ólafur Darri, Víkingur Kristjánsson og Gísli Örn Garðarsson voru einu leikararnir sem komust á frumsýninguna. Stærsti hluti leikhópsins var nefnilega í London, þar sem Faust hefur gengið fyrir fullu húsi síðustu vikur. Nú er hópurinn kominn til landsins og biður ekki boðanna; það hefur nefnilega verið blásið til keppni í sjómanni á Næsta bar í kvöld þar sem þeir ætla að spreya sig – fær því myndin athyglina sem hún átti að fá þegar sams konar keppni var haldin í tilefni frumsýningarinnar. - afb



## KARL JÚLIÚSSON: Á LEIÐINI TIL SUÐUR-AMERÍKU Á FUND TOM HANKS OG JOHNNY DEPP

# Gerir aðra stórmmynd með Bigelow

„Þetta verður ekki mikið stærra en þetta,“ segir leikmyndahönnuðurinn Karl Júlíusson.

Karl er á leiðinni til Suður-Ameríku til að gera leikmynd fyrir kvikmynd Óskarsverðlaunahafans Kathryn Bigelow. Myndin gengur undir vinnuheitinu Sleeping Dogs en Johnny Depp og Óskarsverðlaunahafinn Tom Hanks munu að öllum líkindum leika aðalhlutverk. Bigelow hlaut Óskarinn á þessu ári fyrir kvikmyndina The Hurt Locker, sem Karl gerði einnig leikmyndina fyrir en þar breytti hann meðal annars Amman í Jórdaníu í Bagdad. Karl hlaut hin virtu Art Directors Guild verðlaun fyrir leikmyndina en það eru samtök leikmyndaönnuðnaðs í Bandaríkjunum. Karl varð að hafna tilboði frá góðvini sínum Baltasar Kormáki sem vildi fá hann í Contraband, Hollywood-myndina sína, með Mark Wahlberg og Kate Beckinsale.

„Ég er bara að biða eftir græna ljósinu og reikna með að fara af stað eftir tvær vikur. Ég hafði mikinn áhuga á að gera myndina með Balta en var því miður upptekinn,“ segir Karl í samtali við Fréttablaðið. Hann segir myndina vera samtímamynd, hún eigi að gerast á landamærasvæðinu hjá Paragvæ, Brasilíu og Argentínu og þetta verði svona „sígild og vitræn hasarmynd“, eins og hann kemst að orði. Bigelow hefur nú töluvert meira á milli handanna eftir velgengni The Hurt Locker, sem hlaut alls sex Óskarsverðlaun, en hún var gerð fyrir aðeins ellefu milljónir dala. Upphæðin að þessu ætti því að vera töluvert hærri.

Karl stígur þó varlega til jarðar, enda eru aðeins örfáir dagar síðan gjaldþrot kvikmyndarisans MGM var tilkynnt. „Hollywood-karlarnir fara að öllu með gát núna, menn eru varkárari en þeir hafa verið,“ segir Karl, sem reiknar með töluverðri vinnu í kringum myndina. „Það þarf alltaf að byggja eitthvað,“ segir hann en Bigelow hefur óskað eftir starfskröftum eiginkonu Karls, Áslaugar Konráðsdóttur, sem vann einnig að gerð The Hurt Locker.

freyrgjia@frettabladid.is

## Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP

Karl Júlíusson og Kathryn Bigelow hafa efnt til samstarfs fyrir næstu mynd hennar. Bigelow er eina konan sem hefur unnið Óskarsverðlaun fyrir leikstjórn, en mynd hennar The Hurt Locker sló rækilega í gegn. Aðalleikarar myndarinnar verða væntanlega þeir Tom Hanks og Johnny Depp.



## Manda á tímamótum

„Mér finnst tími til kominn að fara að elta nýja drauma,“ segir Marín Manda Magnúsdóttir, sem nýlega ákvað að selja netverslun sína, Baby Kompagniet.

Marín Manda segir nokkrar ástæður fyrir því að hún ákvað að selja fyrirtækið, en hún hefur rekið það í tæp fjögur ár. „Fyrir rúmlega hálfu ári tók ég við stöðu sem deildarstjóri barnadeildar Bahne-fatakeðjunnar hér í Kaupmannahöfn, en Bahne-keðjan er með mörg af betri barnafatamerkjum í dag. Samhliða nýja starfinu hef ég verið að reka Baby Kompagniet og sjá um börnin mín,“ segir Marín, en hún og danskur sambýlismaður hennar eiga tvö lítil börn.

„Ég er mjög ánægð með nýja starfið þrátt fyrir að vera að kafna í vinnu. Ég fann fyrir því hvað ég var farin að sakna þess að vinna með fólki, svo nú er ég tilbúin að stíga skrefið og finna arftaka Baby Kompagniet,“ segir Marín.

Marín segist vel geta hugsað sér að flytja til Íslands á næstu árum. „Ég er búin að búa í Kaupmannahöfn í rúmlega níu ár og á mína fjölskyldu hér. Undanfarið hef ég samt fengið meiri heimþrá en nokkurn tímann áður,“ segir Marín



LEITAR AÐ ARFTAKA Marín Manda leitast nú að arftaka netverslunarinnar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

en bætir við að útlendakaflanum í hennar lífi sé þó ekki alveg lokið. Þeim sem áhuga hafa á Baby Kompagniet er bent á að hafa samband við Marín á netfangið info@baby-kompagniet.dk. „Hver veit nema sá draumur leynist hjá einhverjum að fara í sjálfstæðan rekstur,“ segir Marín að lokum.

- ka

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sellóleikarinn Hildur Guðnadóttir og Ben Frost sjá um tónlistina í jólasýningu Þjóðleikhússins, Lé konungi. Hildur spilar í verkinu á hefðbundni selló en einnig á sína eigin rafmöggnuðu útgáfu af selló sem nefnist Halldorophone. Gripurinn þykir áhugaverður og verður forvitnilegt að fylgjast með Hildi, sem áður spilaði með hljómsveitinni múm, nota hljóðfærið í verkinu. - fb



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**  
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólinum**  
Lau 27.11. Kl. 13:00  
Lau 27.11. Kl. 14:30  
Sun 28.11. Kl. 11:00  
Sun 28.11. Kl. 13:00

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)  
Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn  
Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn  
Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn

**Fíasól** (Kúlan)  
Lau 6.11. Kl. 13:00  
Lau 6.11. Kl. 15:00  
Sun 7.11. Kl. 13:00  
Sun 7.11. Kl. 15:00  
Lau 13.11. Kl. 13:00

**Hænuungarnir** (Kassinn)  
Fim 4.11. Kl. 20:00  
Fös 5.11. Kl. 20:00  
Lau 6.11. Kl. 20:00  
Fim 11.11. Kl. 20:00

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)  
Mið 3.11. Kl. 19:00 Aukas.  
Sun 7.11. Kl. 19:00  
Mið 10.11. Kl. 19:00

**Gerpla** (Stóra sviðið)  
Fim 4.11. Kl. 20:00  
Lau 13.11. Kl. 20:00

**FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“** GB, Mbl

# SÖGUR ÚTGÁFA

Kokkalandslíðið eldar

## BÝÐUR Í ÚTGÁFUGLEÐI Í EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KL. 17

Höfundar lesa úr verkum sínum



Einfaldlega frábær glæpasaga



Ný og spennandi höfundur




Töfrheimur fyrir íslenska smásagnauðmenn



Hvað er mikilvægt í lífinu?



Hér eftir verður lífið í eldhúsinu sem dýrlegt ævintýr



Kennt skref fyrir skref hvernig öll vinna við snið og saumaska fer fram



Ein vinsælasta sjónvarpsþáttaröð allra tíma, loksins á DVD

Lestur er undirstaða alls náms

GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL

Bókatíðindi koma út 15. nóvember.





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Ljósmyndir og slides á CD eða DVD  
10% afsláttur í nóvember!

Verð áður 79kr.  
Verð nú 71kr!

**Gagnvirkni**  
www.gagnvirkni.is - Hamraborg 1, Kópavogi - 517-4511

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Næg verkefni hjá RÚV

**Pórhalli Gunnarssyni** virðist ætla að ganga illa að segja skilið við Ríkisútvarpið. Frægt varð þegar hann hætti óvænt sem dagskrárstjóri Sjónvarpsins og ritstjóri Kastljóssins í byrjun árs en skömmu síðar dúkk-aði hann aftur upp sem umsjónarmaður Kastljóssins á föstudögum. Í haust hófu göngu sína nýir viðtalsþættir Pórhalls sem kallast Návígi en þar með er ekki allt upp-talið. Pórhalli hefur nú verið falið að stýra ráði sem móta á framtíðar-stefnu Rásar 2 en



við þá vinnu nýtur hann meðal annars ráðgjafar Ólafs Páls Gunnarssonar og Margrétar Marteinsdóttur. Bíða margir nú spennir eftir því að sjá hvaða verkefni bíða Pórhalls næst í Efsta-leitinu því hann sýnir lítið farar-snið á sér.

### Skyldi hann láta sjá sig?

Meðal þingmanna á Norðurlanda-ráðsþingi er **Jenis av Rana**, fær-eyski þingmaðurinn sem neitaði að sitja til borðs með hjónakornunum Jóhönnu Sigurðardóttur og Jónínu Leósdóttur í kvöldverði þegar þær komu til Færeyja í haust, vegna kynhneigðar þeirra. Í kvöld býður íslenska ríkisstjórnin þáttakendum þingsins til kvöldverðar í Listasafni Íslands. Skyldi Jenis láta sjá sig þar? Fari svo að Jenis mæti, þá er spurning hvað aðrir þinggestir gera, og þá sérstaklega danski þingmað-urinn Mogens Jensen. Hann hefur nefnilega skorað opinberlega á alla fulltrúa Norðurlandaráðs að sniðgangi Jenis af Rana og setjast ekki til borðs með honum í kvöld-verði, nema hann hafi fyrst beðið Jóhönnu afsökunar á framferði sínu í Færeyjum.



- hdm, gb

### Mest lesið **VISIR.IS**

- 1 Auður: Hátterni Jóns Gnarr í ætt við einelti
- 2 Íranska konan hengd í dag
- 3 Mike Tyson millilenti á Íslandi
- 4 Gos gæti verið hafið
- 5 Lenti í slysi og missti vinnuna í kjölfarið

Ljósmyndir og slides á CD eða DVD  
10% afsláttur í nóvember!

Verð áður 79kr.  
Verð nú 71kr!

Myndbönd yfir á DVD eða flakkara

Verð frá 1495kr.

8mm filmur á DVD eða flakkara

Verð frá 1200kr.

**Gagnvirkni**  
517-4511 - Hamraborg 1, Kópavogi  
Nánari verðskrá á: www.gagnvirkni.is

**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

**HUGO**  
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI  
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI  
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 18  
LAUGARDAGA  
FRÁ KL. 11 TIL 17  
SUNNUDAGA  
FRÁ KL. 13 TIL 17

Troðfull  
verslun af  
merkjavöru

40% -  
60%  
afsláttur  
af öllum vörum



Herra  
taggerinn  
outlet

líka fyrir konur

**FRÁBÆR  
TILBOÐ!**

**FRAKKAR**



VAN KOLLEM  
MADISON PARK • NY

VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~

MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR

**VERÐ NÚ KR. 35.988**

**ÚTIJAKKAR**

FINUCCI  
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.980 & 44.980~~

MARGAR GERÐIR

**VERÐ NÚ KR. 23.988 & KR. 26.988**

**SKYRTUR**

FINUCCI  
collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~11.980~~

MARGAR GERÐIR

**VERÐ NÚ KR. 7.188**

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)